

**SKOÐUN** Jón Viðar Matthíasson slökkviliðsstjóri rifjar upp Brunann mikla 1915. 19



**MENNING** Frumsýning á Peggy Pickit sér andlit guðs í Borgarleikhúsinu í kvöld. 28



**LÍFIÐ** Tökur á erlendum þáttum með íslenskum leikurum í fullum gangi. 46



**SPORT** Úrslitin í Dominosdeild kvenna hefjast í Hólminum í kvöld. 40

FLUGFÉLAG FÓLKSINS
WOW air

# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Miðvikudagur**
22. apríl 2015
93. tölublað 15. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl-júní 2014

## MARKAÐURINN



### Þrefalt fleiri bílar

Fjöldi bílaleigubíla hefur næstum þrefaldast á innan við áratug enda nýta 36 prósent ferðamanna bílana. Stærstu bílaleigurnar kaupa nýja bíla fyrir milljarða árlega. Forstjóri Hölds segir að verkföll gætu eyðilagt sumarið í ferðaþjónustunni.

## FRÉTTIR



### Handtekinn á Ítalíu

Skipstjóri flóttamannabáts sem hvolfdi á Miðjarðarhafinu hefur verið handtekinn á Ítalíu ásamt manni úr áhöfn hans. Hann sigldi bát sínum beint á björgunarskip. 12

**Vilja vopna alla lögreglumenn** Í nýrri greinargerð er sagt nauðsynlegt að endurnýja óeirðabúnað lögreglu. Vá sem ekki er til, segir Birgitta Jónsdóttir, þingkona Pírata. 2

**Kallar á nýja þjóðarsátt** Án víðtækrar sáttar verður niðurstaða kjarasamninga brotakennd og lítt til gagns, segir Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra. 4

**Vill viðræður við Breta** Formaður atvinnuveganefndar þingsins vill hefja viðræður við Breta um mögulega lagningu sæstrengs milli landanna. 10




18

## 3 SÉRBLÖÐ

Markaðurinn | Grænn apríl | Fólk






**ÓVENJULEG SJÓN** Þessir gullfallegu en jafnframt framandi svörtu svanir spígsporuðu við Vík í Mýrdal í gær þegar ljósmyndara bar að garði. Svartir svanir, sem upphaflega komu frá Ástralíu og Nýja-Sjálandi, hafa verið árlegir gestir hingað til lands síðustu árin en það er sjaldgæfara að þeir flækist hingað í pörum. Í lok mars sást til tveggja svartra svana við Dyrhólaey. Ekki er vitað hvort þetta eru sömu svanirnir þó það sé líklegra en hitt. Gaman væri ef parið yrpi hér á landi í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/FRIÐRIK ÞÓR

# Verðtrygging áfram en tímalengd breytt

Ekki er unnið að afnámi verðtryggingar í fjármálaráðuneytinu, þrátt fyrir orð forsætisráðherra um annað. Lenging lágmarkstíma verðtryggðra lána í tíu ár og stytting úr 40 í 25 ár er til skoðunar. Mögulegt er að frumvarp komi fram í haust.

**STJÓRNMÁL** Ekki stendur til að afnema verðtrygginguna heldur lengja lágmarkstíma verðtryggðra lána og stytta hámarkstíma þeirra. Unnið er að frumvarpi um verðtryggingu í fjármálaráðuneytinu. Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra segir ekki hafa verið lagt upp með afnám verðtryggingar heldur að auka vægi óverðtryggðra lána.

„Við höfum verið að ræða ákveðna hluti, eins og til dæmis hvort rétt væri að lengja lágmarkstíma verðtryggðra lána, sem eru í dag verið að lágmarki í fimm ár. Það hafa komið fram hugmyndir í þessum hópi um að fara með það upp í tíu ár, þannig að það verði ekki veitt skammtímalán, það er að segja lán til allt að tíu ára, sem eru verðtryggð. Þetta er eitt atriðið.

Annað var að taka til skoðunar hvort við ættum að þrengja að 40 ára verðtryggðum jafngreiðslulánum og fara með þau niður í 25 ár. Það getur gert ákveðnum hópum erfiðara fyrir að standast greiðslumat og fá lán og það þarf að gera sér vel grein fyrir því og tímasetja slíkar aðgerðir vel miðað við stöðuna á húsnæðismarkaðnum, en það er svona hitt atriðið sem við höfum verið að skoða.“ Aðspurður ítrekar Bjarni að ekki sé unnið að því að banna verðtryggð lán. „Nei. Í hvorugu tilvikinu erum við að ræða um það.“



BJARNI BENEDIKTSSON

Bjarni segir að skoða þurfi hvaða lán það eru sem falla á milli fimm og tíu milljóna. „Það hafa kannski verið einhver bílalán og slík lán, neytendalán. Hins vegar er mjög algengt að það séu tekin 40 ára verðtryggð jafngreiðslulán og það gæti haft talsverð áhrif á markaðinn að gera slíka breytingu. Um það er rætt í skýrslunni,“ segir Bjarni og vísar til skýrslu starfshóps um verðtrygginguna. Skoða verði hvort breytingin gæti leitt til minni eftirspurnar eftir húsnæði.

Ólíklegt er að frumvörp um verðtryggingu komi fram á þessu þingi, en þau nást mögulega fram í haust. „Ég ætla ekkert að fullyrða um það fyrr en við höfum lokið vinnunni og farið með það í gegnum ríkisstjórn og náð samstöðu um að stíga þau skref,“ segir Bjarni.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra sagði í Fréttablaðinu í gær að vinna fjármálaráðuneytisins við afnám verðtryggingar gengi vel. - kóp

Skortur á hjúkrunarrýmum:

## Tveir milljarðar fara í súginn

**HEILBRIGÐISMÁL** Rúmir tveir milljarðar fara í súginn á ári vegna lélegrar nýtingar opinbers fjár. 78 eldri borgarar liggja á Landspítalanum af því að þeir komast ekki á hjúkrunarheimili eða fá ekki heimahjúkrun. Páll Matthíasson, forstjóri Landspítalans, bendir á að pláss á spítalanum kosti hundrað þúsund krónur á dag en pláss á hjúkrunarheimili kosti aðeins tuttugu þúsund. - kbg / sjá síðu 6

Stefnt á skráningu 2016:

## Kaupa allan hlut FSÍ í Advania

**VIÐSKIPTI** Aðaleigandi Advania, AdvInvest, hefur samið við Framtakssjóð Íslands um kaup á öllu hlutafé sjóðsins í fyrirtækinu. Þá kveður samkomulagið á um að öðrum hluthöfum verði boðið að selja hlut sinn á sömu kjörum.

Jafnframt er stefnt að skráningu Advania í Kauphöll Íslands árið 2016 og í kjölfarið verður félagið skráð í kauphöllinni í Stokkhólmi. - jhh / sjá Markaðinn



## VEÐUR




**Í dag** er spáð vestan 10-18 m/s og víða rigningu eða slyddu snemma dags. Heldur hægari vindur síðdegis. Léttskýjað sunnan- og austanlands, annars skýjað með köflum. Hiti 2 til 10 stig, hlýjast suðaustan til. Frystir fyrir norðan og austan.

SJÁ SÍÐU 26

Síldarvinnslan tók á móti 138 þúsund tonnum af loðnu á vertíðinni:

# Loðnan gaf um 27 milljarða

**SJÁVARÚTVEGUR** Reikna má með að verðmæti loðnu sem veiddist á nýliðinni vertíð og var unnin hér nemi um 27 milljörðum króna. Alls var úthlutað 393 þúsund tonnum til íslenskra loðnuskipa á vertíðinni og náðust 353 þúsund tonn á land.

Þetta kemur fram á vef Síldarvinnslunnar í Neskaupstað þar sem vertíðinni er lýst sem góðri en óvenjulegri og erfiðri. Göngumynstur loðnunnar var óvenjulegt, hún þétti sig seint og illa og veðurfarið var með erfiðara móti.

Skip Síldarvinnslunnar veiddu rúm 51.000 tonn en fyrirtækið tók á móti 138.230 tonnum af loðnu á vertíðinni. Eru þetta viðbrigði frá síðustu vertíð þegar Síldarvinnslan tók á móti 45.000 tonnum.

Alls voru fryst 12.105 tonn af loðnu og loðnuhrognum fyrir ýmsa markaði á vegum Síldarvinnslunnar. Fiskimjölsverksmiðjur Síldarvinnslunnar í Neskaupstað, á Seyðisfirði og Helguvík tóku samtals á móti 124.151 tonni af loðnu á vertíðinni. - shá



**NORÐFJARÐARHÖFN** Skip Síldarvinnslunnar veiddu 51.000 tonn. MYND/KRISTÍNSVANHVÍT

HB Grandi og VA semja:

# Starfsmenn fá bónusgreiðslur

**KJARAMÁL** Verkalýðsfélag Akraness og HB Grandi hafa náð saman um hækkun bónusgreiðslu starfsmanna HB Granda.

Laun almennra starfsmanna hækka um 9 til 18 prósent. Munurinn skýrist af hærri greiðslum vegna lengri starfsaldurs. Verkalýðsfélag Akraness fagnar samkomulaginu og að HB Grandi vilji deila góðri afkomu með starfsfólki sínu. Samkomulagið sé hins vegar alls ótengt yfirstandandi kjaraviðræðum. - srs



**LEIKSKÓLABÖRN** Hópur barna söng lög Tryggva M. Baldvinssonar. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Fimmta Barnamenningarhátíðin var sett í Hörpu í gær:

# Hátíð sem líka er fyrir unglinga

**MENNING Reykvísk leikskólabörn ásamt forskólanemendum í Tónskóla Sigursveins komu saman í Eldborgarsal Hörpu í gær og sungu lög Tryggva M. Baldvinssonar tónskálds í tilefni af upphafi Barnamenningarhátíðar sem stendur til sunnudags.**

**„Við leggjum áherslu á að þetta sé vettvangur fyrir börn til að vera þátttakendur í að skapa en þau séu ekki bara áhorfendur,“ segir Sigríður Dögg Guðmundsdóttir, kynningarstjóri hátíðarinnar. Öll dagskrá hátíðarinnar er ókeypis, fyrir alla aldurshópa og opin öllum. „Margir halda að þetta sé bara fyrir lítil börn en á dagskránni er hægt að finna eitthvað fyrir alla, líka unglinga,“ ítrekar Sigríður.** - sgg

Gröndalshús aftur í borgina:

# Flutt aftur á Vesturgötuna

**REYKJAVÍK** Í dag verður sögufrægt hús, Gröndalshús, flutt að Vesturgötu 5b þar sem gerður hefur verið nýr grunnur fyrir húsið.

Gröndalshús var flutt frá Vesturgötu 16b um miðjan janúar 2010 og var ytra byrði þess endurgert í upprunalegri mynd á verkstæði úti á Granda.

Gröndalshús á sér yfir 130 ára sögu. Það var byggt árið 1881 af Sigurði Jónssyni járnsmið en árið 1888 eignaðist Benedikt Gröndal það og eftir það var húsið kennt við hann. - kbg

Tveir bílar skullu saman:

# Lést í árekstri í Grímsnesi

**SLYS** Maður lést eftir að fólksbíll sem hann ók lenti í árekstri við jeppling á Biskupstungnabraut skammt austan við Borg í Grímsnesi um klukkan tvö í gærdag.

Maðurinn, sem var einn í bílnum, var fluttur með þyrlu á slysadeild Landspítalans í Fossvogi.

Hjón í jepplingnum voru flutt með sjúkrabíl á heilsugæslustöðina á Selfossi til skoðunar. Þaðan voru þau flutt áfram á slysadeild Landspítala. Þau slösuðust ekki alvarlega í árekstrinum, að því er fram kemur í tilkynningu lögreglu. - sa

# Vilja geta vopnað alla lögreglumenn

Í greinargerð segir að endurnýja þurfi óeirðabúnað lögreglu. Mikilvægt sé að vopna lögreglumenn á landsbyggðinni. Kaupa þurfi á fjórða hundrað skotvopna. „Verið að skrifa skýrslur um vá sem er ekki til,“ segir Birgitta Jónsdóttir, þingkona Pírata.

**LÖGREGLUMÁL** Hlífðarbúnaður lögreglumanna sem starfa við mannfjöldastjórnun er að meginhluta úr sér genginn og þarf að endurnýja hann sem og margvíslegan búnað sérsveitar ríkislögreglustjóra sem er áratugagamall og þarfnast endurnýjunar. Þetta er mat höfunda greinargerðar um eflingu viðbúnaðar lögreglunnar.

Birgitta Jónsdóttir, þingkona Pírata, gagnrýnir greinargerðina og segist frekar vilja nýta fjármagn til að fjölga óbreyttum lögreglumönnum í lögregluliðum landsins en til kaupa á búnaði fyrir sérsveitarmenn. „Við erum að sjá á landinu mjög fáa lögreglumenn með starfsskyldur á allt of stóru svæði. Ég væri til í að fjölga lögreglumönnum og veita mönnum þá meiri hvíld og öryggi,“ segir Birgitta.

Höfundar greinargerðarinnar eru Jón Bjartmarz yfirlögregluþjónn, Guðmundur Ó. Þráinsson aðstoðaryfirlögregluþjónn og Ásgeir Karlsson aðstoðaryfirlögregluþjónn. Segjast þeir, í greinargerðinni, vilja kaupa á fjórða hundrað skotvopna fyrir lögregluið landsins.

Að mati höfunda er nauðsynlegt að geta vopnað alla vakthafandi lögreglumenn hjá lögregluliðum utan höfuðborgarsvæðisins með hríðskotarifflum. Lágmarksbúnaður fyrir lögreglusveitir á landsbyggðunum er að þeirra mati tvær skammbyssur, tveir hríðskotarifflar, tvö skotheld vesti, skothjálmar og skotskildir til að bregðast við vopnamálum, eins og það er orðað í skýrslunni. „Óforsvaranlegt er að senda óvopnaða lögreglumenn í slík verkefni,“ segir í skýrslunni. Kostnaður við æskileg búnaðarkaup er á annað hundrað milljónir króna.

Telja lögreglumenn líkur á vopnuðum hryðjuverkum á Íslandi hafa aukist undanfarin ár líkt og í hinum vestræna heimi. Af þeim sökum þurfi að efla viðbúnað lögreglunnar. Þessu er Birgitta ósammála. „Það er oft verið að skrifa skýrslur um vá sem er ekki til þar sem verið er að búa til grýlur úr einhverju sem við eigum ekki að hafa áhyggjur af. Það sem ógnar stöðugleika á Íslandi er frekar menn eins og Kristján Loftsson sem gulltryggir verkfall stórra hópa. Ég hef meiri áhyggjur af því,“ segir Birgitta.



**BÚSÁHALDABYLTINGIN** Að mati skýrsluhöfunda er búnaður íslensku lögreglunnar til mannfjöldastjórnunar líkt og í búsáhaldabyltingunni úr sér genginn og þarfnast endurnýjunar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**Það sem ógnar stöðugleika á Íslandi er frekar menn eins og Kristján Loftsson sem gulltryggir verkfall stórra hópa. Ég hef meiri áhyggjur af því.**

*Birgitta Jónsdóttir, þingkona Pírata.*

sveinn@frettabladid.is




Morsi, fyrrverandi Egyptalandsforseti, dæmdur í tuttugu ára fangelsi:

# Réttarhöldin sögð skrípaleikur

**EGYPTALAND** Mohammed Morsi, fyrrverandi forseti Egyptalands, var dæmdur í tuttugu ára fangelsi í Kaíró í gær. Tólf aðrir félagar hans úr Bræðralagi múslima fengu einnig 20 ára fangelsi.

Dómurinn hefur vakið hörð viðbrögð víða um heim, ekki síst af hálfu mannréttindasamtaka á borð við Amnesty International. „Þessi dómur tætir niður allt sem eftir lifði af þeirri blekkingu að kerfi sakamála í Egyptalandi sé óháð og óhlutdrægt,“ segir Hassiba Hadj Sahraoui, aðstoðarframkvæmdastjóri Amnesty International í Mið-Austurlöndum og Norður-Afríku.

Morsi var sakfelldur fyrir að hafa látið handtaka og pynta mótmælendur fyrir utan forsetahöllina í Kaíró í desember 2012. Fjölmenn mótmæli gegn Morsi stóðu þá yfir og kom oft til átaka við lögreglu og her. Morsi á enn yfir höfði sér refsingu í þremur öðrum sakamálum.

Morsi var kosinn forseti Egyptalands árið 2012, og varð þar með fyrsti lýðræðislega kjörni forsetinn í sögu landsins. Hann ríkti í eitt ár, eða þangað til herinn steypti honum af stóli í júlí árið 2013. - gb



**MOHAMMED MORSI** Fyrsti lýðræðislega kjörni forseti landsins í réttarsalnum í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Toyota **FLEX**

# Aktu nýrri Toyota bifreið á 2–3 ára fresti

TOYOTA

ALWAYS A **BETTER** WAY

## Innborgun

## Tryggt framtíðarvirði

## Eftirstöðvar



Þú velur hvað þú vilt borga mikið inn á Toyota FLEX samninginn, minnst 10% og mest 30% af verðlistaverði.

Söluaðili skilgreinir hvert lágmarksvirði bílsins á að vera við lok Toyota FLEX samningstímabils.

Fastar greiðslur á samningstímanum miðast við eftirstöðvarnar og vextina af Tryggðu framtíðarvirði.

Kostir Toyota FLEX eru ótvíræðir: lág innborgun, Tryggt framtíðarvirði og fastar mánaðargreiðslur.

Þú stýrir ferðinni. Við lok samningstímans velur þú um að eiga bílinn áfram, skila honum eða endurnýja samninginn með nýjum bíl.

Kynntu þér Toyota **FLEX** hjá næsta viðurkennda söluaðila Toyota á Íslandi eða á **toyota.is/flex**

5 ÁRA ÁBYRGÐ

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

## SPURNING DAGSINS



Valgeir, eruð þið á kafi í vinnu?

**„Við höldum okkur á floti.“**

Vaðlaheiðargöng eru full af vatni austanmegin og enn flæðir heitt vatn upp á yfirborðið Eyjafjarðarmegin. Valgeir Bergmann, framkvæmdastjóri Vaðlaheiðarganga hf., hefur sagt starfsmenn bíða átekta.

Verkfallsaðgerðir Starfsgreinasambandsins hefjast á fimmtudag í næstu viku. 95% samþykktu verkfall:

# 10 þúsund félagsmenn SGS fara í verkfall

**KJARAMÁL** Verkfallsaðgerðir rúmlega 10 þúsund félagsmanna Starfsgreinasambands Íslands (SGS) hefjast í næstu viku.

Um 95 prósent félagsmanna SGS samþykktu aðgerðirnar í atkvæðagreiðslu sem hafði þá staðið í eina viku. Kjörsókn var rúmlega 50 prósent.

„Við fögnum þessari kjörsókn. Verkföll eru alltaf síðasta úrræðið og við vonum að það náist að semja fyrir 30. apríl. Þó getum við ekki verið of vongóð miðað við það sem komið hefur frá fulltrúum Samtaka atvinnulífsins. Þá skiptir máli að niðurstaðan í kosningunni var skýr, félagsmenn eru tilbúnir í verkfall,“ segir Björn Snæbjörnsson, formaður SGS.



BJÖRN SNÆBJÖRNSSON

Verkfall félagsmanna SGS hefst því fimmtudaginn 30. apríl og stendur fyrst um sinn yfir í hálfan sólarhring, frá hádegi til miðnættis. Eftir það taka við regluleg sólarhringsverkföll þar til ótímabundið verkfall hefst 26. maí. Ljóst er að verkföllin munu hafa mikil áhrif á fjölda vinnustaða um land allt. **- fbj**

### ➜ Tímasetningar verkfallsaðgerða:

**30. APRÍL** Allsherjar vinnustöðvun frá klukkan 12.00 á hádegi til miðnættis sama dag.

**6. MAÍ** Allsherjar vinnustöðvun frá miðnætti til miðnættis (allur 6. maí).

**7. MAÍ** Allsherjar vinnustöðvun frá miðnætti til miðnættis (allur 7. maí).

**19. MAÍ** Allsherjar vinnustöðvun frá miðnætti til miðnættis (allur 19. maí).

**20. MAÍ** Allsherjar vinnustöðvun frá miðnætti til miðnættis (allur 20. maí).

**26. MAÍ** Ótímabundin vinnustöðvun hefst á miðnætti aðfaranótt 26. maí.



**KJÖTVÖRUR** Gjaldið ólöglega nemur háum fjárhæðum. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Ráðuneytið svarar ekki:

## Segja að tafir kosti fólk stórfé

**SAMKEPPNISMÁL** „Dómurinn féll 17. mars og við ítrekuðum niðurstöðu dómsins í bréfi til ráðuneytisins 23. mars og aftur 31. mars, en þau hafa ekki veitt nein svör,“ segir Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda (FA), um erindi félagsins til atvinnuvegaráðuneytisins vegna útboðsgjalds sem héraðsdómur dæmdi ólöglegt í mars.

„Ráðuneytið er vísvitandi að skerða hag neytenda og rétt fyrirtækja með hverjum deginum sem líður,“ segir Ólafur. Tafir á endurgreiðslu ólögmæts útboðsgjalds til innflytjenda á landbúnaðarvörum gæti kostað neytendur hundruð milljóna króna, segir í nýju bréfi FA til ráðuneytisins. **- srs**

### ATHUGASEMD

Vegna fyrirsagnar fréttar um rannsóknir Veiðimálastofnunar laugardaginn 18. apríl vill Jóhannes Sturlaugsson, hjá Laxfiskum, koma á framfæri að missagt hafi verið í fyrirsögn að Veiðimálastofnun hefði fyrst allra kortlagt sjávardvöl laxa í heild sinni. Fyrstu slíku samfelldu mæliferlarnir yfir dýpið sem laxar halda sig á og yfir sjávarhitann hverju sinni á ferðum Atlantshafslaxins í úthafinu og ferðum hans úr ánni til og frá þeirri ætisslóð, hafi fengist sumarið 2005 frá merkingum rannsóknafyrirtækisins Laxfiska á hoplöxum og gönguseiðum. Hins vegar er rétt sem fram kom að fyrstu ársferlar yfir slíka mæliþætti fengust ári síðar frá rannsóknum Veiðimálastofnunar. Það var í fyrsta sinn sem öll sjávardvöl laxa sem skila sér líka að smálaxar var skráð.

# Kallar eftir nýrri þjóðarsátt

Fjármálaráðherra kallar eftir samstæðri kröfugerð frá verkalýðshreyfingunni. Án víðtækrar sáttar verði niðurstaða kjarasamninga brotakennd og lítt til gagns. Segir ríkisstjórnina mögulega hafa átt að bregðast fyrr við.

**KJARAMÁL** Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra segir nauðsynlegt að fá sameiginlegan ramma fyrir þær kjaradeilur sem nú eru í gangi. Hann kallar eftir þjóðarsátt.

„Við erum bæði með samninga á almenna markaðnum og opinbera markaðnum opna um þessar mundir og það virðist sem það eina sem gæti komið til bjargar, ef svo mætti orða það, við þessar aðstæður, er að menn sameinist um að leggja sameiginlega upp með ramma, einhvers konar þjóðarsátt, um tiltekin grundvallaratriði. Vonandi tekst okkur að gera það. Ég ætla ekkert að segja, að þó staðan sé alvarleg eins og hún blasir við okkur núna, að það sé ekki hægt.“

Spurður hvort ríkisstjórnin þurfi að sýna frumkvæði í því segir Bjarni fjölda funda hafa verið haldinn og margoft hafi komið fram að stjórnin sé tilbúin til ýmissa aðgerða, til dæmis sem snerti húsnæðismál, skattamál, bótakerfin eða aðra þætti sem kallað hefur verið eftir. Ríkisstjórnin sé því ekki fyrirstaða. En þurfa stjórnvöld ekki að stíga markviss skref til að ná þeirri sátt sem hann kallar eftir?

„Það þarf að gerast. Það þarf að takast slík breið samstaða. Það þarf að skapa nýja sátt um ákveðin grundvallaratriði, ella erum við með brotakennda niðurstöðu sem ég hef því miður ekki mikla trú á að verði til gagns.“

En var ekki löngu ljóst að launafólk mundi fara fram á umtalsverðar kjarabætur í þessum samningum, hefði ríkisstjórnin getað brugðist fyrr við og haft meira samráð við aðila vinnumarkaðarins?

„Það má vel vera að menn hefðu átt að standa þéttar saman í aðdraganda þess að kjarasamningar renna út, en það breytir því þó ekki að í fyrra mældist kaupmáttur ráðstöfunartekna sá mesti sem hann hefur verið í sögunni, þannig að ef óþolinmæði fólks er einni um að kenna ætti það svo sem að hafa slegið eitthvað á væntingarnar.

Ég held að málið sé reyndar miklu, miklu flóknara en það að það snúist bara um að fólk vilji fyrr sjá eitthvað koma til sín. Ég held að það sem við stöndum frammi fyrir núna snúist líka að verulegu leyti um kjarasamningsmódelið, um rammann fyrir vinnulöggjöfina og kjaraviðræður á Íslandi,“ segir Bjarni.

Hann segir breytingar hafa orðið í þá veru að nú vilji enginn ganga frá samningum af ótta við að aðrir beiti ýtrustu úrræðum til að fá eitthvað enn meira.

„Það skortir alla samstöðu, það er enginn samhljómur í kröfugerðinni.“

kolbeinn@frettabladid.is



**SAMSTÖÐU SKORTIR** Bjarni Benediktsson segir skorta alla samstöðu og samhljóm í kröfugerð verkalýðshreyfingarinnar. Skapa þurfi breiða samstöðu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> **Það má vel vera að menn hefðu átt að standa þéttar saman í aðdraganda þess að kjarasamningar renna út …**
>
> *Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra*




Þingflokkur Samfylkingar ályktar gegn hótunum um skertan verkfallsrétt:

# Samfylkingin vill fá aðgerðir

**KJARAMÁL** Þingflokkur Samfylkingarinnar samþykkti í gær ályktun þar sem tekið er heils hugar undir með launafólki og samtökum þeirra í yfirstandandi kjarabaráttu.

„Þrátt fyrir ólíkar kröfur einstakra samtaka launafólks er barátta gegn auknum ójöfnuði í samfélaginu það sem sameinar kröfugerð allra. Best settu fyrirtækin hagnast sem aldrei fyrr og arðgreiðslur og stjórnarlaun hækka í engu samræmi við þau tilboð sem atvinnurekendur setja fram í kjaraviðræðunum. Hækkun lágmarkslauna í 300 þúsund krónur á þremur árum er hógvær krafa í því samhengi. Skipta á hagnaði af rekstri með eðlilegum hætti milli launafólks og eigenda,“ segir í ályktuninni.

Samfylkingin segir samtök launafólks ekkert traust bera til ríkisstjórnar sem hleypt hafi samstarfinu í algjört uppnám.

„Það gefur ekki góð fyrirheit um farsæla niðurstöðu kjarasamninga að fjármálaráðherra sem viðsemjandi geri lítið úr baráttu launafólks, snúi út úr kröfum háskólamanna og hóti skerðingu á verkfallsrétti.“ **- fbj**



**HARÐORÐ ÁLYKTUN** Samfylkingin segir brýnt að draga til baka aðgerðir gegn launafólki sem samþykktar voru í fjárlögum í andstöðu við verkalýðshreyfinguna. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL


Audi
Vorsprung durch Technik
Audi Q5
Kraftur, hönnun og sparneytni
Q5 2.0 TDI quattro, 190 hö, 8,4 sek 0-100 km/klst., frá 7.990.000 kr.
Q5 3.0 TDI quattro, 258 hö, 5,9 sek 0-100 km/klst., frá 9.290.000 kr.
SQ5 3.0 TDI quattro, 313 hö, 5,1 sek 0-100 km/klst., frá 11.590.000 kr.
HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · sími 590 5000 · www.audi.is

## SVONA ERUM VIÐ



**330** tegundir fugla hafa sést á Íslandi,

u.þ.b. 85 þeirra eru varpfuglar eða hafa reynt varp hér.

Hilmir Gauti Bjarnason er óðum að ná sér eftir slys í Reykdalsstíflu í bæjarlæknum í Hafnarfirði:

# Slys á börnum ekki kortlögð sérstaklega

**SLYS** Ekki hefur verið unnið úr upplýsingum úr slysaskrá landlæknisembættisins um slys á börnum frá því árið 2012 vegna fjárskorts. Þannig er ekki hægt að kortleggja staði sem geta verið hættulegir börnum.

Rétt rúm vika er síðan Hilmir Gauti Bjarnason, sem er níu ára, var fluttur þungt haldinn á Landspítalann eftir að hafa fest í affalli Reykdalsstíflu í Læknum í Hafnarfirði. Þegar Hilmir Gauti festist í affallinu var mikill vatnsstraumur í stíflunni. Einar Árni bróðir hans reyndi að koma honum til bjargar en festist líka.

„Ég hefði allavega aldrei hleypt börnunum mínum að leika þarna ef að ég hefði haft hugmynd um að þessi hætta hefði verið þarna,“ segir Bjarni Einarsson, faðir Hilmis Gauta.

Landlæknisembættið heldur miðlæga skrá yfir öll slys og hægt er með einföldum hætti að vinna úr skránni. Upplýsingarnar eru til staðar og mætti nýta þær til að fyrirbyggja að slys verði. Að mati landlæknisembættisins hefur öðrum verkefnum verið raðað ofar í forgangsröðina vegna fjárskorts.

Hafnarfjarðarbær mun nú endurskoða Reykdalsstíflu með það fyrir augum að auka öryggi barna við stífluna.

- sa, lvp



**SYSTKININ** Kristjana Júlía 11 ára, Hilmir Gauti 9 ára, Jón Axel 17 ára og Einar Árni 12 ára styttu sér stundir á spítalanum í gær. MYND/STÖÐ 2






Hafa ráðið meltingarlækni:

## Skipulögð leit í ristli undirbúin

**HEILBRIGÐISMÁL** Krabbameinsfélag Íslands hefur ráðið Sunnu Guðlaugsdóttur meltingarlækni til að leggja grunn að skipulagðri ristilskoðun í samstarfi við stjórnvöld.



**SUNNA GUÐLAUGSDÓTTIR**

Sunna, sem er sérfræðingur í lyflækningum og meltingarsjúkdómum, hóf störf í apríl og er ráðin til eins árs.

Í mars í fyrra stóð Krabbameinsfélagið ásamt ellefu fag- og sjúklingafélögum að áskorun til þingmanna og stjórnvalda um að hefja skipulega leit að ristilkrabbameini. Undirbúningur að skipulagðri leit felur í sér gagnaöflun og vinnslu gagna til að leggja grunn að árangursríkri leit.

- srs

# Tveir milljarðar í súginn á einu ári

78 eldri borgarar liggja inni á Landspítalanum meðan þeir bíða eftir plássi á hjúkrunarheimili eða heimahjúkrun. Fyrirkomulagið sagt fela í sér sóun. Pláss á spítalanum kosti hundrað þúsund krónur á dag, en á hjúkrunarheimili tuttugu þúsund.

**Kristjana Björg Guðbrandsdóttir**
kristjanabjorg@frettabladid.is

**HEILBRIGÐISMÁL** „Það er sóun ef við erum hér að sinna hlutverki hjúkrunarheimilis fyrir allt að hundrað manns í plássum sem kosta nærri 100 þúsund krónur á dag þegar Hrafnista getur gert það sama fyrir 20 þúsund krónur á dag,“ sagði Páll Matthíasson, forstjóri Landspítala, á fundi hjúkrunarráðs í gær þar sem rætt var opinskátt um ýmsar áskoranir sem blasa við Landspítalanum.

Á fundinum kom fram að 78 eldri borgarar, sem bíða eftir plássi á hjúkrunarheimili eða heimahjúkrun, eru inniliggjandi á spítalanum. Þá var á fundinum rætt hreinskilnislega um rúmanýtingu langt yfir æskilegu viðmiði, álag á starfsfólk, öryggismörk hjúkrunar og bresti í heilbrigðisþjónustu utan Landspítala sem hafa áhrif á þjónustuna.

### Öryggisógn

„Það er erfitt fyrir ungan mann sem hefur beðið eftir aðgerð í eitt og hálft ár að skilja að ástæða biðarinnar er ef til vill að aldraður afi hans liggur á gangi 14E. Það stíflar allt okkar kerfi, truflar innkomu á deildir og leiðir á endanum til þess að þessi ungi maður þarf að bíða lengur eftur aðgerð. Truflun á flæði er öryggisógn,“ ítrekaði Páll.

### Sífelld fjölgun

Dagbjört Þyrí Þorvarðardóttir, deildarstjóri flæðisdeildar, sagði að þótt að hlutfallslega fleiri sjúklingar kæmust inn á hjúkrunarheimili af spítalanum vegna breyttra reglna um vistunarmat þá dygði það ekki. Sífellt fjölgi þeim sem liggja inni, það þurfi að byggja fleiri hjúkrunarrými.

„Það er alltaf að fjölga í þessum hópi. Núna erum við með 78 einstaklinga með samþykkt vistunarmat sem liggja inni hjá okkur. Það tekur vanalega um tvo til þrjá mánuði fyrir þessa einstaklinga að fá samþykkt mat um að komast á hjúkrunarheimili, og vanalega eru þessir einstaklingar búnir að liggja lengi hjá okkur áður en það ferli hefst. Þegar það losnar hjúkrunarpláss þá er alltaf einhverjum á Landspítalanum boðið plássið ásamt einhverjum öðrum úti í bæ. Þetta hjálpaði okkur mikið fyrir nokkrum árum og þá voru opnuð ný hjúkrunarheimili sem drógu úr innlögnum. En nú erum við komin hingað,“ segir Dagbjört og vísar í að hópurinn stækki ört ár frá ári án þess að fyrir liggi aðgerðir af hálfu ríkis og sveitarfélaga til að stemma stigu við vandanum.

### Brestir í heimahjúkrun

„Ég veit ekki til þess að það sé neitt á teikniborðinu. Þrátt fyrir að okkar sjúklingar komist í auknum mæli inn á hjúkrunarheimili þá fjölgar samt í þessum hópi. Það er brýnt að finna úrræði fyrir þennan hóp.“

Dagbjört segir bresti í heimahjúkrun einnig leiða til þess að eldri borgarar eru ekki útskrifaðir af spítalanum.

„Það sem við erum að finna fyrir núna er ekki bara að fólk komist ekki á hjúkrunarheimili heldur líka að það kemst ekki heim til sín vegna þess að það fær ekki heimahjúkrun sem skyldi. Það er engin þjónusta um kvöld og helgar í Hafnarfirði og Garðabæ. Það er ekki hægt að útskrifa fólk sem fær ekki þá heimahjúkrun sem það þarf,“ segir Dagbjört og segist einnig hafa orðið vör við bresti í heimahjúkrun í vissum hverfum í Reykjavík. „Það er eitthvað um það að fólk hafi ekki fengið kvöld- og helgarhjúkrun í póstnúmeri 104.“



**ÖRYGGISÓGN** Eldri borgarar eru fastir á Landspítalanum vegna skorts á plássum á hjúkrunarheimilum og bresta í heimaþjónustu. Páll Matthíasson, forstjóri Landspítala, segir truflun á flæði sjúklinga geta verið öryggisógn. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**LANDSPÍTALI**

**78 eldri borgarar** liggja á Landspítala og komast ekki annað.

Hvert pláss kostar **100.000 krónur**

Það gera **7.800.000 krónur** á hverjum degi.

**HRAFNISTA**

Pláss á Hrafnistu kostar samkvæmt Páli **20.000 krónur** á dag.

Kostnaður við 78 einstaklinga myndi nema **1.560.000 krónum** á hverjum degi.

UMFRAMKOSTNAÐURINN

**6.240.000** kr. á dag | **2.277.600.000** kr. á ári

> **Það er erfitt fyrir ungan mann sem hefur beðið eftir aðgerð í eitt og hálft ár að skilja að ástæða biðarinnar er ef til vill að aldraður afi hans liggur á gangi 14E. Það stíflar allt okkar kerfi, truflar innkomu á deildir og leiðir á endanum til þess að þessi ungi maður þarf að bíða lengur eftir aðgerð. Truflun á flæði er öryggisógn.**
>
> *Páll Matthíasson, forstjóri Landspítala*









# ÞESSAR ÞRJÁR NÁMSBRAUTIR HAFA SKAPAÐ FLESTUM NEMENDUM NÝ ATVINNUTÆKIFÆRI!

**Möguleiki á námsláni frá námslánasjóðnum Framtíðin***

* nánari upplýsingar á framtidin.is og ntv.is

## Forritunarbraut og skýjaforritun

**468 stundir - Verð: 628.000* - 19 einingar**

* Hægt er að fá framfærslu- og skólagjaldalán hjá lánasjóðnum Framtíðinni fyrir náminu.

- Dagnámskeið hefst 31. ágúst
- Kvöld- og helgarnámskeið hefst 31. ágúst

Á þessu námskeiði, sem er hannað með nýjustu tækni í huga, læra nemendur að beita þeim tólum og aðferðum sem þarf fyrir nútíma skýjalausnir.

Námið byggir að mestu á stöðluðum námskeiðum frá Microsoft og eiga nemendur að því loknu að hafa góða undirstöðuþekkingu og yfirsýn yfir helstu aðferðir sem notaðar eru í nútíma hugbúnaðargerð.

Nemendur eru undirbúnir markvisst fyrir þau þrjú próf sem liggja til grundvallar þremur alþjóðlegum vottunum:

MCSD: Web Applications
MCSD: SharePoint Applications
MCSD: Windows Store Apps – HTML5

*„Síðan ég útskrifaðist úr Dipómanámi í forritun hjá NTV árið 2013 hef ég forritað sex Android tölvuleiki og er kominn í nýtt og spennandi starf. Námið er það skemmtilegasta sem ég hef farið í.“*
Haraldur Þrastarson leikjahönnuður og forritari

## Kerfisstjórabraut NTV - MCSA

**371 stundir - Verð: 622.000* - 17 einingar**

* Hægt er að fá framfærslu- og skólagjaldalán hjá lánasjóðnum Framtíðinni fyrir náminu.

- Dagnámskeið hefst 25. ágúst
- Kvöld- og helgarnámskeið hefst 24. ágúst

Þetta er nám fyrir þá sem vilja starfa sem kerfisstjórar. Eftir námið hafa nemendur öðlast víðtækan skilning á uppsetningu netkerfa, bilanagreiningu og viðgerðum á almennum vélbúnaði og uppsetningu stýrikerfa.

Allar kennslugreinar eru kenndar frá grunni og er rétt að gera ráð fyrir nokkurri heimavinnu. Námið hefur skilað nemendum mjög góðum árangri í atvinnuleit og er löngu orðið viðurkennt á vinnumarkaðinum.

Þeir nemendur sem ljúka þeim 3 alþjóðlegu prófum sem innifalin eru í námskeiðsgjaldinu fá gráðuna Microsoft Certified Solutions Associate (MCSA).

*„Ég valdi Kerfisstjórabraut þar sem mig langaði að vinna við kerfisstjórnun. Áður en náminu lauk var ég kominn með starf hjá einu stærsta upplýsingatæknifyrirtæki landsins.“*
Snorri Þórðarson tæknimaður

## Viðurkennt bókaranám NTV

**414 stundir - Verð: 446.000* - 19 einingar**

- Morgunnámskeið hefst 30. september
- Dagnámskeið hefst 5. október
- Kvöld- og helgarnámskeið hefst 1. október

Öflugt þriggja anna nám þar sem nemendum er kennt bókhald frá a til ö ásamt þeim öðrum þáttum sem þarf til að geta tekið próf og öðlast vottun sem viðurkenndur bókari.

Viðurkennt bókaranám NTV er þriggja anna nám þar sem markvisst er byggður upp þekkingagrunnur nemenda og færni við færslu og uppgjör bókhalds. Mikið er um umfangsmiklar æfingar og uppgjör sem veita nemendum verðmæta innsýn í starfið.

Eftir þriðju önnina geta nemendur tekið þau þrjú próf sem gefa gráðuna „Viðurkenndur bókari“. Þau próf eru haldin á haustin á vegum efnahags- og viðskiptaráðuneytisins.

*„Ég hafði litla sem enga kunnáttu á tölvur og tölvubókhald þegar ég byrjaði en eftir eina önn var ég full af sjálfstrausti og fékk vinnu við bókhald í beinu framhaldi af náminu.“*
María Magnúsdóttir bókari og galdkeri

NÝI TÖLVU- OG VIÐSKIPTASKÓLINN – VIÐURKENNDUR EINKASKÓLI Á FRAMHALDSSKÓLASTIGI
HLÍÐASMÁRA 9 : KÓPAVOGI : SÍMI **544 4500** : **NTV.IS**

ntv

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hvað heitir heiðin austan Eyjafjarðar sem verið er að grafa göng í gegnum?
**2.** Hvað heitir formaður Starfsgreinasambandsins?
**3.** Hve margir starfsmenn Landspítalans eru þátttakendur í verkfalli BHM?

**SVÖR:**
**1.** Vaðlaheiði. **2.** Björn Snæbjörnsson. **3.** 500.


FYRIR AUGUN




**BELLAVISTA** náttúrulegt efni fyrir augun, ríkt af lúteini og bláberjum

www.gengurvel.is

Fæst í apótekum, heilsubúðum og stórmörkuðum


# Samningarnir gera notendum erfitt fyrir að flytja

Þar sem NPA-þjónusta er byggð á samningi notenda við sveitarfélög eru notendur óvissir um hvað gerist vilji þeir flytja í annað bæjarfélag. Björk Vilhelmsdóttir, formaður velferðarráðs Reykjavíkurborgar, segir erfitt að gera nýja samninga meðan verkefnið er á tilraunastigi. Eygló Harðardóttir segir meiri reynslu þurfa á verkefnið.

**HEILBRIGÐISMÁL** Þar sem notendastýrð persónuleg aðstoð (NPA) er fjármögnuð að 80 prósentum af sveitarfélögum og 20 prósentum af ríkinu eru notendur þjónustunnar óöruggir um hvað verður um þjónustusamninga sína ef þeir vildu flytja milli sveitarfélaga.

Inga Björk Bjarnadóttir er nemi í listfræði við Háskóla Íslands. Hún er með lögheimili í Borgarnesi og NPA-samning. „Ég er enn í námi svo ég má hafa lögheimili í Borgarnesi,“ segir Inga en hún veit ekki hvað tekur við ef hún fengi vinnu í Reykjavík eða öðrum landshluta að loknu námi.

Eins og Fréttablaðið hefur fjallað um var löggildingu á NPA-samningum við fatlað fólk frestað um tvö ár og verkefnið því enn á tilraunastigi. „Við höfum ekki getað bætt við nýjum samningum,“ segir Björk Vilhelmsdóttir, formaður velferðarráðs Reykjavíkurborgar.

„Eins og stendur er því erfitt fyrir fólk að flytja milli bæjarfélaga, á meðan þetta er enn tilraunaverkefni þá fellur NPA-samningurinn niður við flutning nema Alþingi ákveði að lögfesta verkefnið fyrr.“ Björk segir að hún reikni ekki með að það verði bið eftir nýjum samningi við búferlaflutninga ef NPA verður lögfest. „Þá er þetta komið í lög og þá skapast réttur til þjónustunnar.“ Hún ítrekar að það sé vilji hjá Reykjavíkurborg til að lögfesta NPA.

Eygló Harðardóttir félagsmálaráðherra tekur undir það að fullur vilji sé til þess að binda NPA-þjónustu í lög og segir frumvarp sem liggur fyrir á Alþingi í dag miða við að það gerist fyrir árslok 2016. Hún segir ástæðu þess að lagasetningu hafi verið frestað ekki síst vera þá að nauðsynlegt sé að fá lengri tíma og aukna reynslu til að undirbúa innleiðingu vegna svo viðamikils verkefnis á landsvísu. Hún segir gerð nýrra samninga velta á því viðbótarfjármagni sem kann að vera til ráðstöfunar á árinu 2015 og fjármagni á fjárlögum 2016 sem og ákvörðun einstakra sveitarfélaga.

Þór Þórarinsson hjá velferðarráðuneytinu segir ekki öruggt að notendur NPA geti flutt samningana milli sveitarfélaga þó svo að þjónustan verði bundin í lög. „Það væri kannski eðlilegast að það gerðist með þeim hætti en það er ekki hægt að ganga út frá því sem vísu þar sem hvert þjónustusvæði tekur ákvörðun um það.“ Hann segist þó vonast til að einhverjir nýir samningar bætist við á árinu. „Það gætu komið inn 10 nýir samningar,“ segir hann. „Við viljum reyna að ná góðri dreifingu um allt land en eðlilega eru flestir á höfuðborgarsvæðinu þar sem þörfin er mest þar.“ sandra@frettabladid.is



**ÓVISSA** Inga Björk Bjarnadóttir býr í Borgarnesi en er í námi í Reykjavík; ef hún kýs að flytja þarf hún nýjan NPA-samning. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR


www.renault.is




**RENAULT KANGOO, DÍSIL**
**1,5 L. VÉL, 90 HESTÖFL**
Verð: **2.491.935** kr. án vsk.
3.090.000 kr. m. vsk.
**Eyðsla 4,2 l/100 km***

**RENAULT TRAFIC, DÍSIL**
**1,6 L. VÉL, 115 HESTÖFL**
Verð frá: **3.379.387** kr. án vsk.
4.190.000 kr. m. vsk.
**Eyðsla frá 5,9 l/100 km***

**RENAULT MASTER, DÍSIL**
**2,3 L. VÉL, 125 HESTÖFL**
Verð frá: **4.104.839** kr. án vsk.
5.090.000 kr. m. vsk.
**Eyðsla 7,8 l/100 km***

RENAULT

B|L
**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

GE bílar, Reykjanesbæ, www.gebilar.is, 420 0400
Bílasalan Bílás, Akranesi, www.bilas.is, 431 2622
Bílasala Akureyrar, Akureyri, www.bilak.is, 461 2533
Bílaverkstæði Austurlands, Egilsstöðum, www.bva.is, 470 5070
IB ehf., Selfossi, www.ib.is, 480 8080










NÚ ER TÍMINN
TIL AÐ FORRÆKTA
GRÆNMETI

GARÐHEIMAR

Stekkjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is

# EINSTÖK TILBOÐ!

GERÐU FRÁBÆR KAUP

WWW.BÍLALAND.IS




NISSAN PATROL SE
Nýskr. 06/09, ekinn 121 þús. km. dísil, sjálfskiptur.
Verð áður kr. 4.290.000

TILBOÐSVERÐ! 3.390 þús.




NISSAN QASHQAI SE
Nýskr. 04/11, ekinn 126 þús km. bensín, sjálfskiptur.
Verð áður kr. 3.140.000
TILBOÐ kr. 2.590 þús.




NISSAN PATHFINDER SE
Nýskr. 10/06, ekinn 161 þús km. dísil, sjálfskiptur.
Verð áður kr. 2.890.000
TILBOÐ kr. 2.390 þús.




KIA SPORTAGE
Nýskr. 08/06, ekinn 142 þús km. dísil, beinskiptur.
Verð áður kr. 1.680.000
TILBOÐ kr. 1.190 þús.




HYUNDAI i30 COMFORT
Nýskr. 12/09, ekinn 93 þús km. dísil, sjálfskiptur.
Verð áður kr. 2.390.000
TILBOÐ kr. 1.890 þús.




HYUNDAI i40 WAGON PREMIUM
Nýskr. 05/12, ekinn 79 þús km. dísil, sjálfskiptur.
Verð áður kr. 4.690.000
TILBOÐ kr. 3.690 þús.




TOYOTA AURIS SOL
Nýskr. 12/07, ekinn 125 þús km. bensín, sjálfskiptur.
Verð áður kr. 1.620.000
TILBOÐ kr. 1.290 þús.

bílaland
Kletthálsi 11 -110 Reykjavík
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is
www.bilaland.is
www.facebook.com/bilaland.is


Flugvél sem varð fyrir eldingu fyrr í mánuðinum er ekki mikið sködduð:

# Neflausa flugvélin komin heim

**SLYS** Flugvél Icelandair, sem eldingu laust í á leið til Bandaríkjanna fyrr í mánuðinum, er komin til landsins. Guðjón Arngrímsson, upplýsingafulltrúi Icelandair Group, segir að beðið sé eftir sérhönnuðum varahlut í stélbúnað vélarinnar áður en hún fer aftur í almenna notkun.

Eldingin, sem laust í flugvélina, skildi eftir stórt gat á nefi hennar án þess að flugmenn tækju eftir því. Hún flaug því með gat á nefinu í átta tíma á leið sinni til Denver í Colorado í Bandaríkjunum.

Þorkell Ágústsson, rannsóknarstjóri flugslysasviðs Rannsóknarnefndar samgönguslysa, segir að engin rannsókn hafi farið af stað hér á landi en rannsóknarregla flugslysa miðar við að rannsókn á flugslysum fari fram í komulandi, í þessu tilfelli Bandaríkjunum. Nú er unnið að því að kanna hvort rannsókn á atvikinu sé hafin í Bandaríkjunum en Þorkell gerir ráð fyrir að málið sé ekki til rannsóknar þarlendis þar sem líklegast sé ekki um alvarlegt atvik að ræða. **- srs**



**GAT Á NEFINU** Elding sem gerði gat á trjónu þotu Icelandair hljóp eftir henni og skemmdi líka stél. MYND/BRANDON BOLDENOW

# Vill ræða við Breta og fá svör um sæstreng

Formaður atvinnuveganefndar sér ekkert því til fyrirstöðu að taka upp viðræður við Breta um sæstreng þó undirbúningsvinna standi yfir hérna heima. Hann vill hraða málinu svo svör fáist við lykilspurningum frá Bretum og hér heima.

**ORKUMÁL** „Ég tel að það sé mjög mikilvægt fyrir þetta verkefni að hraða þessari vinnu og ég held að ráðherra sé að gera það. Við þurfum forsendur verkefnisins á hreint svo við getum farið að ræða þetta af einhverri alvöru, og annaðhvort slá málið út af borðinu eða vinna áfram með það,“ segir Jón Gunnarsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins og formaður atvinnuveganefndar Alþingis, um undirbúningsvinnu stjórnvalda vegna hugsanlegrar lagningar raforkusæstrengs milli Íslands og Bretlands.



**HVERFANDI** Yfirfall Hálslóns er oft nefnt sem dæmi um ótrygga vatnsorku með of lítið afhendingaröryggi fyrir iðnað - en myndi nýtast með sæstreng. MYND/LANDSVIRKJUN

Charles Hendry, fyrrverandi orkumálaráðherra Breta og ráðgjafi hjá Atlantic Superconnection Corporation, sagði á fundi Kjarnans og Íslenskra verðbréfa um sæstrengsverkefnið á mánudag að bresk stjórnvöld vilji eindregið taka upp viðræður við íslensk stjórnvöld um stöðu verkefnisins. Hins vegar sé engin krafa gerð til þess að stjórnvöld hér gefi afdráttarlaus svör á þessum tímapunkti.

Jón sér ekkert sem mælir á móti því að viðræður við Breta séu teknar upp þó unnið sé að málinu hérna heima á sama tíma. Hann tekur þó fram að hann hafi ekki upplýsingar um hvort Ragnheiður Elín Árnadóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, hafi nýlega verið í sambandi við bresk stjórnvöld vegna málsins.

„Mín skoðun er sú, eins og kom fram í nefndaráliti með skýrslu ráðgjafarhóps ráðherra í fyrra, að það bæri að hraða málinu eins og kostur er. Það þarf að sannreyna hvar Bretar standa og forsendur sem liggja að baki áhuga þeirra. Einnig þarf að fá á hreint hvaða áhrif þetta hefur á orkuverð hér innanlands, hver efnahagsleg áhrif verða í víðu samhengi og ekki síst hvað þetta þýðir í umhverfislegu tilliti – hvernig orkuöflun verður háttað fyrir sæstreng ef til hans kæmi. Þetta eru grundvallaratriði sem standa enn út af borðinu og ég tel mikilvægt að fá svör við þessum spurningum fyrr en seinna,“ segir Jón.

Jón, sem sat fundinn á mánudag, nefnir í þessu samhengi orð Hendrys um að sú stund nálgist hjá Bretum að þeir þurfi að taka ákvarðanir um hvernig raforkukerfi þeirra verður uppbyggt eftir 2020. Málið hafi líka snertifleti við uppbyggingu flutningskerfis raforku hér innanlands.



> Það þarf að sannreyna hvar Bretar standa og forsendur sem liggja að baki þeirra áhuga.
>
> *Jón Gunnarsson, formaður atvinnuveganefndar*

„Það er betra að niðurstaða liggi fyrir í þessu máli svo hægt sé að taka mið af því við þá uppbyggingu flutningskerfisins sem er fram undan,“ segir Jón. **svavar@frettabladid.is**

Verjendur í hópnauðgunarmáli hafa ekki heyrt af rannsókn málsins í um ár:

# Tafirnar bitna á sakborningum

**LÖGREGLUMÁL** „Eðlilega hefur framvinda þessa máls verið afar bagaleg, bæði fyrir minn skjólstæðing og brotaþola, sem og aðra sakborninga. Nú er að verða ár liðið frá því að þetta kom upp og í raun hefur ekkert heyrst af þessu máli frá því í júní 2014 þegar tekin var skýrsla af skjólstæðingi mínum. Það hefur enginn hag af því að sakamál hafi ekki faglega framvindu í kerfinu,“ segir Erlendur Þór Gunnarsson, hæstaréttarlögmaður og verjandi eins sakborninga í hópnauðgunarmáli frá því fyrir um ári.

Fréttablaðið greindi frá því í gær að málið, þar sem fimm piltar voru kærðir fyrir hópnauðgun í kjölfar þess að sextán ára stúlka lagði fram kæru á hendur þeim fyrir nauðgun í samkvæmi í Breiðholti, sé enn til skoðunar hjá ríkissaksóknara um ári eftir atvikið.

Meðal gagna sem stúlkan lagði fram er myndband af atvikinu. Vitað er að myndbandið fór í dreifingu á netinu auk þess sem allir aðilar málsins voru nafngreindir á samfélagsmiðlum.



> Maður veltir því fyrir sér hvort sakborningar eigi að líða fyrir þessar tafir, þeir hafa ákveðin réttindi líka.
>
> *Páll Kristjánsson, héraðsdómslögmaður.*



> Nú er að verða ár liðið frá því að þetta kom upp og í raun hefur ekkert heyrst af þessu máli frá því í júní 2014.
>
> *Erlendur Þór Gunnarsson, hæstaréttarlögmaður.*

Erlendur vonast til að eitthvað fari að gerast í málinu fljótlega. „Við vitum þó að álagið hjá Ríkissaksóknara er of mikið en þar starfar mikið af góðu fólki og því skulum við leyfa okkur að vona að þættir þessa máls taki að skýrast á næstu vikum.“

Páll Kristjánsson, verjandi annars sakbornings, tekur í sama streng. „Ég er ítrekað búinn að kalla eftir upplýsingum um stöðu málsins en engar fengið. Maður veltir því fyrir sér hvort sakborningar eigi að líða fyrir þessar tafir, þeir hafa ákveðin réttindi líka. Er eðlilegt að þessi töf bitni á þeim? Biðin er verst fyrir þá,“ segir Páll. **- fbj**


MIÐNÆTURSPRENGJA
í verslun okkar í Kringlunni
20%
afsláttur
af öllum vörum
ZO•ON
ICELAND

Bandarískur biskup tilkynnti ekki misnotkun á börnum:

## Segir af sér fyrir yfirhylmingu



**FRANS PÁFI** Robert Finn bað páfa um lausn frá embætti. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**BANDARÍKIN** Frans páfi hefur samþykkt afsagnarbeiðni Roberts Finn, biskups í Missouri í Bandaríkjunum. Ástæða afsagnarinnar er áralöng yfirhylming Finns með barnaníðingum innan kaþólsku kirkjunnar í Bandaríkjunum.

Finn var árið 2012 sakfelldur fyrir yfirhylmingu af þessum toga en bað ekki um lausn frá embættinu fyrr en nú.

Yfirhylming Finns snerist um prestinn Shaw Ratigan, sem var sakfelldur fyrir vörslu á barnaklámi. Í skýrslu lögreglunnar kom fram að embættismenn kirkjunnar hefðu fundið klámið í tölvu Ratigans en ekki tilkynnt um það til lögreglu fyrr en fimm mánuðum síðar. - srs


LYFJA – Lífið heil

www.lyfja.is

Fyrir þig í Lyfju




Entroseal

Gegn niðurgangi, sársaukalaust.

Entroseal eru náttúruleg og bragðlaus hylki sem stöðva niðurgang án aukaverkana. Einnig fáanlegt í duftformi og öruggt fyrir alla aldurshópa, líka ungbörn.

KRINGLU Steikhús KRÁIN 1. mars 1989

Sprengi tilboð

á miðnæturopnun Kringlunnar í kvöld – miðvikudagskvöld 21. 04.

BBQ borgari 140g
Með osti, beikoni, káli & frönskum kartöflum
2.490 kr. tilboð: 1.900 kr.

Kjúklingasalat
Með kjúklingalundum, eggjum, fetaosti, sólþurrkuðum tómötum og brauðteningum
2.690 kr. tilboð: 1.900 kr.







**Í HÖFN Á SIKILEY** Starfsmenn Rauða krossins hjálpa í land einum af tuttugu og sjö flóttamönnum sem björguðust á sunnudag. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Skipstjórinn tekinn höndum á Ítalíu

Skipstjóri flóttamannabáts, sem hvolfdi í Miðjarðarhafinu, hefur verið handtekinn á Ítalíu ásamt manni úr áhöfn hans. Skipstjórinn er sagður hafa siglt bát sínum beint á portúgalskt skip, sem koma átti flóttafólkinu til bjargar.




Guðsteinn Bjarnason
gudsteinn@frettabladid.is


**ÍTALÍA** Evrópusambandið hefur verið gagnrýnt fyrir að hafa brugðist seint og illa við vaxandi straumi flóttafólks yfir Miðjarðarhafið. Alvarleg sjóslys undanfarna viku, sem kostað hafa hundruð manna lífið, ýttu þó við embættismönnum sambandsins sem nú boða nýjar aðgerðir.

Flóttamannahjálp Sameinuðu þjóðanna fagnar þessum boðuðu aðgerðum, sem kynntar voru að loknum neyðarfundi utanríkisráðherra Evrópusambandsins á mánudaginn. Flóttamannahjálpin tekur þó fram að björgun mannslífa eigi að vera í forgangi.

UNICEF, Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna, hefur jafnframt skorað á Evrópusambandið að huga sérstaklega að örlögum barna í þessum hildarleik.

Alls er talið að um að 800 manns hafi farist um helgina þegar yfirfullum bát hvolfdi út af ströndum Líbíu. Aðeins nokkrum dögum áður höfðu nærri 400 manns drukknað í svipuðu slysi.

Aldrei áður hafa jafn margir látið lífið á jafn skömmum tíma á siglingaleiðum flóttamanna frá Afríku yfir Miðjarðarhafið yfir til aðildarríkja Evrópusambandsins.

Einungis 27 manns björguðust af skipinu, sem sökk aðfaranótt sunnudags. Fjöldi barna var um borð í skipinu en ekkert þeirra komst af.

Mennirnir 27 voru fluttir til Ítalíu og þar var skipstjóri bátsins handtekinn ásamt manni úr áhöfn hans. Skipstjórinn, Mohammed Ali Malek, er sagður vera frá Túnis en félagi hans, Mahmud Bikhit, frá Sýrlandi.

Þeir verða ákærðir fyrir smygl á fólki en skipstjórinn er að auki sakaður um fjöldamorð. Hann er sagður hafa siglt bát sínum beint á portúgalskt kaupskip, sem koma átti flóttafólkinu til bjargar. Eftir áreksturinn tók báturinn að hallast og sökk loks eftir að fólk tók að færa sig til.

Dauðsföllum hefur fjölgað mjög á þessum slóðum undanfarin misseri, í takt við hraða fjölgun þeirra flóttamanna sem reyna að komast þessa leið yfir til Evrópu.

Í október árið 2013 fórust hátt á fjórða hundrað manns á flóttamannabát út af ströndum ítölsku eyjunnar Lampedusa. Sá atburður varð til þess að Evrópusambandið jók verulega viðbúnað sinn á Miðjarðarhafinu. Í framhaldinu fækkaði dauðsföllum en flóttamannastraumurinn jókst fremur en hitt.

Innan Evrópusambandsins heyrðust gagnrýnisraddir sem sögðu viðbúnaðinn virka hvetjandi á flóttafólk, sem treysti því að hættan í hafi hefði minnkað.

Evrópusambandið ákvað svo að hætta þessum aukna viðbúnaði síðasta haust, en hélt áfram uppi reglubundinni landamæragæslu með eftirliti í Miðjarðarhafinu sem íslenska varðskipið Týr hefur meðal annars tekið þátt í.

Á neyðarfundi utanríkisráðherra Evrópusambandsins á mánudaginn var ákveðið að ráðast í margvíslegar úrbætur, sem þó er enn óljóst hvernig verða útfærðar.

## STRAUMUR FLÓTTAFÓLKS TIL EVRÓPU

Hátt á annað þúsund flóttamanna hafa drukknað í Miðjarðarhafinu undanfarna viku. Aldrei áður hafa jafn margir farist á þessari flóttamannaleið á jafn skömmum tíma. Straumur flóttafólks frá Afríku og Mið-Austurlöndum til Evrópu hefur vaxið hratt undanfarin misseri.




Heimildir: i-Map, Flóttamannahjálp SÞ, fréttaveitur © GRAPHIC NEWS

## Evrópusambandið rumskar

**UTANRÍKISRÁÐHERRAR EVRÓPUSAMBANDSINS HITTUST Á MÁNUDAG OG SAMÞYKKTU AÐ GRÍPA TIL AÐGERÐA Á ÞREMUR SVIÐUM:**

- Barátta gegn skipulögðum glæpasamtökum og mansali verði hert, meðal annars með því að fylgjast betur með þeim leiðum sem flóttafólk fer um áleiðis til Evrópu. Einnig á að efla samvinnu lögreglu um mótaðgerðir gegn smyglurum.
- Meiri vinna verði lögð í björgun mannslífa á Miðjarðarhafinu með því að efla starfsemi landamæragæslunnar Frontex, og þá verði einkum lögð áhersla á að efla verkefnin Triton og Poseidon í Miðjarðarhafinu. Bæði verður lagt meira fé til þessarar starfsemi og starfssvæðið útvíkkað. Leitar- og björgunarskylda verður efld til lengri tíma.
- Aðildarlöndin ætla í auknum mæli, að frumkvæði framkvæmdastjórnar ESB, að deila með sér ábyrgðinni á flóttafólki og bjóðast til þess að taka við ákveðnum fjölda fólks sem þarf á vernd að halda.

**NÁNARI ÚTFÆRSLA FELUR MEÐAL ANNARS Í SÉR EFTIRFARANDI**

- Kerfisbundið verði unnið að því að leggja hald á og eyðileggja þá báta, sem smyglarar nota til að flytja fólk til Evrópu.
- Fingraför verði tekin af öllu flóttafólki í aðildarríkjum ESB.
- Skipulega verði unnið að því senda flóttafólk til baka.
- Fulltrúar ESB verði sendir til nokkurra landa utan ESB, þar sem þeir vinni að því að afla upplýsinga um fólksflóttann til ESB.



1



2



3



4

# Mjólk er góð!

## Mjólkursamsalan þakkar frábæra þátttöku

Síðastliðið haust hélt Mjólkursamsalan teiknisamkeppni í tengslum við Alþjóðlega skólamjólkurdaginn þann 24. september 2014.

Afraksturinn var frábær – tæplega 1000 myndir bárust frá 4. bekkingum í 43 grunnskólum landsins. Hér á síðunni má sjá vinningsmyndirnar tíu.

**Við þökkum öllum þátttakendum kærlega fyrir og óskum vinningshöfum til hamingju!**

Höfundar verðlaunamyndanna eru:

1. **Arion Aron Veselaj** – 4. MJ Fellaskóli, Reykjavík
2. **Ella Rose T. Patambag** – 4. VE Fellaskóli, Reykjavík
3. **Ragnhildur Guðrún Guðmundsdóttir** – 4. EP Flataskóli, Garðabær
4. **Anna Nguyen Ngoc Ha** – 4. H7 Fossvogsskóli, Reykjavík
5. **Sindri Sigurðarson** – 4. bekkur Hrafnagilsskóli, Eyjafjarðarsveit
6. **Auður Dís Kristjánsdóttir** – 4. I Húsaskóli, Reykjavík
7. **Heiða María Hannesdóttir** – 4. LP Lágafellsskóli, Mosfellsbær
8. **Markús Birgisson** – 4. SÓ Lindaskóli, Kópavogur
9. **Saule Viktoría Tyscenko** – 4. R Snælandsskóli, Kópavogur
10. **Markús Heiðar Ingason** – 4. IB Víðistaðaskóli v/ Engidal, Hafnarfjörður






5



6



7




8




9



10

www.skolamjolk.is

ENNEMM / SÍA / NM67559

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| vodafone<br>50% afsláttur af völdum vörum | Eirberg<br>20–50% afsláttur af völdum vörum | TUZZI<br>20–50% afsláttur af öllum vörum | ZIK ZAK tískuhús<br>50% afsláttur af völdum, nýjum vörum | WAREHOUSE<br>25–50% afsláttur af öllum vörum | TOPSHOP<br>25–50% afsláttur af öllum vörum |
| KAREN MILLEN<br>25–50% afsláttur af öllum vörum | SIX<br>3 fyrir 2 | I am<br>3 fyrir 2 | Íslenska Hamborgarafabrikkan 2010<br>2 fyrir 1 af bjór | Deres<br>Allt að 50% afsláttur af öllum vörum | hrím www.hrim.is<br>20% afsláttur af öllum vörum |
| iStore<br>10–50% afsláttur af völdum vörum | Kúnígúnd<br>20% afsláttur af öllum vörum | JÚNÍK<br>20–30% afsláttur af öllum vörum | MJ Marta Jónsson<br>25% afsláttur af öllum vörum, 70% afsláttur af eldri vörum | next<br>20% afsláttur af öllum vörum | Mathilda Kringlunni<br>20% afsláttur af öllum vörum |
| epal design<br>15–50% afsláttur af öllum vörum | Jón & Óskar<br>20% afsláttur af öllum vörum | Leonard<br>20% afsláttur af MARC BY MARC JACOBS | Kultur<br>20% afsláttur af öllum vörum | sushibarinn<br>20% afsláttur af 10 bita bakka | ZO•ON ICELAND<br>20% afsláttur af öllum vörum |




# SKEMMTI DAGSKRÁ




| | | |
|---|---|---|
| 13:00 | Barnamenningarhátíð, nemendur úr Háaleitisskóla flytja vorljóð og tónlist | Blómatorg |
| 17:00-19:00 | Blöðrugerðarmenn og andlitsmálun | Göngugata |
| 20:00 | Sirkus Íslands | Blómatorg |
| 20:30 | Alda Dís, sigurvegari Ísland Got Talent | Blómatorg |
| 21:30 | Eyjólfur Kristjáns mætir með gítarinn | Blómatorg |
| 22:30 | Amabadama skemmtir | Blómatorg |

Á milli atriða heldur DJ Jón Gestur uppi stemningunni

## MYNDATAKA, SPÁKONUR, VEITINGAR OG FJÖR UM ALLA KRINGLU

| | | |
|---|---|---|
| 13:00-23:00 | Frí myndataka, fáðu flotta mynd af þér í sumarsetti Kringlunnar | 2. hæð við Gallerí 17 |
| 20:00-22:00 | Sigga Kling spáir fyrir gestum og gangandi | Bíógangur |
| 17:00-23:00 | Kaffi frá Kaffitári, léttar veitingar og förðunarkynningar verða í göngugötu. | |

Barnagæsla í Ævintýralandi opin til kl. 21.




FACEBOOK.COM/KRINGLAN.IS

# 10-50% AFSLÁTTUR
# AÐEINS TIL MIÐNÆTTIS

**DOGMA** – 20% afsláttur af öllum vörum

**INDISKA** – 20% afsláttur af öllum vörum

**Timberland** – 20% afsláttur af öllum vörum

**BIANCO FOOTWEAR** – 20% afsláttur af öllum vörum

**byggtogbúið Kringlunni** – 20% afsláttur af flestum vörum, 10–50% afsláttur af öðrum vörum

**VERO MODA** – 15% afsláttur af öllum vörum

**name it** – 20% afsláttur af öllum vörum

**SELECTED** – 20% afsláttur af öllum vörum

**JACK & JONES** – 15% afsláttur af öllum vörum

**Spúútnik** – 20% afsláttur af öllum vörum

**HAGKAUP** Ein ferð betra verð 2. HÆÐ – 20% afsláttur af öllum vörum

**CINTAMANI** – 25% afsláttur af öllum vörum

**BOSS HUGO BOSS** – 20% afsláttur af öllum vörum

**MOTOR & MIA** – 20% afsláttur af öllum vörum

**VILA CLOTHES** – 15% afsláttur af öllum vörum

**PANDORA** – 20% afsláttur af öllum vörum

**F&F** – 20% afsláttur af öllum vörum

**STUDIO** – 20% afsláttur af öllum vörum og þjónustu

**Jens** – 20% afsláttur af öllum skartgripum

**DÝRABÆR** – fyrir dýrin þín – 20% afsláttur af öllum vörum

**ENGLABÖRNIN** – 20% afsláttur af öllum vörum

**herra GARÐURINN** – klæðir þig vel – 20% afsláttur af öllum vörum

**cobra** – 20% afsláttur af öllum vörum

**SHARE** womens wear – 20% afsláttur af fatnaði, 10% af skóm

**Gleraugað** – 20% afsláttur af öllum vörum

**Levi's** – 10–30% afsláttur af öllum vörum

**UNITED COLORS OF BENETTON.** – 20-30% afsláttur af öllum vörum

**Mohawks** – 25% afsláttur af öllum vörum

**Domino's** – Thin crust pizzur með 3 áleggjum á 1.000 kr.

**JOE & THE JUICE** – Tveir fyrir einn af djúsum og shake-um

**L'OCCITANE EN PROVENCE** – 20% afsláttur af völdum vörum

**SUBWAY** – 12" bátur og miðstærð af gosi á 999 kr.

**MÝRIN** – 20% afsláttur af öllum vörum

**Marc O'Polo** – 20% afsláttur af öllum vörum

**Lyf & heilsa** – 20–30% afsláttur af öllum vörum nema lyfjum og lausasölulyfjum

**extra** – 20% afsláttur af öllum vörum

**NEON KRINGLUNNI** – 20% afsláttur af öllum vörum

**THE BODY SHOP** – 20% afsláttur af öllum vörum

**Heilsuhúsið** 1979 – Súkkulaðiveisla og náttúrulegar förðunarvörur á afslætti

**FRIIS & COMPANY** – 20% afsláttur af öllum vörum nema Ásta design

**STEINAR WAAGE SKÓVERSLUN** – 20% afsláttur af öllum skóm

**JOE BOXER** – 25% afsláttur af öllum vörum

PIPAR\TBWA • SÍA

KRINGLAN.IS

# FRÁBÆR TILBOÐ
## FRÁ YFIR 100 VERSLUNUM OG VEITINGASTÖÐUM

- **skór.is** (Kringlan • Smáralind) – 20% afsláttur af öllum skóm
- **ecco** – 20% afsláttur af öllum skóm
- **augað** – 25% afsláttur af öllum vörum
- **ÚTILÍF** – 20% afsláttur af öllum vörum
- **POLARN O. PYRET** – 20% afsláttur ef keyptar eru tvær flíkur
- **prooptik gleraugu** – 25% afsláttur af öllum vörum
- **Casa** – 20% afsláttur af völdum vörum
- **iittala** – 20% afsláttur af völdum vörum
- **INGLOT** – 20% afsláttur af öllum vörum
- **Accessorize** – 20% afsláttur af öllum vörum
- **Café Bleu** (Pizzeria, Brasserie) – 20% afsláttur af salötum og léttvíni hússins
- **Galla Buxnabúðin** – 20% afsláttur af öllum vörum
- **Kaffi Klassík** – 20% afsláttur af crepes og bjór af matseðli
- **AVEDA** – 20% afsláttur af snyrtivörum, andlitskremum og húðvörum
- **Kultur menn** – 20% afsláttur af öllum vörum
- **Kringlukráin** – BBQ borgari, kjúklingasalat og Gull á sprengjutilboði
- **galleri sautján** – 20% af öllum buxum og bolum og 10% af öðrum vörum
- **focus** – 20% afsláttur af öllum skóm
- **gs skór** – 20% afsláttur af öllum skóm
- **COMPANYS** – 20% afsláttur af öllum vörum
- **Eymundsson** – 20% vildarafsláttur af öllu nema VITRA og Artec vörum
- **Ígló & Indí** – 25% af öllu nema nýju lífrænu barnafatalínunni
- **Kaffitár** – 20% afsláttur af Keepcup ferðamálum og kaffidrykkjum
- **A4** – 25% afsláttur af öllum vörum
- **LINDEX KIDS** – 20% afsláttur af öllum vörum
- **LINDEX KONUR** – 20% afsláttur af öllum vörum
- **LINDEX UNDIRFÖT** – 20% afsláttur af öllum vörum
- **Systrene Grenes – All over the world** – 20% afsláttur af öllum plasttöskum
- **Dressmann** – 25% afsláttur af öllum vörum
- **URBAN** – 20% af öllum buxum og bolum og 10% af öðrum vörum
- **SMASH** – 20% afsláttur af öllum vörum
- **Café roma** – Grilluð beygla og kaffidrykkur 1.090 kr.
- **DÚKA** – 20% afsláttur af öllum vörum
- **KASTANÍA** – 20% afsláttur af öllum vörum
- **meba** – 20% afsláttur af öllum silfurskartgripum
- **rhodium** – 20% afsláttur af öllum silfurskartgripum
- **66° NORÐUR** – 20% afsláttur af öllum peysum
- **Kaupfélagið** – 20% afsláttur af öllum skóm
- **Ævintýraland** – 20% afsláttur af klippikortum

**NÝTT KORTATÍMABIL**

**Kringlan**

FACEBOOK.COM/KRINGLAN.IS

Ríkið getur stigið inn með markvissar aðgerðir:

# Rétta verður hlut tekjulægstu hópa

Yfirgnæfandi meirihluti félagsmanna Starfsgreinasambandsins hefur samþykkt verkfallsaðgerðir sem hefjast 30. þessa mánaðar og fara svo stigvaxandi þar til að ótímabundinni vinnustöðvun kemur 26. maí næstkomandi. Þá fer í auknum mæli að gæta áhrifa yfirstandandi verkfallsaðgerða aðildarfélaga Bandalags háskólamanna.

Krafan um að lægstu laun í landinu hækki er skiljanleg og eðlileg. Að hér skuli fólki boðið upp á laun í kringum 200 þúsund krónur á mánuði er bara ekki boðlegt. Hér hefur almenn verðþróun og stóraukinn kostnaður við húsnæði verið með þeim hætti að það sér hver maður að það er reikningsdæmi sem ekki gengur upp að halda hér heimili á lágmarkslaunum.



**Óli Kristján Ármannsson**

olikr@frettabladid.is

Skipting kökunnar að öðru leyti og hver sé eðlilegur launamunur á milli stétta er svo umdeilanlegra. En líklega eru þeir vandfundnir hóparnir sem ekki finnst þeir eiga inni einhverja kjarabót og leiðréttingu, hvort heldur sem er út af kaupmáttarskerðingu síðustu ára eða mati á launaþróun annarra stétta.

Ljóst er að hér þarf að mæta kröfunni um mannsæmandi kjör, en um leið vill enginn sjá fara af stað hringekju verðbólgu og vaxtapíningar sem varað hefur verið við fari launahækkanir fram úr því sem atvinnulífið getur staðið undir.

Himinn og haf er hins vegar á milli þess sem stéttarfélög fara fram á og þess sem viðsemjendur þeirra, hvort heldur sem það eru fyrirtæki á almennum markaði eða hið opinbera, eru tilbúnir til að greiða. Enda deilurnar í illleysanlegum hnút, allar á borði ríkissáttasemjara og verkfallsaðgerðir hafnar.

Þá er kannski eðlilegt að hið opinbera horfi til þeirrar þróunar sem á sér stað á almennum markaði í stað þess að leiða launaþróun í landinu, sem sumir segja, með réttu eða röngu, að sé rót þeirrar ólgu sem nú er við að fást. Læknar fengu vissulega hækkun. Og kennarar líka, en með skipulagsbreytingum sem gera að verkum að ekki nægir að horfa á prósentuhækkunina eina. Þannig getur dregið úr yfirvinnu þótt grunnlaun hækki.

Sú alvarlega staða sem upp er komin hlýtur hins vegar að kalla á aðkomu allra að lausn deilunnar. Aðgerðir ríkisstjórnarinnar í húsnæðismálum, sem vissulega gætu bætt hag einhverra, virðast eitthvað láta á sér standa. Þá er spurning hvort slíkar aðgerðir eru nógu áþreifanlegar fyrir allan fjöldann eða nógu skjótvirkar til að liðka fyrir samningum.

Ríkinu ætti hins vegar að vera í lófa lagið að auka persónuafslátt fólks duglega og færa til skattþrep þannig að það endurspegli betur þann veruleika sem launafólk býr við. Að fólk skuli færast upp um skattþrep þótt hilli undir 400 þúsund krónur í launum er náttúrlega bara skrítið.

Með skýrri yfirlýsingu um tímasettar aðgerðir, sem ljóst er að myndu hlutfallslega nýtast þeim best sem lægstar hafa tekjurnar, til dæmis frá og með næsta hausti, sýndi hið opinbera lit og gæti mögulega liðkað fyrir því að samningar næðust, svona að því gefnu að markmiðið sé að rétta hlut þeirra sem verst standa.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Andri Ólafsson *andri@365.is,* Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is,* Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is.* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

## Aðalfundur KEA

KEA

**Aðalfundur KEA verður haldinn í Menningarhúsinu Hofi þriðjudaginn 28. apríl kl. 20:00.**

Á dagskrá fundarins eru venjubundin aðalfundarstörf samkvæmt samþykktum félagsins. Tillögur sem óskað er eftir að verði afgreiddar á fundinum skulu berast stjórn skriflega eigi síðar en sjö dögum fyrir aðalfund.

Dagskrá og ársreikningur munu liggja frammi á skrifstofu félagsins viku fyrir aðalfund.

Einnig verður hægt að nálgast upplýsingar á heimasíðunni **www.kea.is**

## FRÁ DEGI TIL DAGS

**Það er þetta með stóru málin**

Fáir dagar eru eftir af þinginu og helsta umkvörtunarefni stjórnarandstöðunnar það að ekki sé eftir nægur tími til að klára öll þau stóru mál sem eru á dagskrá. Má þar nefna frumvörp um húsnæðismál, umræðu um stöðu í kjaramálum og mögulegar aðgerðir, makrílmál og veiðigjöld og þar fram eftir götunum. Enginn skyldi þó örvænta enn þar sem í gær tókst að ljúka fyrstu umræðu um frumvarp Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar forsætisráðherra um breytingu á lögum um þjóðfána Íslendinga og ríkisskjaldarmerkið!

**Íslenskar Ora-baunir**

Ekki skal draga úr því að mögulega kann það að vera mikið hagsmunamál fyrir framleiðendur að lagabálknum sé breytt til hins betra. Og þannig jákvætt að svo sé gert. Um málið skapaðist enda hin líflegasta umræða. Meðal annars spurði Oddný Harðardóttir, þingmaður Samfylkingarinnar, forsætisráðherra um hvort Ora-baunir myndu geta borið íslenska fánann samkvæmt frumvarpinu. Baunirnar eru nefnilega ekki ræktaðar á Íslandi. Sigmundur fagnaði sérstaklega sameiginlegum áhuga þeirra á þessari ágætu vörutegund og fullvissaði Oddnýju um að Ora-baunir fengju að bera fánann með stolti.



**And Björk of course**

Sannast sagna dugar þessi dálkur ekki til að gera þessari umræðu nægilega góð skil. Þorsteinn Sæmundsson, þingmaður Framsóknarflokksins, upplýsti meðal annars þingheim um yfirburði íslenska súkkulaðisins sem hefði „mjög sérstakt bragð“. Hann vildi meina að til væru þeir sem vildu fela íslenska fánann í stað þess að nota hann í markaðsherferðum fyrir íslenskar vörur. Steingrímur J. Sigfússon, þingmaður Vinstri grænna, sagði að þó að landið væri þekkt fyrir ósnortna náttúru og vatn væri fáninn lítt þekktur og því til lítils að flagga honum í markaðsskyni. Þannig tengdu mun fleiri Ísland við Björk Guðmundsdóttur en fánann. Þorsteinn svaraði því til að það væri einmitt vegna þess að við værum sífellt að fela íslenska fánann sem fleiri þekktu Björk!



fanney@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Sáttmálinn

EFNAHAGSMÁL



**Silja Dögg Einarsdóttir**

þingmaður Framsóknarflokksins

Samfélagsleg sátt getur aldrei byggst á öðru en sanngirni. Stöðugleiki næst ekki nema að samfélagsleg sátt sé til staðar. Sú sátt næst ekki ef sumir ætla sér 30-40% launahækkanir en öðrum 3%. Óréttlæti er því helsta ógn stöðugleikans, ekki kröfur þeirra lægst launuðu um að lágmarkslaun séu 300 þúsund. Það hlýtur að vera eðlilegt að ætla sér að geta lifað af launum fyrir fullt starf.

**Línudans**

Fámennið og nálægðin á Íslandi krefst jöfnuðar og réttlætis. Erfitt kann að vera að ná fullkomnum jöfnuði og spurning hvort hann þarf að verða alger. Hvatar til samkeppni og framfara verða líka að vera til staðar. Heilbrigt samfélag byggist á að finna hið hárfína jafnvægi á milli þessara þátta.

**Burt með bankabónusa**

Framsóknarflokkurinn hélt nýlega afar vel heppnað flokksþing og þar voru m.a. lagðar fram ályktanir um að lægstu laun yrðu 300 þúsund og að bankabónusar yrðu bannaðir. Græðgin varð okkur að falli 2008. Við verðum að láta þá bitru reynslu okkur að kenningu verða og liður í því er að banna bankabónusa. Lögleiðing þeirra mun einungis ýta undir græðgi og frekari ofþenslu bankakerfisins.

**Minnst fátækt**

Ísland er loks á uppleið eftir sjö mögur ár. Aldrei þessu vant hafa umsamdar launahækkanir skilað sér nær allar í auknum kaupmætti vegna þess að verðbólga hefur verið í lágmarki. Leiðrétting húsnæðislána sem og lækkanir á tollum, gjöldum og sköttum hafa einnig aukið ráðstöfunartekjur heimilanna. Samkvæmt nýlegri skýrslu Velferðarvaktarinnar er Ísland nú með þriðja mesta jöfnuð í tekjuskiptingu og minnsta fátækt af þjóðum OECD. Því er nú brýnt að stíga varlega til jarðar.

**Dýrt húsnæði**

Fréttir herma að gjá sé á milli deiluaðila í yfirstandandi kjaraviðræðum. Ég tel að nýtt húsnæðiskerfi muni skipta máli í þessum efnum. Í dag er húsnæði allt of dýrt og kerfið meingallað. Kjör fólks munu tvímælalaust batna með betra kerfi. Fyrirliggjandi eru umfangsmiklar tillögur að nýju húsnæðiskerfi sem félagsmálaráðherra mun kynna fljótlega en með því verða öll búsetuform styrkt, hvort sem fólk tekur lán til að kaupa íbúð, leigir eða er þátttakandi í húsnæðissamvinnufélagi.

Þó svo að menn séu sammála um að svigrúm sé til að auka jöfnuð enn frekar, þá megum við ekki ganga of langt og hleypa verðbólgudraugnum úr búrinu.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **PRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Erla Björg Gunnarsdóttir *erla@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is*
**LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Bruninn mikli 1915

ELDVARNIR



**Jón Viðar Matthíasson**
slökkviliðsstjóri Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs.

Öld er liðin frá einum mesta eldsvoða á Íslandi, brunanum mikla í miðbæ Reykjavíkur aðfaranótt 25. apríl 1915. Tveir menn létu lífið, tólf hús stóðu í ljósum logum og flest þeirra brunnu til grunna. Eldsvoðinn hafði mikil áhrif á bæjarbúa á sínum tíma, sem og á skipulagsmál bæjarins, þróun brunavarna og aðbúnað slökkviliðsins.

Reykjavíkurborg og Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins munu minnast brunans mikla með sýningu í Ráðhúsi Reykjavíkur dagana 24.–28. apríl og viðburðum við Austurvöll laugardaginn 25. apríl.

Eldurinn kviknaði á Hótel Reykjavík, stóru og glæsilegu timburhúsi við Austurstræti 12.

Kvöldið fyrir brunann var haldið brúðkaup Jósephinu Zoëga og Clifford Hobbs á Hótel Reykjavík. Mikið var um dýrðir og stóð veislan fram á nótt. Síðustu gestir voru að halda til síns heima þegar eldsins varð vart, en hann breiddist hratt út og barst fljótlega í næstu hús. Alls kviknaði í átta húsum við Austurstræti og fjórum við Hafnarstræti, auk skúra. Minnstur varð skaðinn í pósthúsinu. Ingólfshvoll í Hafnarstræti 14 brann að hluta og veggir og gólf Landsbankahússins stóðu eftir. Önnur hús voru rústir einar innan fárra klukkustunda. Um 14.000 manns bjuggu í Reykjavík og var áfallið því mikið þegar svo mörg hús í hjarta bæjarins hurfu, heimili og vinnustaðir fjölda fólks.

Mennirnir sem létu lífið voru Runólfur Steingrímsson, vinnumaður á Hótel Reykjavík, sem hafði gengið snemma til náða á hótelinu, og Guðjón Sigurðsson, eigandi Ingólfshvols, sem lést úr reykeitrun í húsi sínu.

Ýmsar úrbætur urðu í brunamálum bæjarins fyrir brunann mikla. Vatnsveita var tekin í gagnið 1909, brunasími var lagður um bæinn 1911 og ný slökkvistöð var tekin í notkun 1912. Ný reglugerð um brunamál var samþykkt fyrir Reykjavík árið 1913. Þá voru tveir starfandi varðmenn í hinni nýju slökkvistöð við Tjarnargötu og 36 fastir slökkviliðsmenn í útkallsliði, sem hringt var út með brunasíma eftir þörfum. Varaliðið, sem í voru allir verkfærir karlar í bænum aðrir en embættismenn, var kallað út með lúðrum.

Mörgu var þó ábótavant þegar stóra kallið kom. Búnaður slökkviliðsins var fábreyttur. Slöngur höfðu margar sprungið af því að þorna upprúllaðar um veturinn og frost hafði skemmt nokkra brunahana í miðbænum. Allt var unnið með handafli, hvort sem það snerist um að draga níðþunga slönguvagna á eldstað eða knýja vatnsdælurnar. Öflug véldæla í eigu einkaaðila var tekin traustataki og notuð við slökkvistörfin. Megináhersla varð fljótlega að reyna að hefta útbreiðslu eldsins til austurs og vesturs og tókst það að lokum.

Við brunann mikla varð ljóst að Slökkvilið Reykjavíkur yrði að vera betur tækjum búið til að takast á við eldsvoða af þvílíkri stærðargráðu. Bærinn keypti véldæluna sem notuð hafði verið við slökkvistörf í brunanum, nýjan sjálfheldustiga og fljótlega aðra véldælu. Turn var byggður við stöðina til að þurrka slöngur. Árið 1920 voru fyrstu þrír slökkvibílarnir keyptir og fyrsti sjúkrabíllinn var tekinn í notkun ári síðar. Varðmönnum á slökkvistöðinni í Tjarnargötu fjölgaði í sjö á næstu árum og áhersla var lögð á kunnáttu í meðferð véla og bifreiða.

Timburhúsum í Reykjavík voru settar þröngar skorður í kjölfar brunans, bæði varðandi stærð og fjarlægðir milli húsa. Það varð til þess að steinsteypan tók yfir sem helsta byggingarefnið. Bruninn varð líka til þess að flýta fyrir stofnun Rafmagnsveitu Reykjavíkur til að leysa gasið af hólmi og byggingu vatnsgeymis á Rauðarárholtinu.

**Um 14.000 manns bjuggu í Reykjavík og var áfallið því mikið þegar svo mörg hús í hjarta bæjarins hurfu, heimili og vinnustaðir fjölda fólks.**

Það má segja að við þennan atburð hafi bærinn byrjað að breytast í borg. Reykjavík var komin í hóp stórborga sem höfðu upplifað stórbruna. Ásýnd bæjarins breyttist þegar steinsteypt stórhýsi risu í stað timburhúsanna sem prýtt höfðu helstu viðskipta- og verslunargötur bæjarins, eflaust ýmsum til ama bæði þá og síðar. En um leið var betur hugað að öryggi íbúanna og eigna þeirra með bættum brunavörnum og aukinni meðvitund um nauðsyn þeirra.



**HÓTEL REYKJAVÍK BRENNUR** Tveir menn fórust í brunanum mikla sem breiddist út frá Hótel Reykjavík við Austurstræti.
MYND/MAGNÚS ÓLAFSSON



# Finnum lausn

VERKFÖLL



Hinrik A. Hansen
krabbameins-sjúklingur

➜ **Mínu bráðatilviki var forgangsraðað þannig að önnur bráðatilvik voru færð aftar, það er ömurleg tilhugsun.**

Enn ríkir neyðarástand á spítölum landsins, þar sem lífi sjúklinga er stefnt í hættu í nafni kjarabaráttu. Skrif mín í Fréttablaðinu síðastliðinn miðvikudag vöktu hörð viðbrögð. Það ber að þakka. Hvernig aukið er á þjáningar sjúklinga og aðstandenda í nafni kjarabaráttu getur enginn réttlætt. Enginn getur haldið því fram að lífi sjúklinga sé ekki stefnt í hættu með yfirstandandi verkföllum heilbrigðisstétta. Við sem þjóð verðum að svara því hvort við metum líf sjúklinga meira en þau réttindi sem leyfa að líf og heilsa þeirra sé notuð sem skiptimynt í kjarabaráttu.

Til að benda á raunverulegt dæmi um hvernig afleiðingar verkfallsins birtast, ákvað ég að segja mína sögu í síðustu viku. Eftir að greinin birtist fékk ég loksins myndgreiningu tveimur sólarhringum síðar. Ef starfsemi spítalans hefði verið með eðlilegum hætti hefði niðurstaða myndgreiningar legið fyrir níu dögum fyrr. Hvort það hafi breytt einhverju í mínu tilviki mun aldrei verða hægt að svara. Ég gekkst undir heilauppskurð strax á mánudagsmorgun eftir að niðurstaða myndgreiningar lá loksins fyrir. Mínu bráðatilviki var forgangsraðað þannig að önnur bráðatilvik voru færð aftar, það er ömurleg tilhugsun.

Viðbrögð eru einskis virði ef aðgerðir fylgja ekki í kjölfarið. Það er ekki hægt að hneykslast yfir ástandinu og horfa síðan í hina áttina. Staða sjúklinga versnar með hverjum deginum og á bara eftir að versna enn frekar á meðan þetta ástand ríkir. Á næstu misserum má gera ráð fyrir að ástandið endurtaki sig þegar aðrar heilbrigðisstéttir eru neyddar í aðgerðir sem bitna munu á sjúklingum þessa lands. Hægt er að finna lausn á þessu óverjandi ástandi. Leiðin að lausninni þarf ekki að vera flóknari en við viljum. Mörgum spurningum þarf að svara til að komast að sem réttastri lausn. Mikilvægt er að forgangsraða spurningum eftir mikilvægi og svara þeim mikilvægustu, áður en svara er leitað við þeim sem á eftir koma. Fyrsta spurningin sem þarf að svara er hvort við sem þjóð samþykkjum að sjúklingum þessa lands sé neitað um aðstoð. Ef svarið er NEI er næst að stöðva það ástand sem ríkir. Þegar það hefur verið gert er hægt að snúa sér að næstu spurningu. Hvernig getum við komið í veg fyrir að heilbrigðisstarfsmenn séu settir í þá hörmulegu stöðu að þurfa að neita sjúklingum um aðstoð?

Ég skora á alla alþingismenn okkar að stöðva þegar í stað með lögum verkfall heilbrigðisstétta. Ég skora á alþingismenn okkar að nota ekki ömurlega stöðu sjúklinga til pólitískra skylminga. Hver og einn alþingismaður verður að svara eftir sinni samfæringu: Er það leyfilegt að sjúklingum þessa lands sé neitað um aðstoð? Ef niðurstaða Alþingis er að stöðva verkfallið, þarf í sömu samþykkt að vera loforð Alþingis um að innan ákveðinna tímamarka verði fundin leið til að tryggja það að framvegis verði kjör heilbrigðisstétta ákveðin þannig að núverandi ástand geti ekki endurtekið sig. Dæmi um slíkt er hjá öðrum starfsstéttum sem vinna fyrir hið opinbera.

Allt sem þarf er viljinn. Með samtakamætti Alþingis er hægt að leysa þetta ömurlega ástand á einum degi. Alþingismenn, sýnið gott fordæmi. Við, sjúklingar þessa lands, erum í neyð. Í guðanna bænum, hjálpið okkur!

# Ívilnunarsamningar – jafnræði eða geðþótti?

STJÓRNSÝSLA



Stefanía K. Karlsdóttir
einn af stofnendum Matorku

Á undanförnum vikum hefur umræðan beinst nokkuð að ívilnunarsamningum stjórnvalda vegna nýfjárfestinga. Því miður hafa ýmsar staðreyndir í þeirri umræðu verið beygðar og aðrar ekki sagðar. Forsöguna má rekja til þess að undir forystu ríkisstjórnar Samfylkingar og Vinstri grænna samþykkti Alþingi lög nr. 99/2010 um ívilnanir vegna nýfjárfestinga. Lög þessi heimiluðu framkvæmdavaldinu að gera ívilnunarsamninga vegna nýfjárfestingaverkefna á landsbyggðinni eftir nákvæmum skilyrðum samþykktum af ESA, EFTA og Evrópusambandinu. Slíka samninga var hægt að gera vegna nýrra verkefna, nýrrar starfsemi eða sjálfstæðrar viðbótar við eldra verkefni.

Lögin taka til nýfjárfestinga en ekki nýsköpunar og þau tilgreina nákvæma forskrift á því hvaða ívilnanir má veita. Settur var markviss rammi um ívilnanarveitingar stjórnvalda en fyrir þennan tíma voru þær sértækar og fyrst og fremst veittar erlendum stórfyrirtækjum í orkufrekum iðnaði. Þessi nýja löggjöf gaf þannig öllum fyrirtækjum, bæði litlum og stórum, sem áformuðu nýfjárfestingu og uppfylltu skilyrði laganna kost á að sækja um ívilnanir. Fyrirtæki á fjármála-, vátrygginga- eða verðbréfasviði voru þó undanskilin. Umsóknar- og matsferli var stýrt af þriggja manna nefnd og voru allar umsóknir metnar eins samkvæmt skilyrðum laganna.

Stjórnvöld hafa nú undirritað ívilnunarsamninga vegna nýfjárfestinga við 12 fyrirtæki og er Matorka eitt þessara félaga. Fjórir ráðherrar; Katrín Júlíusdóttir, Oddný Harðardóttir, Steingrímur J. Sigfússon og Ragnheiður E. Árnadóttir hafa undirritað ívilnunarsamninga, sem allir eru efnislega eins og í samræmi við forskrift laganna, nema samningur við PCC á Húsavík. Meðal þessara fyrirtækja er Matorka sem áformar byggingu fjöleldisstöðvar á Reykjanesi. Ef af verkefninu verður mun það m.a. skapa milljarða króna í gjaldeyristekjur á ári, um 45 störf og skila milljörðum króna í tekjur fyrir ríkissjóð á næstu tíu árum þrátt fyrir ívilnunarsamning fyrirtækisins. Sá misskilningur hefur verið algengur í umræðunni að leggja ívilnanir að jöfnu við bein ríkisframlög. Það er alröng nálgun. Það eru bein ríkisframlög þegar t.d. eitt fiskeldisfyrirtæki fær 100 milljónir á fjárlögum ársins 2015 til uppbyggingar fiskeldisvinnslu á Vestfjörðum. Ívilnunarsamningar fela hins vegar í sér afslátt af tilteknum opinberum gjöldum í afmarkaðan tíma, upp að tiltekinni fjárhæð en ekki er um að ræða beinan fjárstuðning skv. fjárlögum. Engar ívilnanir eru veittar ef verkefnið kemst ekki af stað og þá verður heldur ekki af sköpun nýrra verðmæta, starfa eða skatttekna til ríkissjóðs og sveitarfélaga.

**Form sem er afar algengt**

Eftir að lög nr. 99/2010 féllu úr gildi í árslok 2013 hafa stjórnvöld leitað staðfestingar Alþingis fyrir ívilnunarsamningum sem hafa í öllum tilvikum verið staðfestir óbreyttir. Nú standa eftir fjórir samningar sem ekki hafa verið staðfestir, þar af er einn samningur sem liggur nú fyrir atvinnuveganefnd. Á sama tíma liggur fyrir Alþingi nýtt frumvarp til laga um nýfjárfestingar. Frumvarpið er í öllum meginatriðum sambærilegt við fyrrnefnd lög og byggir á sömu römmum.

Skiptar skoðanir eru sjálfsagt á því hvort rammalöggjöf um veitingu ívilnana sé rétta tækið til að örva og efla nýfjárfestingu á Íslandi. Í grein Völu Valtýsdóttur og Haraldar Birgissonar, sérfræðinga hjá Deloitte, í Viðskiptablaðinu þann 9. apríl sl. benda þau á að þetta form sé afar algengt í löndunum í kringum okkur, aðferð sem notuð er til að laða að erlenda fjárfestingu og efla fjárfestingu í atvinnulífi. Verkefni Alþingis er að taka afstöðu til þeirrar grundvallarspurningar hvort og þá hvernig rammalöggjöf skuli sett um ívilnanir vegna nýfjárfestinga til framtíðar. Viljum við hafa kerfi sem hefur innbyggðan hvata fyrir fyrirtækin til að standa sig eða fara aftur í sértæk ríkisframlög veitt á fjárlögum?

Óháð þeirri framtíðarmúsík er það óumdeild staðreynd að í gildi voru lög um ívilnanir um nýfjárfestingar sem allir gátu sótt um ef þeir settu stefnuna á nýfjárfestingu á landsbyggðinni. Í trausti þeirra laga hafa fjölmörg fyrirtæki lagt mikla vinnu í umsóknir og umsóknarferilinn, halda nú á undirrituðum samningum við stjórnvöld og hafa allar réttmætar væntingar til að þessir samningar verði efndir. Þessir samningar eru í einu og öllu í samræmi við þær leikreglur sem gilt hafa, þ.m.t. samningur Matorku. Sé það til alvarlegrar skoðunar að búa svo um hnútana í nýrri löggjöf að taka einn þeirra tólf samninga sem gerðir voru af stjórnvöldum út fyrir sviga og ógilda einhliða, eru það vinnubrögð sem mismuna fyrirtækjum og sæma ekki Alþingi. Það bryti freklega gegn jafnræði aðilanna sem þegar hafa gengið frá gerð ívilnunarsamninga. Þingheimur hlýtur að hafna slíkum ómálefnalegum vinnubrögðum.

# Eldri borgarar eiga að lifa með reisn

KJÖR ALDRAÐRA



Björgvin Guðmundsson
formaður kjaranefndar Félags eldri borgara í Rvík

➜**Hvergi á Norðurlöndum er svona naumt skammtað til eldri borgara eins og hér. Þetta er skammarlega lágt hérna.**

Hvað þurfa eldri borgarar mikinn lífeyri á mánuði til þess að þeir geti lifað með reisn síðasta æviskeið sitt? Um þetta eru menn ekki á eitt sáttir. Hagstofan kannar ekki framfærslukostnað eldri borgara.

En Hagstofan rannsakar reglulega meðaltalsútgjöld heimilanna í landinu til neyslu. Þessi rannsókn er neyslukönnun. Hún var síðast birt í desember 2013. Samkvæmt henni eru meðaltalsútgjöld einhleypinga til neyslu miklu meiri en sá lífeyrir, sem Tryggingastofnun skammtar einhleypum eldri borgurum.

**Nánasarlega skammtað**

Neyslukönnun Hagstofunnar segir okkur, að sá lífeyrir, sem Tryggingastofnun ríkisins skammtar eldri borgurum, hrekkur hvergi nærri fyrir brýnustu útgjöldum. Einhleypir eldri borgarar, sem einungis hafa tekjur frá Tryggingastofnun, hafa aðeins 192 þúsund krónur í lífeyri á mánuði eftir skatt frá TR. Miðað við neyslukönnun Hagstofunnar vantar 129 þúsund krónur á mánuði til þess að það dugi. Samkvæmt neyslukönnun Hagstofunnar þarf 321 þúsund á mánuði fyrir einhleyping. Það er nánasarlega skammtað til eldri borgara hjá Tryggingastofnun en að sjálfsögðu bera stjórnvöld ábyrgð á þessari skömmtun. Það er engin leið fyrir eldri borgara að lifa með reisn á 192 þús. kr. á mánuði. Með þessari skömmtun er verið að halda kjörum aldraðra niðri. Það verður að stórhækka þessar lífeyrisgreiðslur. Það má byrja á því að fara með lífeyrinn í 300 þúsund krónur á mánuði í áföngum. En síðan þarf lífeyrinn að hækka í 321 þúsund á mánuði í samræmi við neyslukönnun Hagstofunnar.

**Misjafn hagur aldraðra**

Hagur eldri borgara er mjög misjafn. Hann fer einkum eftir tvennu: Lífeyrissjóði og húsnæðiskostnaði. Það er tiltölulega lítill hópur eldri borgara, sem hefur góðan lífeyrissjóð. Þorri launþega, t.d ófaglært verkafólk og iðnaðarmenn hafa fremur lágan lífeyri mánaðarlega úr lífeyrissjóði. Og síðan gerist sú ósvinna, að tryggingabætur eru skertar mjög mikið vegna greiðslna úr lífeyrissjóði. Það er eins og eignaupptaka. Þeir eldri borgarar, sem eiga skuldlítið eigið húsnæði eru mun betur sett- ir en þeir aldraðir, sem eiga mjög skuldsett húsnæði eða verða að taka húsnæði á leigu. Húsaleiga í Reykjavík er í dag 140-170 þúsund krónur á mánuði fyrir litla íbúð. Þegar slík leiga hefur verið greidd, er lítið eftir af lífeyrinum frá Tryggingastofnun fyrir öðrum útgjöldum.

**125 þús kr. á mánuði í Noregi**

Hvergi á Norðurlöndum er svona naumt skammtað til eldri borgara eins og hér. Þetta er skammarlega lágt hérna. Á Íslandi er grunnlífeyrir 36 þúsund krónur á mánuði. Annars staðar á Norðurlöndunum er grunnlífeyrir miklu hærri og ekki eins miklar skerðingar á tryggingabótum. Í Noregi er grunnlífeyrir 125 þúsund kr. á mánuði fyrir einhleypa eldri borgara. Allir eldri borgarar fá hann séu þeir norskir ríkisborgarar og hafa búið nægilega lengi í Noregi. Þar tíðkast ekki slík hungurlús og hér fyrir aldraða.



ÚRVAL ÚTSÝN

# MALLORCA

FYRSTUR KEMUR FYRSTUR FÆR

## TAKTU ALLA MEÐ TIL MALLORCA

### Stórar íbúðir í Palmanova – góður gistimöguleiki fyrir stórar fjölskyldur, allt að 6 manns.

Mjög gott 3 stjörnu íbúðahótel á besta stað í Palmanova á Mallorca. Stutt er í skemmtigarðana Marineland og Western Water Park.

Í göngufjarlægð frá hótelinu er úrval verslana, kaffihúsa og veitingastaða og stutt til borgarinnar Palma.










## ROC PORTONOVA

14.-21. JÚLÍ ★★★

Roc Portonova er 3 stjörnu íbúðahótel sem hentar vel fyrir fjölskyldur. Leikvöllur og leikherbergi er fyrir börnin. Íbúðirnar eru einfaldar og rúmgóðar.

VERÐDÆMI M.V. 6 MANNA FJÖLSKYLDU

**85.900 KR.**

Innifalið í verði hjá Úrvali Útsýn er flug, gisting, íslensk fararstjórn, flugvallaskattar, 20 kg ferðataska og handfarangur.

Úrval Útsýn | Hlíðasmára 19 | 201 Kópavogi | 585 4000 | uu.is

PIPAR/TBWA · SÍA

## AF NETINU

### Leiðrétting skiptir máli ef verðbólga hækkar



Fjölmiðlar keppast í dag við að selja fólki fyrirsagnir um að verðbólga muni éta upp leiðréttinguna.

Það er vissulega rétt að hærri verðbólga hækkar verðtryggðar skuldir og það er mikilvægt að vinna gegn verðbólgu á öllum vígstöðvum.

En verðbólga hækkar ekki það sem búið er að taka í burtu. Sá hluti lána sem búið er að færa niður bætist ekki á aftur. Því er það rangt að tala um að verðbólga éti upp leiðréttinguna. Ávinningurinn af leiðréttingunni heldur gildi sínu.

Þannig skiptir leiðréttingin fólk í raun meira máli ef verðbólga hækkar, vegna þess að óleiðrétt lán hefði hækkað enn meira en leiðrétta lánið gerir. Munurinn á greiðslum er satt að segja sláandi.

http://www.johannesthor.com

*Jóhannes Þór Skúlason, aðstoðarmaður forsætisráðherra*






# Tollar: umfangsmesti matarskatturinn

NEYTENDAMÁL



**Björn Brynjúlfur Björnsson**
hagfræðingur Viðskiptaráðs Íslands

Virðisaukaskattur á matvæli var um áramótin hækkaður úr 7% í 11%. Sú breyting mætti andstöðu úr fjölmörgum áttum og voru um 500 fréttir sagðar af málinu. Forsætisráðherra hefur sagt þessa breytingu vera erfiðasta mál ríkisstjórnarinnar til þessa. Ljóst er að matvælaverð skiptir íslenskan almenning miklu máli.

Í því ljósi er áhugavert að skoða áhrif annarra matarskatta á matvælaverð. Þar má helst nefna að hér á landi hafa síðastliðin ár verði lagðir háir innflutningstollar á matvæli. Tollar leggjast á um 40% vörutegunda í matarkörfu Íslendinga vegið eftir verðmæti. Þar vega þyngst tollar á mjólkurvörur og kjöt. Ætla má að innflutningstollar nemi í dag um 20% álagi á innflutningsverð osta, 41% á nautakjöt, 48% á svínakjöt, 92% á kjúkling, 107% á smjör og 156% á egg.

Áhrif tolla á matvælaverð leyna sér ekki. Matvæli sem ekki bera innflutningstolla eru ódýrari hér en í nágrannaríkjunum. Fiskur, ávextir, grænmeti og kornvörur njóta ekki tollverndar og er verð á þessum vörutegundum 7-15% lægra hérlendis. Hins vegar er verð á tollvernduðum matvælum um yfirleitt hærra. Þannig er verð á smjöri, eggjum, ostum, nautakjöti, svínakjöti og kjúklingi á bilinu 19-59% hærra hér en í nágrannaríkjunum.

Reynslan sýnir að afnám tolla skilar sér í lægra vöruverði. Þegar tollar af agúrkum, tómötum og papriku voru afnumdir árið 2002 lækkaði verð til neytenda um allt að 45%. Varlega áætlað myndi afnám allra innflutningstolla lækka matvælaverð á Íslandi um 6%. Það jafngildir 76 þúsund króna lækkun matarútgjalda á hverja fjölskyldu á ári. Til samanburðar jók fyrrnefnd hækkun virðisaukaskatts á matvæli sömu útgjöld um 13 þúsund krónur á ári – einn sjötta þeirrar upphæðar.

**➜ Áhrif tolla á matvælaverð leyna sér ekki. Matvæli sem ekki bera innflutningstolla eru ódýrari hér en í nágrannaríkjunum.**

Þeir sem vilja lægra matvöruverð hérlendis ættu að beita sér fyrir afnámi innflutningstolla, enda eru slíkir tollar umfangsmesti matarskatturinn. Það er því óskandi að innflutningstollar verði jafn umdeildir og hækkun virðisaukaskatts var þegar stjórnvöldum verður veitt aðhald á komandi misserum.

# Kjaramál í brennidepli – lífeyrir hækki einnig

KJARAMÁL



**Jóna Valgerður Kristjánsdóttir**
formaður Landssambands eldri borgara

Það ætti ekki að vekja neina furðu að stéttarfélög geri kröfur um hærri laun og aukinn kaupmátt. Það sem hefur verið að gerast síðustu misserin þegar hálaunahópar hafa verið að bæta kjör sín verulega, getur ekki leitt til annars en að þeir sem telja sig hafa setið eftir geri kröfur um bætt kjör. Að halda því fram að þjóðfélagið fari kollsteypu vegna þess að þeir sem eru á lægstu töxtum fái launahækkun er frekar ótrúverðugt. Ekki er hægt að sjá að það hafi gerst við verulegar launahækkanir annarra.

Landssamband eldri borgara tekur heilshugar undir kröfur verkalýðssamtaka um hækkun lágmarkslauna. Það er öllum ljóst að það lifir enginn á þeim lágmarkslaunum sem gilda í dag og það sama má segja um þá sem hafa lítið meira en lífeyri almannatrygginga til að lifa af. Landssambandið krefst þess að lífeyrir almannatrygginga taki sömu hækkunum og lágmarkslaun sem samið verður um í næstu kjarasamningum. Jafnframt skal á það bent að enn er eftir að leiðrétta 20% kjaragliðnunina árin 2009-2013 sem lífeyrisþegar tóku á sig. Við teljum að 300.000 kr. lágmarkslaun á þremur árum sé ekki ofviða íslensku atvinnulífi og ekki til þess fallið að ógna þeim stöðugleika sem við viljum varðveita. Það er ekki sanngjarnt að hinir lægst launuðu taki á sig ábyrgð á stöðugleika í verðlagi, en hærra launaðir aðilar ekki. Þá er það á allra vitorði að ekki er hægt að framfleyta sér sæmilega á þeim lágmarkslífeyri sem bætur almannatrygginga eru, og jafnvel þó fólk hafi allt að 75.000 kr. í tekjur frá lífeyrissjóði. Því staðan er sú að þær tekjur skerða bara bætur almannatrygginga vegna þeirra tekjutenginga sem gilda. Fólk er því fast í fátæktargildru vegna allra tekjuskerðinganna sem gilda um bætur almannatrygginga. Löngu er tímabært að einfalda kerfi almannatrygginga og draga úr tekjutengingum. Það á ekki síst við um þá sem núna eru á ellilífeyri og hafa ekki haft möguleika til að afla sér mikilla réttinda í lífeyrissjóðum. Með framfærsluuppbótinni sem sett var á í góðum tilgangi árið 2008 til að hjálpa þeim verst settu í kreppunni, hefur lífeyrissjóðakerfið beðið hnekki. Því framfærsluuppbótin skerðist 100% á móti lífeyrissjóðstekjum, þar til hún fellur alveg niður. Fólk hefur lítinn hag af lífeyrissjóðstekjum, fyrr en þær eru komnar yfir 100.000 krónurnar. Aldraðir hafa engan verkfallsrétt en gera þá sjálfsögðu kröfu að þeir fái sömu hækkanir og samið verður um í þessari launadeilu. Þeir hafa unnið og skapað það þjóðfélag sem við búum við og eiga skilið betri kjör.

**➜ Það er öllum ljóst að það lifir enginn á þeim lágmarkslaunum sem gilda í dag og það sama má segja um þá sem hafa lítið meira en lífeyri almannatrygginga til að lifa af.**

# Til hvers þarf rándýrar skólabyggingar?

BORGARMÁL



**Kristinn Steinn Traustason**
formaður íbúasamtaka Úlfarsárdals

Borgarstjóri kynnti á opnum íbúafundi viðhorfskönnun borgarinnar til umhverfis og þjónustu í hverfinu. Einnig var framkvæmdar- og frumkostnaðaráætlun fyrir uppbyggingu á nýrri miðju fyrir hverfin Úlfarsárdal og Grafarholt. Þar verður byggður nýr Dalskóli, íþróttaaðstaða fyrir Fram, menningarmiðstöð með bókasafni og sundlaug. Fjölmenni var á fundinum og voru viðbrögð fundarmanna æði blendin.

Viðhorfskönnunin kom verulega illa út fyrir borgina þar sem fólk í hverfinu er afar óánægt með þá þjónustu sem borgin veitir. Það kemur undirrituðum ekki á óvart enda margar ástæður fyrir því. Svo sem þjónusta við íbúa og hvernig borgin hefur komið fram í skipulagi hverfisins þar sem ekki hefur verið tekið neitt mark á þeim fjölmörgu athugasemdum sem íbúar hafa gert við hinar ýmsu skipulagstillögur.

Nú er ljóst að Reykjavíkurborg ætlar sér ekki að standa við stóru orðin og byggja hratt upp skóla og þjónustubyggingar í Úlfarsárdal fyrir íbúa Úlfarsárdals og Grafarholts eins og lofað var.

Borgin ætlar sér 7 ár í viðbót við þau 3 ár sem nú eru liðin frá því ákveðið var að breyta skipulagi Úlfarsárdals. Því verða liðin 15 ár frá því að fyrstu íbúar Úlfarsárdals fluttu í hverfið og um aldarfjórðungur frá því íbúar fluttu í Grafarholtið.

Maður spyr sig að því til hvers þurfi að byggja alla þessa fínu og fallegu skóla um alla borg sem kosta marga milljarða ef það er í lagi að koma heilu árgöngunum í gegnum skólakerfið í bráðabirgðahúsnæði. Væri ekki nær að spara allt þetta fjármagn og nýta í einhver önnur skemmtilegri verkefni á vegum borgarinnar, ef þetta er nóg?

**➜ Viðhorfskönnunin kom verulega illa út fyrir borgina þar sem fólk í hverfinu er afar óánægt með þá þjónustu sem borgin veitir.**

Einnig væri hægt að nýta bæjarlækinn til sundkennslu eins og gert var í gamla daga, allir lærðu jú að synda.

Nei, í alvöru talað þá getur það vart talist til eðlilegra vinnubragða við uppbyggingu og rekstur hverfa borgarinnar að heilu árgangarnir fari í gegnum grunnskólakerfið við þær aðstæður sem okkar börnum er boðið upp á. Í ljósi þeirrar miklu og metnaðarfullu uppbyggingar sem fyrirhuguð er í Reykjavík á komandi árum ætti þessi framkvæmd sem okkur hefur verið kynnt að endurspegla þann metnað og setja ný viðmið í hraða uppbyggingar innviða hverfa borgarinnar, 15 ár til þess er of langur tími – betur má ef duga skal.

# ÚRVAL AF BARNAHJÓLUM!

## OPIÐ KL. 10-16 SUMARDAGINN FYRSTA



### 12" REIÐHJÓL 2-4 ÁRA

| | |
|---|---|
| KROSS GRAND KID TOLA 12" | 24.880,- |
| KROSS GRAND KID TOLA 12" | 24.880,- |
| KROSS GRAND KID TOM 12" | 24.880,- |
| KROSS GRAND KID TOM 12" | 24.880,- |

### 16" REIÐHJÓL 3-6 ÁRA

| | |
|---|---|
| KROSS GRAND KID LOLA 16" | 29.590,- |
| KROSS PRETTY 16" | 29.543,- |
| KROSS GRAND KID LOLA 16" | 29.590,- |
| KROSS GRAND KID KRIS 16" | 29.590,- |

### 20" REIÐHJÓL 5-8 ÁRA

| | |
|---|---|
| KROSS KIS TRIXX 20" | 34.990,- |
| KROSS KID TRIXY 20" | 34.990,- |
| MONGOOSE ROCKADILE 20" | VÆNTANLEGT |
| MONGOOSE ROCKADILE 20" | 42.387,- |

### 24" REIÐHJÓL 8-12 ÁRA

| | |
|---|---|
| KROSS MODO 24" | 51.900,- |
| KROSS HEXAGON REPLIC 24" | 52.900,- |
| KROSS LEVEL REPLICA 24" | 69.900,- |
| MONGOOSE FIREBALL 20" | 74.993,- |

### ...OG EKKI MÁ GLEYMA HJÁLMUNUM!

| | |
|---|---|
| ETTO BERNINA PRINCESS - SCANDINAVIAN SAFETY | 6.906,- |
| ETTO ZERO - SCANDINAVIAN SAFETY | 7.895,- |
| ETTO BERNINA - SCANDINAVIAN SAFETY | 6.990,- |
| ETTO BERNINA ROBO - SCANDINAVIAN SAFETY | 6.906,- |
| ETTO PSYCHO - SCANDINAVIAN SAFETY | 7.895,- |

cannondale KROSS mongoose

GAP

HJÓLA- OG SPORTVÖRUVERSLUNIN · FAXAFENI 7 · REYKJAVÍK · SÍMI 5 200 200

VERSLAÐU Á WWW.GÁP.IS

## Það gengur á ýmsu í orgelhúsinu

Guðný Einarsdóttir flytur ævintýrið Lítil saga í orgelhúsi í Fella- og Hólakirkju í dag.



„Ég ákvað að búa til sögu um orgelpípurnar og fékk Michael Jón Clarke til að semja tónlist við hana. Þar eru persónur eins og prinsinn og prinsessan enda hljómar orgelið dálítið konunglega,“ segir Guðný Einarsdóttir, organisti í Fella- og Hólakirkju, glaðlega þegar forvitnast er um efni tónævintýrsins Lítil saga úr orgelhúsi sem hún flytur ásamt Bergþóri Pálssyni söngvara, í dag klukkan 18.

Guðný segir pípurnar mismunandi að stærð, útliti og hljómi. Þær búa allar í orgelhúsinu. „Það gengur á ýmsu á heimilinu og vandræðin aukast þegar ein söguhetjan ákveður að fara burt,“ lýsir hún og segir Bergþór segja söguna á mjög leikrænan hátt. „Við Bergþór fórum að æfa fyrir svona þremur vikum og efnið verður alltaf meira og meira lifandi.“

Guðný fékk líka listamanninn Fanneyju Sizemore til að teikna myndir af atburðunum, þær verða sýndar á tjaldi og hjálpa til við að koma sögunni til skila.

Verkinu hefur þegar vakið áhuga víðsvegar um heim því sennilega er þetta í fyrsta skipti sem slíkt tónlistarævintýri er búið til fyrir orgel.

Lítil saga í orgelhúsi er liður í Barnamenningarhátíð Reykjavíkur. - gun



Okkar ástkæri

**EYSTEINN ÞÓRÐARSON**
**frá Bersatungu í Saurbæ,**

sem lést á Hjúkrunarheimilinu Silfurtúni mánudaginn 13. apríl, verður jarðsunginn frá Staðarhólskirkju mánudaginn 27. apríl kl. 14.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á minningarsjóð Silfurtúns.

**Aðstandendur**



Hjartans þakkir til allra þeirra sem sýndu mér samúð, kærleik og vináttu við andlát og útför elsku mannsins míns,

**GUÐLAUGS HEIÐARS JÖRUNDSSONAR**
**Bollagörðum 57, Seltjarnarnesi.**

Starfsfólki Fríðuhúss og hjúkrunarheimilisins Sóltúns eru færðar þakkir fyrir yndislega umönnun.

**Guð blessi ykkur öll.**
**Guðrún V. Haraldsdóttir**



Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma, langamma, systir og fóstursystir,

**FREYJA FANNDAL SIGURÐARDÓTTIR**
**Hraunvangi 1, Hafnarfirði,**

lést fimmtudaginn 16. apríl á líknardeildinni í Kópavogi. Útförin fer fram frá Kotstrandarkirkju föstudaginn 24. apríl kl. 13.00. Blóm og kransar afþakkaðir. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á minningarsjóð Karitas.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Einar Sigurðsson**



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**SIGRÚN BERGSDÓTTIR**
**frá Hnappavöllum í Öræfum,**

sem lést á Heilbrigðisstofnun Suðausturlands þann 13. apríl síðastliðinn, verður jarðsungin frá Hofskirkju í Öræfum, laugardaginn 25. apríl nk. kl. 14.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á styrktarsjóð Heilbrigðisstofnunar Suðausturlands.

**Guðmundur Bergur Þórðarson** **Rósa Guðrún Daníelsdóttir**
**Stefanía Lóa Þórðardóttir** **Heiðar Björgvin Erlingsson**
**og barnabörn.**



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**EGILL BJARNASON**
**fv. héraðsráðunautur í Skagafirði,**
**Bárustíg 1, Sauðárkróki,**

lést á Heilbrigðisstofnuninni á Sauðárkróki miðvikudaginn 15. apríl. Útförin fer fram frá Sauðárkrókskirkju laugardaginn 25. apríl kl. 14.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Minningarsjóð Sigurlaugar Gunnarsdóttur frá Ási. Minningarkortin fást í Blóma- og gjafabúðinni Sauðárkróki.

**Alda Vilhjálmsdóttir**
**Vilhjálmur Egilsson** **Ragnhildur Pála Ófeigsdóttir**
**Ásta Egilsdóttir** **Lárus Sighvatsson**
**Bjarni Egilsson** **Elín Petra Guðbrandsdóttir**
**Árni Egilsson** **Þórdís Sif Þórisdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



**STÓRAFMÆLI** Karlakór Bólstaðarhlíðarhrepps býður til söngveislu í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/NA

## Söngveisla í Húnaveri

Karlakór Bólstaðarhlíðarhrepps er 90 ára. Allri sveitinni er af því tilefni boðið til veislu þar sem kórinn syngur gömul lög og ný. Margir kórmeðlimir hafa verið í kórnum í áratugi.

Karlakór Bólstaðarhlíðarhrepps fagnar 90 ára afmæli í dag. „Við ætlum að halda upp á afmælið annað kvöld í Húnaveri,“ segir Höskuldur Birkir Erlingsson, formaður kórsins. Kórinn hefur undanfarið verið að æfa dagskrá fyrir afmælistónleikana undir stjórn Sveins Árnasonar frá Víðimel í Skagafirði. Þar verða flutt lög sem kórinn hefur sungið í gegnum tíðina.

„Undanfarin ár höfum við verið að syngja lög sem eru meira í léttari kantinum. Við erum til dæmis nýbúnir með prógramm sem er byggt á lögum Villa Vill og Ellýjar Vilhjálms, en áður sungum við klassískari karlakóralög, dagskráin í Húnaveri verður blanda af þessu,“ segir Höskuldur.

Kórinn var stofnaður 22. apríl 1925 en á vefsíðu kórsins segir að „í göngum á Eyvindarstaðarheiði 1924, hafi eina nóttina við Ströngukvísl verið fastmælum bundið að stofna karlakór í Bólstaðarhlíðarhreppi“. Ekkert var framkvæmt í þessum efnum fyrr en undir áramót en sagan segir að þá hafi verið haldin skemmtisamkoma í Bólstaðarhlíð og þeir sem sungu mest fyrrnefnda nótt við Ströngukvísl drógu sig saman, héldu fund og úr varð að kórinn var stofnaður.

**Þeir sem sungu mest héldu fund og kórinn var stofnaður.**

Margir kórmeðlimir hafa haldið tryggð við kórinn í áratugi en Höskuldur segir að einn sé nýhættur sem hafi verið með í 50 ár og nú séu þrír meðlimir sem hafi verið í kórnum í 45 ár. Öllum sveitungum og velunnurum kórsins verður boðið í kaffi og söng í kvöld til að gleðjast með kórnum á þessum tímamótum.

sandra@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 22. APRÍL 1950

## Íslandsklukkan frumsýnd

Þann 22. apríl 1950 var leikritið Íslandsklukkan eftir Halldór Laxness frumsýnt í Þjóðleikhúsinu. Verkið var fyrst sett á svið þegar Þjóðleikhúsið var vígt árið 1950 og var sýningin ein af þremur opnunarsýningum leikhússins. Vakti Íslandsklukkan langmesta hrifningu þessara leikrita og var sýnd við gríðarlegar vinsældir allt fram á árið 1952.

Svipmiklar aðalpersónur verksins, Jón Hreggviðsson, Snæfríður Íslandssól og Arnas Arnæus, hafa eignast vissan stað í hjarta Íslendinga. Leikritið var síðar gefið út á bók undir nafninu Snæfríður Íslandssól.



**ÍSLANDSKLUKKAN 1950**
**ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ**



Ástkær eiginmaður minn, sonur, faðir, tengdafaðir og afi,

**EGILL PÁLSSON**
**Lyngási á Mýrum,**

andaðist sunnudaginn 19. apríl á Sjúkrahúsi Akraness. Útförin fer fram frá Borgarneskirkju, miðvikudaginn 29. apríl, kl. 14.00.

**Jónína Bára Óskarsdóttir**
**Gróa Guðmundsdóttir**
**Pétur Þór Egilsson**
**Bergsteinn Óskar Egilsson** **Klara B. Gunnarsdóttir**
**Sigmar Páll Egilsson**
**Egill Örn Egilsson**
**og afabörn.**



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**CHRISTHILD FRIÐRIKSDÓTTIR ÁÐUR BECKEMEIER**
**kennari og leiðsögumaður,**
**Æsufelli 4, Reykjavík,**

lést 23. mars á hjúkrunarheimilinu Sóltúni. Útförin fór fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Þökkum auðsýnda samúð. Bestu þakkir fær starfsfólk Sóltúns, 3. hæð c, fyrir umönnun hennar.

**Ragnar Bjarnason**
**Gottskálk Jón Bjarnason** **Arndís Hervinsdóttir**
**Heiða K. Þ. Bjarnadóttir** **Helgi Magnússon**
**Hinrik D. Bjarnason** **Kristín Harðardóttir**
**barnabörn og langömmubörn.**



ROLEX
MICHELSEN
ÚRSMIÐIR
Laugavegur 15 - 101 Reykjavík
511 1900 - www.michelsen.is


# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 22. apríl 2015 | 16. tölublað | 11. árgangur

Sími: 512 5000 | vísir www.visir.is

VIÐ KOMUM VÍÐA VIÐ!
GuðjónÓ
VISTVÆNA PRENTSMIÐJAN




## Kaupa allt hlutafé í Advania



Aðaleigandi Advania, AdvInvest, hefur samið við Framtakssjóð Íslands um kaup á öllu hlutafé sjóðsins í fyrirtækinu. Þá kveður samkomulagið á um að öðrum hluthöfum verði boðið að selja hlut sinn á sömu kjörum. Jafnframt er stefnt að skráningu Advania í Kauphöll Íslands árið 2016 og í kjölfarið verður félagið skráð í kauphöllinni í Stokkhólmi.

➜ SÍÐA 2

## Skortir stefnu gegn spillingu

Félög skráð í Kauphöll Íslands koma flest vel út í rannsókn á gegnsæi samanborið við erlend stórfyrirtæki. Rannsóknin var lokaverkefni Önnu Kristínu Lobers, viðskiptafræðinema við Háskóla Íslands. Anna segir þó að ýmislegt megi bæta hvað varðar gegnsæi hér á landi. Fæst fyrirtæki hafa markað opinbera stefnu gagnvart spillingu.

➜ SÍÐA 4

## Nýtt hlutverk Heiðars



Heiðar Austmann var 21 árs þegar hann hóf störf í útvarpi. Nú er hann byrjaður í vinnu hjá Fjörefli og hefur að mestu yfirumsjón með daglegum rekstri fyrirtækisins. Heiðar segir þetta vera töluverða breytingu frá því að hann vann með tugum annarra starfsmanna í opnu rými. „Það er töluverð breyting og maður þurfti að taka því,“ segir Heiðar. Hann sé mikil félagsvera og hafi mikla þörf fyrir að vera á spjalli við fólk.

➜ SÍÐA 8

**STJÓRNARMAÐURINN**
@stjornarmadur

**Uber gerir strangar kröfur til bílstjóra. Bíllinn má ekki vera eldri en fjögurra ára og bílstjórinn skal hafa óflekkað mannorð.**

➜ SÍÐA 12

EY
Alþjóðleg þekking - persónuleg þjónusta
Endurskoðun | Skattur | Ráðgjöf
Ernst & Young ehf. Borgartúni 30, 105 Reykjavík
ey.is

# Leiðbeinandi eftirlit eða refsivöndur?

Skjóðan

**VIRKT** samkeppniseftirlit er mikilvægt fyrir frjálsa samkeppni á markaði. Neytendur veita sjálfir öflugt samkeppniseftirlit en stundum dugar það ekki til. Á fákeppnismörkuðum á borð við eldsneytissölu, bankastarfsemi og greiðslukortaþjónustu er mikilvægt að skilvirk og öflug eftirlitsstofnun fylgist með því að stórir aðilar á markaði beiti ekki ólöglegu samráði t.d. til að knésetja smærri aðila á markaði eða hækka verð til neytenda umfram það sem eðlilegt er.



**NÝLEGA** féll dómur í máli sem Samkeppniseftirlitið kærði til lögreglu fyrir margt löngu. Málið snerist um meint verðsamráð Byko, Húsasmiðjunnar og Úlfsins á grófvöru á borð við timbur, steinull og gifsplötur. Rannsókn málsins tók fjögur ár hjá samkeppnisyfirvöldum og lögreglu.

**TÓLF** manns voru ákærðir, flestir ungir og óreyndir, en enginn stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri sætti ákæru. Ákærurnar beindust að starfsmönnum á plani en ekki stjórnendum fyrirtækjanna. Ellefu voru sýknaðir og einn millistjórnandi dæmdur í eins mánaðar skilorðsbundið fangelsi, sem verður að telja undarlegt í ljósi þess hve erfitt hlýtur að vera að sanna samráð manns við sjálfan sig eða ólögmæti þess.

**DÓMARINN** dæmdi ríkið til að greiða samtals 90 milljónir í málsvarnarlaun hinna ákærðu. Að auki hefur margra ára rannsókn hjá Samkeppniseftirlitinu og lögreglu auk undirbúnings ákæruvaldsins vart kostað minna en 30-40 þúsund vinnustundir þannig að kostnaður ríkisins nemur samtals hátt í hálfan milljarð við þessa sneypuför.

**OG** hvaða þúfa velti nú þessu þunga hlassi yfir á skattgreiðendur þessa lands? Jú, samkeppnisaðili sakaði ofangreind fyrirtæki um að hafa með sér verðsamráð. Alvarlegt mál, ekki satt? En hvað leiddi rannsókn málsins í ljós? Jú, starfsmenn fyrirtækjanna höfðu hringt sín á milli til að spyrja um verð á tilteknum vörum. Í einhver skipti spurði sá sem hringt var í um verð hjá hringjanda um leið og hann gaf umbeðnar upplýsingar, en slíkt mun brjóta í bága við lög.

**EN** er einhver munur á svona hringingum og því þegar starfsmenn Bónus gera verðkönnun í verslunum Krónunnar og öfugt? Felst eitthvað meira verðsamráð í símtali en að mæta á staðinn? Alveg örugglega ekki.

**ÞARNA** hafa Samkeppniseftirlitið, lögregla og saksóknari sólundað hálfum milljarði í dauðadæmda málsókn þegar einfaldast hefði verið hjá forstjóra Samkeppniseftirlitsins að kalla einfaldlega stjórnendur fyrirtækjanna á fund, benda þeim á að ekki er leyfilegt að skiptast á upplýsingum um verð í síma og beina því til þeirra að veita starfsfólki sínu viðeigandi þjálfun. Annars fari málið í viðurlagaferli.

**SAMKEPPNISEFTIRLITINU** er nefnilega eins ætlað að vera leiðbeinandi eftirlitsstofnun sem stuðlar að heilbrigðri samkeppni og refsivöndur sem refsar eftir á fyrir samkeppnisbrot.

**SKJÓÐAN** er frekju- og leiðindaskjóða, sem lætur ekkert mannlegt sér óviðkomandi.

# SVÍARNIR KAUPA ALLT HLUTAFÉÐ Í ADVANIA

***Sænsku fjárfestarnir sem eiga meirihluta hlutafjár í tæknifyrirtækinu Advania sömdu við Framtakssjóð Íslands um kaup á öllu hlutafé sjóðsins í fyrirtækinu. Gera öðrum eigendum tilboð um kaup á sömu kjörum. Forstjórinn segir að höfuðstöðvar fyrirtækisins og öll meginstarfsemi verði áfram hér á landi.***



**FORSTJÓRINN** Gestur G. Gestsson segir kaup AdvInvest á 58,5 prósenta hlut í Advania af FSÍ um mitt síðasta ár enn vera stærstu erlendu fjárfestinguna í upplýsingatækni á Íslandi eftir hrun. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Aðaleigandi Advania, AdvInvest, hefur samið við Framtakssjóð Íslands (FSÍ) um kaup á öllu hlutafé sjóðsins í fyrirtækinu. Þá kveður samkomulagið á um að öðrum hluthöfum verði boðið að selja hlut sinn á sömu kjörum.

Jafnframt er stefnt að skráningu Advania í Kauphöll Íslands árið 2016 og í kjölfarið verður félagið skráð í kauphöllinni í Stokkhólmi.

Með skráningu á Íslandi gefst almennum fjárfestum tækifæri til að fjárfesta í íslensku upplýsingatæknifyrirtæki með alþjóðalega starfsemi.

Gestur G. Gestsson, forstjóri Advania, segir kaup AdvInvest á 58,5% hlut í Advania af FSÍ um mitt síðasta ár enn vera stærstu erlendu fjárfestinguna í upplýsingatækni á Íslandi frá hruni. „Á þeim tíma vildi FSÍ ekki selja allan hlut sinn í Advania þrátt fyrir að AdvInvest hafi sóst eftir því. Áform um skráningu í Kauphöll á Íslandi og góður gangur í uppbyggingu Advania sem íslensks fyrirtækis í alþjóðastarfsemi, auk þeirrar virðisaukningar sem það hefur skapað, gerði það að verkum að FSÍ var tilbúið til að selja hlut sinn nú,“ segir hann.

Gestur segir jafnframt að þessi fjárfesting sýni tiltrú á íslensku atvinnulífi og grundvelli þess að reka upplýsingatæknifyrirtæki hérlendis.

Gestur segir að eigendur Advania leggi áherslu á að kjarninn í starfsemi Advania verði áfram á Íslandi. AdvInvest er í eigu norrænna fjárfesta sem hafa langa og farsæla reynslu í upplýsingatækni og er leitt af Thomas Ivarson sem er í dag stjórnarformaður Advania.

> **Á þeim tíma vildi FSÍ ekki selja allan hlut sinn í Advania þrátt fyrir að AdvInvest hafi sóst eftir því.**

„Í því verkefni að byggja upp öflugt norrænt upplýsingatæknifyrirtæki hefur það reynst gríðarlegur styrkur fyrir stjórnendur Advania að hafa aðgengi að þeirri þekkingu, reynslu og tengslaneti sem AdvInvest kom með að stjórnarborðinu,“ segir hann. Gestur segir að aðkoma nýrra eigenda hafi þegar skilað nýjum verkefnum til Advania og fjölgað störfum hjá fyrirtækinu á Íslandi.

Advania verður áfram íslenskt fyrirtæki með höfuðstöðvar og kjarna allrar sinnar starfsemi á Íslandi. Gestur segir einnig að starfsemi Advania á Íslandi muni aukast, enda hafi það ótalmarga kosti í för með sér að reka upplýsingatæknifyrirtæki hér heima. „Við búum yfir mjög hæfu fólki sem er tilbúið að leggja mikið á sig og takast á við ögrandi verkefni,“ segir Gestur.

jonhakon@frettabladid.is


## Fjarvera frá vinnu

*Vinnuvernd aðstoðar fyrirtæki að ná yfirsýn yfir fjarvistir í fyrirtækinu og býður vinnustöðum fjölbreytta þjónustu á því sviði s.s. fjarvistaskráningu, fjarverusamtöl, mótun fjarverustefnu, og þjónustu trúnaðarlækna.*

**Ávinningur vinnustaðar af þjónustu:**

- Aukin þjónusta við stjórnendur á mannauðssviði
- Aðgengi starfsmanna að heilbrigðisstarfsfólki
- Skýr vinnubrögð í tengslum við fjarvistir
- Aukið jafnræði
- Minni kostnaður vegna fjarvista

**Hafðu samband og við veitum frekari upplýsingar.**

Vinnuvernd ehf.
Brautarholt 28
105 Reykjavík
s: 5780800
www.vinnuvernd.is
vinnuvernd@vinnuvernd.is



VINNUVERND ehf
vellíðan í vinnu




## Dalshraun 3
Skrifstofurými tilbúið til innréttinga

Fallegt 650 m² skrifstofurými í austurhluta 2. hæðar. Húsið er nýtt og Reitir munu innrétta rýmið í samráði við nýjan leigutaka. Næg bílastæði eru við húsið auk aðgangsstýrðs bílakjallara.







## Hátún 2b
Sérstætt skrifstofuhús

Vandað 648 m² skrifstofuhúsnæði til leigu á tveimur hæðum auk kjallara. Á báðum hæðum eru rúmgóð og björt opin rými með stórum gluggum auk skrifstofu- og fundaraðstöðu. Þægilegt aðgengi er að húsnæðinu og næg bílastæði.

## Fiskislóð 10
Skrifstofurými á 2. hæð

Vandað u.þ.b. 625 m² skrifstofurými til leigu á annarri hæð. Gert er ráð fyrir nýjum sérinngangi með lyftu á bakhlið hússins. Rýmið skiptist í opið rými, fundarherbergi, nokkrar lokaðar skrifstofur og rúmgóða starfsmannaaðstöðu.

## Höfðabakki 9
Skrifstofuhæð með útsýni

Endurnýjuð rúmlega 900 m² skrifstofuhæð með frábæru útsýni. Á hæðinni eru skrifstofur og opin rými ásamt eldhúsum og snyrtingum. Mögulegt er að leigja hálfa hæðina. Höfðabakki 9 er rekinn með vistvænum hætti með starfandi húsverði.

# TIL LEIGU

Myndir, teikningar og nánari upplýsingar má nálgast á **www.reitir.is** og hjá **Halldóri Jenssyni** sölustjóra í **840 2100** eða **halldor@reitir.is.**

Kringlan 4–12 | 103 Reykjavík | www.reitir.is | 575 9000

REITIR

*Velkomin til starfa*

# Vantar stefnu gagnvart spillingu

***Gegnsæi hjá félögum í Kauphöll Íslands er almennt gott í alþjóðlegum samanburði. Helst vantar upp á að mörkuð sé stefna gagnvart spillingu og pólitískum framlögum.***

Félög skráð í Kauphöll Íslands koma flest vel út í rannsókn á gegnsæi samanborið við erlend stórfyrirtæki. Rannsóknin var lokaverkefni Önnu Kristínu Lobers, viðskiptafræðinema við Háskóla Íslands.

Meðaleinkunn íslensku félaganna var 4,4 en í sambærilegri rannsókn Transparency International á gegnsæi hjá 124 alþjóðlegum stórfyrirtækjum fékkst meðaleinkunnin 3,8.

Anna segir að það hafi komið henni skemmtilega á óvart hve vel íslensku félögin komu vel út í alþjóðlegum samanburði. Sérstaklega miðað við hve mikil pressan sé á alþjóðlegum stórfyrirtækjum um gegnsæi í viðskiptaháttum.



ANNA KRISTÍNA LOBERS

Anna segir þó að ýmislegt megi bæta hvað varðar gegnsæi hér á landi. Fæst fyrirtæki hafa markað opinbera stefnu gagnvart spillingu, frætt starfsfólk um helstu spillingarhvata eða gefið út hvernig starfsfólk geti bent á spillingu innan fyrirtækis án þess að setja starf sitt í hættu.

Þá hafi fá félaganna markað sér stefnu um hvort veita eigi pólitísk framlög eða upplýsa um hverjir fái slík framlög.

„Hjá þeim félögum sem starfa erlendis vantar upp á að sundurliða fjármálaupplýsingar, t.d. frá hvaða löndum tekjur og gjöld koma," bætir Anna við.

Sjóvá kemur best út úr rannsókninni og fær einkunnina 7,7. Það er hærri einkunn en gefin var í alþjóðlegu rannsókninni.

Icelandair endaði neðst í íslensku rannsókninni með einkunna 1,9. Anna segir það helst skýrast af því hve lítið af upplýsingum sé hægt að nálgast um félagið, bæði hvað varðar sundurliðun á fjármálaupplýsingum og hvað varðar stefnu í baráttunni gegn spillingu.



KAUPHÖLL ÍSLANDS Félög í Kauphöllinni koma almennt vel út hvað varðar gegnsæi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Guðrún Johnsen, leiðbeinandi Önnu, lektor við Háskóla Íslands og stjórnarmaður í Gegnsæi, samtökum gegn spillingu, segir að almennt sé lítil meðvitund um hvað varðar spillingarhættur hér á landi og því sé rannsóknin gott innlegg í þá umræðu.

„Það hefur mjög alvarlegar afleiðingar ef spilling grasserar innan fyrirtækja," segir Guðrún enda hafi Íslendingar fengið að kenna á afleiðingum þess síðustu ár.

„Það er mjög mikilvægt að stjórnendur fyrirtækja átti sig á mikilvægi þess að sannfæra sparifjáreigendur um að þeir geri allt til að koma í veg fyrir að spilling myndist," segir Guðrún.

> **Það hefur mjög alvarlegar afleiðingar ef spilling grasserar innan fyrirtækja.**
>
> Guðrún Johnsen, lektor við Háskóla Íslands.



ingvar@frettabladid.is

**GEGNSÆISEINKUNN FYRIRTÆKJA Í KAUPHÖLL ÍSLANDS**

| | |
|---|---|
| Sjóvá | 7,7 |
| Hagar | 6,0 |
| TM | 5,5 |
| Eimskip | 5,4 |
| Össur | 4,8 |
| Hampiðjan | 4,8 |
| Fjarskipti | 4,4 |
| HG Grandi | 4,1 |
| Marel | 3,8 |
| N1 | 3,7 |
| Nýherji | 3,3 |
| Vís | 3,0 |
| Reginn | 2,7 |
| Icelandair | 1,9 |



MAREL Í GARÐABÆ Stjórnarformaður fyrirtækisins fær mest greitt allra stjórnarmanna.

Formaður fær 1,2 milljónir króna:

## Marel greiðir mest

Ásthildur M. Otharsdóttir, stjórnarformaður Marels, er launahæsti stjórnarformaðurinn af þeim sem sitja í stjórnum félaga sem skráð eru í Kauphöll Íslands. Ásthildur er með rúmlega 1,2 milljónir króna í mánaðarlaun. Næstur á eftir Ásthildi kemur Niels Jacobsen, stjórnarformaður Össurar, með 965 þúsund krónur á mánuði. Sá stjórnarformaður sem er með lægstu launin fyrir stjórnarsetuna er aftur á móti Benedikt Jóhannesson, stjórnarformaður Nýherja, með 390 þúsund krónur á mánuði. Stjórnarformaður HB Granda er næstlaunalægstur. - jhh

Neikvæð ávöxtun í vikubyrjun:

## Hæst verð í lok vikunnar

Ávöxtun á íslenskum hlutabréfamarkaði er að meðaltali neikvæð fyrri hluta vikunnar en jákvæð síðari hluta hennar.

Þetta er niðurstaða rannsóknar Stefáns B. Gunnlaugssonar, dósents við Viðskiptadeild Háskólans á Akureyri, á íslenskum hlutabréfamarkaði síðustu 20 árin.

Stefán segir erfitt að segja til um hvers vegna svo sé. Erlendis séu neikvæðar fréttir oft um helgar sem talið er skýra verra gengi fyrri hluta vikunnar. Stefán segir þó erfitt að fullyrða um hvort hið sama gildi hér á landi.

Þá kemur einnig fram að ekki sé merkjanlegur munur á ávöxtun á hlutabréfum milli mánaða. - ih

World Class og borgin semja:

## Opna nýja stöð í janúar

Stefnt er að því að opna nýja líkamsræktarstöð World Class við Breiðholtslaug í janúar á næsta ári. Dagur B. Eggertsson borgarstjóri og Björn Leifsson, fulltrúi Þreks ehf. sem rekur World Class, skrifuðu í gær undir samning um byggingu og rekstur stöðvarinnar. „Það verður gott fyrir hverfið að fá loksins líkamsræktarstöð en hún mun líka koma til með að styrkja Breiðholtslaug enn frekar," sagði Dagur B. Eggertsson borgarstjóri við undirritunina.



Líkamsræktarstöðin verður byggð sunnan sundlaugarinnar og gerður tengigangur meðfram íþróttahúsi til að samnýta afgreiðslu, búningsklefa og sturtur með sundlauginni. - jhh


**Við leitum að samstarfsaðilum:**

UNA skincare húðvörurnar hafa verið á Íslandsmarkaði síðan 2012 og þegar er hafin markaðssetning og sala á erlendum mörkuðum. UNA skincare ehf. er nýtt fyrirtæki stofnað innan Matís ohf. sem er stærsti hluthafinn.

UNA skincare húðvörurnar eru einstakar á markaði. Þær eru náttúrulega unnar úr íslenskum sjávarþörungum og innihalda lífvirk efni sem byggja á áralöngum rannsóknum og gefið hafa mjög góða raun.

Nú eru tímamót þegar UNA skincare ehf. opnar fyrir aðkomu nýrra samstarfsaðila um frekari uppbyggingu, markaðssetningu og dreifingu á UNA skincare húðvörum á innlendum og erlendum mörkuðum. Fjárfesting í fyrirtækinu kemur einnig til greina.

Allar frekari upplýsingar veitir Oddur Már Gunnarsson, stjórnarformaður UNA skincare ehf.

oddur.m.gunnarsson@matis.is

422 5096 // 858 5096

www.unaskincare.com

www.facebook.com/UNAskincare




UNA skincare

# BYLTING Í HAGKVÆMNI

**A3+ OG ALLT AÐ 50% LÆGRI PRENTKOSTNAÐUR**

EPSON
WorkForce Pro



SNERTISKJÁR Í LIT

Black 5000 | Colour 4000 pages
STÓR BLEKHYLKI

HRÖÐ TVÍHLIÐA PRENTUN

1831
HÁMARKSFJÖLDI SÍÐA ER 1.831

TVÍHLIÐA SKÖNNUN

Auto
50 BLAÐSÍÐNA MATARI

WI-FI DIRECT

PC free
PRENTUN BEINT AF USB LYKLI

## VERULEGUR SPARNAÐUR Í PRENTKOSTNAÐI

Ný tækni og stærri blekhylki skapa Epson Workforce sérstöðu í hagkvæmni. Þau íslensku fyrirtæki sem prófa fyrsta Workforce prentarann eru fljót að bæta við fleirum þegar sparnaðurinn kemur í ljós.

Eigum 8 gerðir af Workforce fyrir allar stærðir fyrirtækja sem eru hlaðnir fjölbreyttum notkunarmöguleikum.

**Leitaðu tilboða fyrir þitt fyrirtæki í s. 414-1710 eða á sala@tl.is.**

tl.is
TÖLVU LISTINN
FYRIRTÆKJAÞJÓNUSTA




**STÆRSTA BÍLALEIGAN** Samkvæmt skoðanakönnun sem unnin var á vegum Ferðamálastofu nota 36 prósent ferðamanna sem koma til Íslands bílaleigubíla. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Milljarða fjárfestingar bílaleiganna

***Fjöldi bílaleigubíla hefur næstum þrefaldast á innan við áratug. Stærstu bílaleigurnar kaupa nýja bíla fyrir milljarða árlega. Forstjóri stærstu bílaleigunnar segir að verkföll gætu eyðilagt sumarið í ferðaþjónustunni.***

**ÚTTEKT**
**Jón Hákon Halldórsson**
jonhakon@frettabladid.is



Á innan við tíu árum hefur fjöldi bílaleigubíla á Íslandi næstum þrefaldast. Í skýrslu Greiningardeildar Íslandsbanka um ferðaþjónustu kemur fram að talið er að 4.756 bílaleigubílar hafi verið á götunni yfir háannatímann árið 2006, en þessi tala var komin í 12.179 bíla árið 2014. Heildarverðmæti bílanna nemur milljörðum. Enda hafa fjárfestingar bílaleiganna skipt sköpum fyrir rekstur bílaumboða eftir bankahrun.

Stærsta bílaleigan á Íslandi er Höldur/Bílaleiga Akureyrar. Þar á eftir kemur ALP, sem rekur AVIS- og Budget-bílaleigurnar, og Bílaleiga Flugleiða sem rekur Hertz. Gera má ráð fyrir að allar fyrrgreindar bílaleigur stækki flota sinn í ár.

Velta Hölds nam 4,7 milljörðum í fyrra og er fyrirtækið með 200 manns í vinnu yfir veturinn. Búist er við að þeir verði 240 í sumar.

Steingrímur Birgisson, forstjóri Hölds, býst við að verja um 4-5 milljörðum króna í nýja bíla í ár. Á móti kemur sala á eldri bílum sem hann telur að geti numið á bilinu 3-4 milljörðum. „Þetta er sirka milljarður í nýfjárfestingu, kannski rétt rúmlega það,“ segir Steingrímur í samtali við Markaðinn. Hann segir það mjög misjafnt hvers kyns bíl fólk leitar að. „Auðvitað er það Yaris/Auris-stærðin og svo eru station-bílar komnir ágætlega sterkir inn og jepplingar eins og RAV4 og Vitara. Þetta er það sem er mest tekið upp á sumarið. Þeir sem fara inn á hálendið þurfa þessa jepplinga,“ segir hann.

Steingrímur býst við því að stækka flota sinn um 5 prósent í ár og verða þá með um 3.500 bíla. „En ég held þessu svolítið opnu. Við getum minnkað það ef ég vil. Maður er hræddur við verkföll núna og ef það verða verkföll þá geri ég ráð fyrir að þurfa að minnka flotann,“ segir hann. Steingrímur segist kvíða því mjög ef af verkfalli verður. „Það gæti eyðilagt sumarið í ferðaþjónustu,“ segir hann.

Velta ALP á síðasta ári nam um 2,5 milljörðum, það er tekjur af leigu bíla og söluhagnaður. „Við erum núna með 1.700 bíla og ætlum að fara í 2.000 bíla í sumar,“ segir Hjálmar Pétursson, forstjóri fyrirtækisins. Hjálmar býst við því að fjárfestingin í bílum í ár nemi í kringum 2 milljörðum króna. „Það var minna í fyrra. Það var líka öðruvísi samsetning á flota. Við erum að kaupa dýrari bíla núna, stærri bíla. Þetta gengur svolítið í sveiflum hjá okkur. Við bættum töluvert við minnstu bílana í fyrra og svo erum við með stærri bíla núna. Svo á næsta ári eru það aftur minni bílar. Þetta gerist ósjálfrátt eftir því hvernig flotinn er samsettur,“ segir Hjálmar.

Bílaleiga Flugleiða, eða Hertz-bílaleigan, er með átján afgreiðslur á fimmtán stöðum á landinu. Framkvæmdastjórinn segir bílaleiguna vera með um 1.600 bíla í sínum flota og stefnir að því að stækka. „Við getum alveg gert ráð fyrir 10-15 prósenta aukningu,“ segir Sigfús B. Sigfússon, framkvæmdastjóri Hertz. Hann býst við því að keyptir verði um 1.000 bílar í ár og hver bíll verði keyptur á 3-3,5 milljónir króna. Heildarfjárfestingin fer því upp undir 3,5 milljarða. „Það er sæmilegur togari þar,“ segir hann. Á móti kemur sala eldri bíla.

Hjálmar segir að Avis og Budget séu með einn af blönduðustu flotunum af bílaleigunum. „Við erum að versla við flest bílaumboðin og við erum með hefðbundna skiptingu. Við erum frekar sterkir á ferðamarkaðnum þar sem er krafa um túristabíla. Það er staðreynd að ferðamenn leita í 70 prósentum tilfella að ódýrasta bílnum,“ segir Hjálmar en bætir við að fyrirtækið sé með samtals 160 tegundir og árgerðir í flotanum. „Við höfum verið að yngja flotann. Eftir hrun varð hann eldri hjá okkur eins og hjá almenningi. En við höfum verið að reyna að endurnýja hægt og sígandi,“ segir Hjálmar.

### Gríðarleg samkeppni

Hjálmar segir mikla samkeppni ríkja á bílaleigumarkaði „Það er ekkert að breytast í því. Það eina sem er, er að það bætast bara fleiri við og við erum vanir því,“ segir Hjálmar. Í sama streng tekur framkvæmdastjóri Hertz. „Það mun bara bætast í, en það hefur alltaf verið hörð samkeppni á bílaleigumarkaðnum og hún harðnar bara meira,“ segir Sigfús. Í skoðanakönnun sem gerð var á vegum Ferðamálastofu sést að tæplega 36 prósent ferðamanna sem komu hingað til lands á síðasta ári nýttu sér bílaleigubíla. Eftirspurnin eykst með komu fleiri ferðamanna. Sigfús segir að viðskiptin yfir veturinn séu alltaf að verða meiri og meiri. En samt sé ennþá mikill munur á milli sumarmánaðanna og vetrarmánaðanna. „Það vantar mikið upp á að þetta sé svipað, en hver einasta tala skiptir máli yfir vetrarmánuðina af því að þú ert með þennan fasta kostnað hvort sem er,“ segir hann

Hjálmar segir að rekstur bílaleigu krefjist gríðarlega mikillar fjárfestingar. „Það þarf að vera með stanslausa endurnýjun. Það hefur bjargað mörgum fyrirtækjum að það hafa verið ferðamenn að koma til landsins. Það hefur gert okkur kleift að endurnýja og það hefur haldið uppi umboðunum að sama skapi. ekki bara það heldur erum við risastórir kaupendur á allri þjónustu, dekkjum og olíu og öllum þjónustupökkum sem þarf fyrir bíla,“ segir Hjálmar.

Hjálmar segir að vandamálið sem blasi við mjög fljótlega sé hvernig bílaleigurnar geti selt notaða bíla, því að almenningur og fyrirtæki hafi ekki þörf fyrir nema 200 þúsund bíla í heild.

Hjálmar bendir á að bílaleigurnar séu mikilvægur hlekkur í því að dreifa ferðamönnum um

## Stærstu bílaleigurnar

| Bílaleiga | Fjöldi bíla |
|---|---|
| Höldur/Bílaleiga Akureyrar | 3.333 |
| Avis/Budget | 1.781 |
| Hertz | 1.455 |
| Sixt | 687 |
| Dollar-Thrifty | 587 |
| Bílaleiga Reykjavíkur | 319 |
| ProCar | 305 |
| Blue Car Rental | 272 |
| Rent Nordic | 224 |
| SAD Cars | 207 |
| **Samtals** | **9.170** |

*Heimild: Samgöngustofa*

**Maður er hræddur við verkföll núna og ef það verða verkföll þá geri ég ráð fyrir að þurfa að minnka flotann.**

**Það hefur alltaf verið hörð samkeppni á bílaleigumarkaðnum og hún harðnar bara meira.**

# FÓLK
KYNNINGARBLAÐ



**Draumaferð með börnunum**
Börnin þurfa ekki að vera fyrirstaða ef ferðast á til óvenjulegra staða.
SÍÐA 2














**SÉRHÆFÐIR** Verslun Málningarvara í Lágmúla 9 er stærsta sérhæfða miðstöðin í bílalökkum og bílahreinsivörum á landinu. MYNDIR/ERNIR

# KOMIÐ AÐ VORVERKUM FYRIR BÍLINN

**MÁLNINGARVÖRUR EHF. KYNNA** *Verslun Málningarvara í Lágmúla í Reykjavík er ein stærsta miðstöð landsins með bílahreinsivörur, bón og bílalökk.*

Í bakhúsi Nova í Lágmúla 9 í Reykjavík er verslunin Málningarvörur til húsa sem er sannkallaður stórmarkaður bílaáhugamanna, að sögn Ævars Péturs Einarssonar, sölumanns hjá Málningarvörum. „Við bjóðum alla velkomna í stórmarkað bílaáhugamanna með bílalökk og allar helstu hreinsivörur fyrir bíla, bæði að innan sem utan. Viðskiptavinir njóta líka góðs af því að ræða við fagmenn sem hafa svör við öllum spurningum um hreinsun og viðhald bílsins. Hjá Málningarvörum vinnur hópur reyndra manna sem hafa starfað lengi í þessum bransa og viðskiptavinir okkar eru í góðum höndum,“ segir Ævar Pétur.

Málningarvörur ehf. er rótgróið fyrirtæki sem sérhæfir sig í fjölbreyttri þjónustu við bæði fyrirtæki og einstaklinga. Fyrirtækið hefur lengi þjónustað málningar- og réttingaverkstæði, bílaumboð og bílaleigur auk bón- og þvottastöðva með sölu á ýmsum efnum, tækjum og tólum. „Hér geta allir bíleigendur komið og fengið ráðleggingar um hvaða efni eru best fyrir bílinn og um leið fengið faglega ráðgjöf. Við búum yfir góðum hópi reyndra starfsmanna með ólíkan bakgrunn. Þetta er mun meiri þjónusta en fæst á velflestum bensínstöðvum í dag. Nú þegar bílaflotinn almennt eldist meira en góðu hófi gegnir er mikilvægt að halda bílnum í toppstandi og halda verðgildi hans uppi. Þar komum við sterkir inn með úrvals vörur og faglega ráðgjöf. Nú er til dæmis mikilvægt eftir harðan vetur að hreinsa bílinn vel og koma góðri bónhúð á hann. Reyndar mega ekki líða meira en 2-3 mánuðir á milli bónyfirferða.“

Sikkens-bílalökk hafa lengi verið í forystu hér á landi og eru flaggskip Málningarvara.

Bílahreinsivörur frá Meguiar's er þekktar hjá bílaáhugamönnum um allan heim og Concept er merkið sem flestar bónstöðvar kjósa fram yfir aðrar tegundir. „Þetta er bestu efni sem völ eru á, svo einfalt er það,“ segir Ævar að lokum.

***Nánari upplýsingar má finn á www.malningarvorur.is.***



**SÉRFRÆÐINGAR** Kristján Þór Karlsson og Ævar Pétur Einarsson gefa bíleigendum góð ráð.


















HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN Í FRÉTTABLAÐINU

Fréttablaðið er mest lesna dagblaðið með glæsilegt forskot á keppinautana. Meðallestur Fréttablaðsins í aldurshópnum 25-54 ára er 73% á höfuðborgarsvæðinu.*

Við bendum auglýsendum á að notfæra sér forskotið þegar þeir velja dreifingarleið fyrir fjölpóst sinn. Við dreifum sex daga vikunnar til heimila á stærsta markaðssvæði landsins.

Hafðu fjölpóstinn þinn inni í Fréttablaðinu.
Það er áhrifarík leið til að koma skilaboðum um vöru eða þjónustu beint inn á heimilin.

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma 512 5448
eða í tölvupóstfangi fjolpostur@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Innskot í Fréttablaðið skilar árangri!

*Prentmiðlakönnun Capacent október–desember 2012 – höfuðborgarsvæði 25-54 ára




**SPENNANDI** Það er gaman að upplifa nýja og framandi hluti með börnunum sínum og minningarnar endast lengi. NORDIC PHOTO/GETTY

# ENGIN FYRIRSTAÐA

**DRAUMAFERÐIN** *Börn þurfa ekki að standa í vegi fyrir að fólk komist í draumaferðina sína þótt draumurinn sé örlítið villtur, börnin koma bara með.*

Það að eiga börn þýðir ekki endilega að einu fríin sem hægt er að fara í til útlanda séu tveggja vikna pakkaferðir á dæmigerðar túristasólarstrendur. Blaðamaður Lonely Planet tók saman óvenjulegar ferðir sem hægt er að fara með börn í.

### SAFARÍ

Almenn skynsemi ætti að segja fólki að safaríferðir séu ekki þær hentugustu fyrir börn með öllum sínum löngu keyrslum, þörfinni fyrir að kunna að halda í sér og mikilvægi þess að geta haft þögn þegar komið er að ljónahópi. Svo ekki sé minnst á möguleikann á því að smitast af hitabeltissjúkdómi í slíkum ferðum. Þrátt fyrir það eru fjölskylduferðir í boði á vinsælum safarístöðum eins og í Kenía, Tansaníu og Suður-Afríku þar sem ungir geta aldrei geta fylgst með villtu dýrunum á verndarsvæðum eða í görðum sem eru lausir við hættulega sjúkdóma eins og malaríu. Á sumum stöðum er einnig í boði að skilja börnin eftir hjá fóstrum sem hugsa um þau á meðan fullorðna fólkið fer til dæmis á veiðar.

### BAKPOKAFERÐIR

Æ fleiri barnafjölskyldur velja að fara í svokölluð bakpokaferðalög. Ferðalögin geta verið allt frá því að vera tjaldútilega með gönguferðum í þjóðgörðum í stuttan tíma til þess að vera heilt ár á ferð og flugi. Þannig fá börnin tækifæri til að upplifa heiminn á annan máta en þau myndu gera í hefðbundnu tveggja vikna sumarleyfi á sólarströnd. Sú leið gæti jafnvel verið ódýrari ef fólk nýtir sér fjölskylduvæn farfuglaheimili.

### RÓMANTÍSKAR STRANDFERÐIR

Nærri mannlausar strendur, köfun í tærum sjó, matur undir stjörnuhimni. Þetta gæti verið uppskrift að góðri brúðkaupsferð en ekki er síðra að vera með allri fjölskyldunni í þessum aðstæðum. Fullorðna fólkið gæti þá geymt rómantíkina þar til börnin eru sofnuð en dagarnir gætu nýst í upplifanir sem fjölskyldan öll minnist um ókomin ár.

### BORGARFERÐIR

Margir sjá borgarferðir fyrir sér sem hina fullkomnu ferð fyrir fullorðna fólkið til að njóta án barna sinna. Þar geta þeir kannað aðra menningarheima, kynnst framandi matargerðarlist og kíkt á næturlífið. Að hafa börnin með í för breytir upplifuninni algjörlega en það þarf alls ekki að vera til hins verra. Börn hafa mörg hver gaman af því að fara á söfn auk þess sem flestar borgir hafa græn svæði og garða þar sem börnin geta hlaupið um og leikið sér þegar þau verða leið á allri menningunni. Það er gott ráð ef börnin eru ung að taka með sér burðarpoka fyrir þau í staðinn fyrir að þurfa að ýta kerru á undan sér í mannþrönginni.

### SJÁLFBOÐALIÐASTARF

Sjálfboðaliðastarf er ekki bara fyrir ungt fólk sem er nýútskrifað úr námi. Það getur líka verið lærdómsríkt fyrir fjölskyldur. Börnin þurfa þó að vera orðin það stór að bæði þau og foreldrarnir geti gert gagn. Starfið þarf ekki endilega að vera í þróunarlöndum eða á einhverju verndarsvæði sem er langt í burtu, það er hægt að sinna sjálfboðaliðastarfi til dæmis í Evrópu við garðastörf eða við að hreinsa strendur.





**Í BORGINNI** Að hafa börnin með í för breytir borgarferðinni á margan hátt.

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434
**Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.is, s. 512 5429
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**



Nýtt
kortatímabil!
Opið til
kl 24 í dag!
Allt að 50% afsláttur
af völdum nýjum
vörum!
Miðnætursprengja-
FRÁBÆR tilboð!
ZIKZAK
TÍSKUHÚS
BOLUR
ÁÐUR 6.990
NÚ 2.990
42-56
BUXUR
ÁÐUR 6.990
NÚ 2.990
42-56
KJÓLL
ÁÐUR 9.990
NÚ 4.990
S-XXXL
BOLUR
ÁÐUR 5.990
NÚ 2.990
S-XXXL
MUSSA
ÁÐUR 6.990
NÚ 3.990
42-56
BLÚSSA
ÁÐUR 6.990
NÚ 2.990
42-56
PEYSA
ÁÐUR 11.990
NÚ 5.990
42-56
TÚNIKA
ÁÐUR 8.990
NÚ 5.990
42-56
BUXUR
ÁÐUR 7.990
NÚ 3.490
S-XXXL
BOLUR
ÁÐUR 5.990
NÚ 2.990
S-XXXL
BUXUR
ÁÐUR 8.990
NÚ 3.990
42-56
Fylgstu með Tískuhúsi Zik Zak á Facebook
1. hæð Kringlunnar
Hægt er að panta í síma: 551-1314




Góð íbúð 3ja herbergja stærð 90,1 m²

Gott eldhús með U laga innréttingu

Stofa með útgengi á svalir

Geymsla og sameinginlegt

þvottahús í kjallara

Barnvænt hverfi

Verð: **23,9 millj.**



Nánari upplýsingar veitir
**Jórunn Skúladóttir**
sölufulltrúi
sími: 845 8958
jorunn@miklaborg.is



**Óskar R. Harðarson**
hdl. og löggiltur fasteignasali

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG** **569 7000** Lágmúla 4 **www.miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
**- með þér alla leið -**












Nánari upplýsingar veitir
**Jórunn Skúladóttir**
sölufulltrúi
sími: 845 8958
jorunn@miklaborg.is



**Jason Guðmundsson**
hdl. og löggiltur fasteignasali

Einbýlishús stærð 262,7 m²

Eignarlóð

Sjávarútsýni

Tvöfaldur bílskúr

Verð: **63,0 millj.**

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG** **569 7000** Lágmúla 4 **www.miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
**- með þér alla leið -**

# RÝMI TIL LEIGU.

## Kistumelar 16
## 116 Reykjavík







**165 - 280 fm** bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsluhurðir, góð malbikuð lóð og greið aðkoma.

**AÐEINS kr. 950 m²**



## Auðbrekka 4 - 200 Kóp.

**160 fm atvinnuhúsnæði á jarðhæð með iðnaðarhurð.**

Húsnæðið skiptist í opið rými sem er að hluta til skipt niður, skrifstofu, geymslu og salerni. Hægt er að nota húsnæðið sem verslunarrými enda er það vel staðsett í Auðbrekkunni.



## Auðbrekka 14 - 200 Kóp.

**487 fm iðnaðarhúsnæði á 3.hæð.**

Húsnæðið hefur verið rýmt og er tilbúið undir nýtt hlutverk. Áður var húsnæðið nýtt sem dansskóli, yogasetur, og líkamsrækt.

Afar sanngjörn leiga fyrir góða leigutaka.



## Auðbrekka 23 - 200 Kóp.

**Gistiheimili til leigu - frábært tækifæri fyrir aðila í ferðaþjónustu**

- 15 herbergi / 3 baðherbergi
- Sameiginlegt eldhús/setustofa /matsalur
- Sér þvottahús
- Afar sanngjörn leiga fyrir góða leigutaka.

LUNDUR FASTEIGNAFÉLAG
NÝBÝLAVEGI 8
200 KÓPAVOGUR
LUNDURFASTEIGNIR.IS

NÁNARI UPPLÝSINGAR:
HAFSTEINN Í SÍMA 690-3031
HAFSTEINN@LUNDURFASTEIGNIR.IS

LUNDUR FASTEIGNAFÉLAG

# Dagur jarðar í 45 ár

DAGUR JARÐAR sem ber upp á 22. apríl ár hvert markar upphaf nútíma umhverfisverndar. Hreyfingin varð til í Bandaríkjunum árið 1970 og í ár eru því liðin 45 ár frá því að um 20 milljón manns, eða 1/10 hluti bandarísku þjóðarinnar, streymdu út á götur og torg til að hvetja til umhverfisverndar. Guðrún Bergmann fer fyrir átakinu hér á landi en hún kom jafnframt á fót átakinu Grænum apríl.

Upprunalega átakið árið 1970 hlaut að sögn Guðrúnar Bergmann mikla athygli og árið 1971 undirritaði U Thant, þáverandi aðalritari Sameinuðu þjóðirnar, yfirlýsingu þess efnis að 22. apríl yrði alþjóðlegur DAGUR JARÐAR.

„Víða um heim var í tengslum við DAG JARÐAR haldinn sérstakur Global Citizens-dagur þann 18. apríl til að minna okkur á að við búum öll á þessari jörð og það er hagur okkar allra að vernda hana," útskýrir Guðrún. Annars er almennt hvatt til þess að íbúar jarðar skuldbindi sig til að vinna að einhverjum ákveðnum og mælanlegum verkefnum í tengslum við 22. apríl, til að stuðla að hreinna og ómengaðra umhverfi. „Verkefnin geta verið hvatning til borgar- og ríkisstjórna um að taka ábyrga stefnu í loftslagsmálum, að draga saman eigin orkunotkun, stuðla að frekari umhverfisfræðslu og draga úr neyslu á kjöti, en allt eykur þetta meðvitund fólks um þá hættu sem stafar af hlýnun jarðar."

Gaylord Nelson, þáverandi þingmaður Wisconsin á Bandaríkjaþingi, var upphafsmaður að DEGI JARÐAR. „Hann skildi brýna þörf þess að vinna að umhverfismálum með samstilltu átaki eftir að hafa orðið vitni að miklu olíuslysi við Santa Barbara í Kaliforníu árið 1969. Á þessum árum voru stúdentaóeirðir tíðar og mikið um mótmæli gegn stríðinu í Víetnam og Nelson tókst á einhvern ótrúlegan hátt að virkja þessa mótmælahópa til að mæta á fjöldafundi til að mótmæla mengun og umhverfisslysum. Ég segi á ótrúlegan hátt, því á þessum árum var hvorki til að dreifa samfélagsmiðlum né tölvupóstum og því í raun magnað að ná svona mörgum saman," segir Guðrún.

Fyrir fimm árum var hún ein af þeim sem komu á fót umhverfisátakinu GRÆNN APRÍL, sem ætlað var að auka vitund um mikilvægi umhverfismála. „Okkar meginþema var að koma á tengingu milli fyrirtækja og neytenda til að kynna vörur sem væru grænni og umhverfisvænni svo neytandinn gæti valið grænni kostinn. Átakið hefur skilað nokkrum árangri, þótt auðvitað óski maður þess alltaf að hann sé meiri."

Í ár leggur GRÆNN APRÍL til að á DEGI JARÐAR skuldbindi fólk sig til að taka sér „einn svartan ruslapoka" í hönd og ganga um lóð sína og nánasta umhverfi og hreinsa upp það rusl sem nú kemur undan snjónum. „Daginn eftir er sumardagurinn fyrsti, svo það er tilvalið að hvetja íbúa í sama húsi, sömu götu eða sama hverfi til að láta hendur standa fram úr ermum og hreinsa til í kringum sig. Það eykur skilning á því að við berum öll ábyrgð á umhverfi okkar."



Guðrún Bergmann, upphafskona Græns apríls, og Þuríður Helga Kristjánsdóttir, verkefnastjóri í Norræna húsinu, hvetja landsmenn til að taka sér svarta ruslapoka í hönd í tilefni af DEGI JARÐAR og hreinsa rusl sem kemur undan snjónum. Guðrún og Þuríður standa saman að Grænum apríl en að ári mun Þuríður alfarið taka við keflinu. MYND/GVA

# Taktu þátt í umhverfisleik Græns apríls

**Grænn apríl stendur fyrir leik þar sem hvatt er til umhverfisvænni venja. Leikurinn gengur út á það að tileinka sér eitt til tvö umhverfisvæn markmið í apríl. Markmiðin geta til dæmis verið að nota ekki plastpoka, nota bílinn minna, gróðursetja jurtir til eigin neyslu, flokka betur eða annað sem þátttakendum dettur í hug.**



Þátttakendur í leiknum eru hvattir til að segja frá sínum markmiðum og deila reynslu sinni á Facebook-síðu Græns apríls. #graennapril

**Tillögur að markmiðum:**

- Ekki nota plastpoka við innkaup.
- Kaupa ekkert annað en mat í tvær vikur.
- Hjóla í vinnuna eða nota almenningssamgöngur.
- Keyra bílinn sjaldnar.
- Gróðursetja jurtir til eigin neyslu.
- Kaupa fleiri lífrænar vörur.
- Flokka betur rusl, t.d. plast, pappír og ál.
- Nýta mat betur, t.d. afganga og varast að henda mat.
- Hvetja aðra til umhverfisvænni venja.
- Tína upp rusl á víðavangi.
- Nota fjölnota götumál.
- Nota minna af hreinsiefnum.

Markmið leiksins er að allir geta fundið eitthvað sem gera má betur í umhverfismálum og að uppgötva hvernig margt smátt gerir eitt stórt.

# Aukin lífsfylling

**Flest þekkjum við að náttúran hefur endurnærandi áhrif á líkama og sál, könnumst við ánægjuna og kyrrðina sem kemur yfir okkur þegar við erum í náttúrunni. Niðurstöður fjölmargra rannsókna sýna fram á margvísleg jákvæð áhrif náttúrunnar á líðan og hegðun fólks og renna stoðum undir þessa kunnuglegu tilfinningu, að náttúran geri okkur gott.**

Að eyða tíma úti í náttúrunni getur aukið sjálfsöryggi, dregið úr streitu og reiði og jafnvel bætt frammistöðu fólks þegar kemur að andlega krefjandi verkefnum. Rannsóknir renna stoðum undir að umhverfisvænn lífsstíll veiti aukna lífsfyllingu.

Fólk sem hefur sterkar tengingar við náttúruna er líklegra til að vera náttúruverndarsinnar. Sýnt hefur verið fram á að fólki sem er umhverfisvænt líður betur en fólki sem telur sig ekki vera umhverfisvænt. Umhverfisvænn lífsstíll og þátttaka í umhverfisvernd færir fólki gleði og djúpstæða ánægju. Það veit að framlag þess skiptir máli og finnur að það er þátttakandi í einhverju stærra en það sjálft. Sú vitneskja að það geti lagt jörðinni lið með bættum lífsstílsvenjum veitir því ánægju.





## TIL UMHUGSUNAR FYRIR UMHVERFIÐ

**Hafa baunirnar þínar ferðast meira en þú?** Mikið af þeim mat sem er á boðstólum hefur ferðast langt áður en hann kemur á disk neytandans. Því fylgir notkun jarðefnaeldsneytis og losun gróðurhúsalofttegunda. Pakkningar verða að vera fyrirferðamiklar til að þola hnjaskið og plast safnast upp.

**Taktu þátt í „einn svartur ruslapoki“** Fegrum umhverfi okkar, tínum rusl í nágrenni okkar. Starfsmenn Reykjavíkurborgar munu hirða pokana á Degi jarðar, miðvikudaginn 22. apríl. #einnsvarturruslapoki

**Fötin þín breyta ekki bara útliti þínu** Kemísk efni koma víða við sögu í fataframleiðslu. Skordýraeitri er úðað á akra, litarefni og klór er notað í verksmiðjunum og verkafólk vinnur við erfiðar aðstæður fyrir léleg laun. Með því að velja umhverfisvæn föt, til dæmis úr lífrænum efnum og nýta fatnað betur má draga verulega úr umhverfisáhrifum fataiðnaðarins á jörðina.

**Vistrækt** Vistrækt (Permaculture) felur í sér að hugsað sé heildrænt um hönnun matjurtargarða. Það líkir eftir náttúrunni og reynir að hafa sjálfbært kerfi. Sjálfbær landnotkun, uppbygging jarðvegs og sjálfbært samfélag manna, dýra og plantna eru leiðarstef vistræktunnar.

**Hring eftir hring** Mannkynið þarf að fara að hugsa um neysluferli sín í hringrás, sambærilega við hringrás náttúrunnar. Framleiðendur þurfa að gera ráð fyrir öllum lífsferli varanna sem þeir framleiða; frá því hvaðan og með hvaða hætti hráefnin eru fengin og hvernig vörunni verður fargað að notkun lokinni. Ef varan getur nýst áfram sem hráefni fyrir aðrar vörur eða náttúruna hefur tekist að mynda nokkurs konar hringrás.

**Annars flokks er fyrsta flokks** Leikföng, föt, hjól og annað sem krakkar vaxa hratt upp úr er tilvalið að kaupa notað. Hægt er að finna allt sem mann vantar á Facebook og Bland.

**Moldin er mikilvæg** Í moldinni er að finna eitt flóknasta vistkerfi jarðar. Hvergi annars staðar er hægt að finna jafn fjölbreytt lífríki og í einum fermetra af skógarjarðvegi. Moldin er í hættu vegna ósjálfbærrar nýtingar á ræktarlandi, mengunar, ofbeitar og loftslagsbreytinga. Í tilefni af ári jarðvegs 2015 verður boðið upp á mánaðarlega örfyrirlestra um moldina á Kaffi Loka. Sjá nánar á Facebook undir jardvegur2015.

**Útgefandi:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000 **Umsjónarmaður auglýsinga:** Jónatan Atli Sveinsson, jonatan@365.is, s. 512-5446 **Ábyrgðarmaður:** Svanur Valgeirsson.



TRI

Suðurlandsbraut 32

HJÓLREIÐAR HLAUP SUND

**TRI VERSLUN** býður viðskiptavinum sínum að dreifa greiðslum í allt að 36 mánuði í samstarfi við **BORGUN**

BORGUN













## Þýsk gæði á góðu verði!

# CUBE 2015

SHIMANO

## HAFÐU SAMBAND

SHIMANO

# WWW.TRI.IS

**- Opnunartími @ TRI VERSLUN -**

**Alla virka daga kl. 10:00 til 18:00**

**Laugardaga kl. 10:00 til 16:00**

## GRÆN RÁÐ FYRIR BÍLINN

- **Til** að bæta eldsneytisnýtingu og draga úr mengun er gott að stíga hvorki fast á bremsur né bensíngjöf.
- **Ekki** láta bílinn vera í lausagangi lengur en 30 sekúndur.
- **Taktu** ónauðsynlega hluti úr skottinu til að létta bílinn. Þú eyðir minna eldsneyti ef bíllinn er léttur.
- **Ef** þú ert með lausa toppgrind, taktu hana þá af ef hún er ekki í notkun, til að bæta eldsneytisnýtinguna.
- **Notaðu** „cruise control" ef það er í bílnum. Jafnari akstur sparar bensín og minnkar mengun.
- **Ef** þú ert á fjórhjóladrifnum bíl, sem líka er hægt að velja að hafa bara í tveggja hjóla drifi, íhugaðu þá að nota það þegar aðstæður leyfa.





## GRÆN RÁÐ FYRIR INNKAUP OG ELDHÚS

**Kauptu innlenda framleiðslu**

Veldu grænmeti og aðrar vörur sem framleiddar eru hér á landi, frekar en innfluttar. Grænmetið er ferskara, þú styður innlenda framleiðslu og innkaup þín stuðla að minni mengun þar sem vörurnar hafa ekki verið fluttar um langan veg.

**V.M.E.I. – „vertu með eigin innkaupapoka"**

Slepptu því að kaupa plastpoka og vertu með þinn eigin endurnotanlega innkaupapoka þegar þú kaupir inn.

**Ekki kaupa vatn í verslunum**

Kauptu þér góðan vatnsbrúsa og hafðu hann með þér til daglegrar vatnsdrykkju. Það má fylla á hann nánast hvar sem er.

**Flokkaðu sorp**

Hægt er að fara með ýmsar plastumbúðir, pappakassa, pitsukassa, pappír, ljósaperur og margt fleira í endurvinnslu. Inni á sorpa.is má sjá alla endurvinnsluflokkana.

**Dragðu úr sorpmagninu þínu**

Kauptu stórar pakkningar eða leitaðu eftir vörum sem eru í pakkningum sem má endurvinna. Notaðu tauservíettur eða kauptu eldhúsrúllur og servíettur sem eru umhverfismerktar eða úr endurnýttum pappír.

**Notaðu fjöltengi**

Notaðu fjöltengi fyrir kaffivélina, hraðsuðuketilinn og brauðristina. Auðvelt er kveikja á því þegar nota á eitthvert þessara tækja og slökkva svo eftir notkun. Þá draga tækin ekki rafmagn til sín þegar ekki er verið að nota þau.

**Kældu það**

Fylltu laust pláss í ísskápnum eða frystinum með krumpuðum dagblaðapappír eða fullum vatnsflöskum – það bætir kælinguna og sparar rafmagn og peninga.



**Temdu þér grænni vinnuaðferðir**

Hreinsaðu járnpönnur með salti, ekki láta vatnið renna meðan þú þværð eða skolar af leirtaui og settu uppþvottavélina ekki í gang nema hún sé full. Eigðu alltaf bestu náttúrulegu hreinsiefnin í eldhússkápnum: matarsóda, sítrónusafa, edik og sódavatn.




Fasteignaumsjón ISS
er hagkvæmur kostur

- Fjármálastjórnun
- Umsjón með leigurými
- Tæknilegur rekstur og viðhald
- Lóðaumsjón
- Ræsting og hreingerningar
- Orkustýring
- Viðhaldsáætlun

Með samstarfi við ISS um fasteignaumsjón má tryggja virði fasteignarinnar, til lengri og skemmri tíma.

Hafðu samband og fáðu frekari upplýsingar í síma 5800 600 eða hjá sala@iss.is

ISS tekur að sér öll verkefni sem tengjast fasteigninni og nærumhverfi hennar.

PROPERTY SERVICES

FASTEIGNAUMSJÓN | RÆSTING | ÞRIF Í MATVÆLAIÐNAÐI | SÉRVERKEFNI | VEITINGAR | ISS.IS

# Full búð af nýjum vörum

# 20-50%

## afsláttur af öllum vörum



**Tunika**

*stærðir 10 - 22*

Verð áður 11.900 kr.-

**Nú aðeins 6.990 kr.-**



**Tunika**

*Litir:*

*svart - offwhite - coral - bleikt - turkis*

*stærðir 38 - 44*

Verð áður 12.900 kr.-

**Nú aðeins 5.990 kr.-**



**Mussa**

Verð áður 12.900 kr.-

**Nú aðeins 9.900 kr.-**



**Tunika**

*100% silki*

Verð áður 14.900 kr.-

**Nú aðeins 11.920 kr.-**

**Kvartbuxur**

*stærð 10-20*

*svartar - hvítar*

Verð áður 12.900 kr.-

**Nú aðeins 6.900 kr.-**



**Tunika**

*stærðir 10 - 22*

Verð áður 11.900 kr.-

**Nú aðeins 6.990 kr.-**



**Mussa**

Verð áður 12.900 kr.-

**Nú aðeins 9.900 kr.-**

COSMO

Kringlunni

## BÍLAR & FARARTÆKI

**BÍLAHÖLLIN S: 567-4949**



Toyota Land Cruiser 150 GX 33" 8/2012 ek.33þús. Sjálfskiptur. Dísel. Aksturstölva. Dráttarbeisli. 1 eigandi. Ásett verð 8.390.000.-



Honda CR-V Lifestyle 3/2011 ek.50þús. Sjálfskiptur. Fjarlægðarskynjarar. 1 eigandi. Ásett verð 4.390.000.- Rnr.151104



Nissan Leaf 3/2014 ek.1þús. Sjálfskiptur. 360 gráðu bakkmyndavél. Led ljós. Bose. Hiti í stýri. Ásett verð 4.050.000.- Rnr.311105



M.Benz E 200 Kompressor Avantgarde 3/2007 ek. 84þús. Sjálfskiptur. Topplúga. Ásett verð 3.190.000.- Rnr.104655



VORTHEX heithúðun á allargerðir pallbíla og fleira upplýsingar í Bílaryðvörn sími 587-1390.

**Bílahöllin**
**Bíldshöfða 5, 112 Rvk**
**Sími: 567 4949**
**www.bilahollin.is**

**Bílás Bílasala Akranes**



TOYOTA Prius hybrid. Árgerð 2012, ekinn 53 Þ.KM sjálfskiptur. Tilboðsverð 3.450.000. Rnr.110529.

**Bílasalan Bílás Akranes**
**Smiðjuvöllum 17, 300 Akranes**
**Sími: 431 2622**
**www.bilas**

**bilfang.is S. 567 2000**



**GLÆSILEGUR !**

Toyota Landcr. 150 GX 12/2010 33" (mód 2011) ek 107 þ.km Sjálfskiptur , DIESEL verð 6.6 mil !!! Skipti möguleg

**Bílasalan Bílfang**
**Malarhöfða 2, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2000**
**Seljum í dag !**
**www.bilfang.is**

**ÍSBAND.IS BÍLAINNFLUTNINGUR**



**2015 NÝIR GMC 3500**

Nýtt útlit að utan sem innan, Dísel, Komdu og kynntu þér málið útvegum allar gerðir af GMC, erum að taka niður pantanir, Kíktu á síðuna okkar www.isband.is

**Íslensk-Bandaríska ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbæ**
**Sími: 534 4433**
**Opið 10-18.00 og lau 11-15**
**http://www.isband.is**

**KRÓKUR**



**KRÓKUR**

Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt.

**Krókur**
**Sími: 522 4600**
**http://www.krokur.net**

**STÓRA BÍLASALAN**



Toyota Yaris Hybrid - NÝTT Árgerð 2015. Erum að fá nokkra á lager. Takmarkað upplag. Verð aðeins 3.090.000kr. Raðnúmer 156735. Sjá nánar á www.stora.is.



NISSAN LEAF SL. Árgerð 2013, ek 16 Þ.KM,Rafmagn,Sjálfskiptur. Leður,álfelgur,sólarsella og fl.. Verð 3.580.000. Rnr.156890.Er á staðnum.

**Stóra bílasalan**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**http://www.stora.is**

**ASKJA NOTAÐIR BÍLAR**



Kia Sportage EX 4wd. Árgerð 2013, ekinn 56 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 4.890.000. Rnr.240634. 5 ár eftir af verksmiðjuábyrgð.



MERCEDES-BENZ GLK 250 cdi 4matic. Árgerð 2011, ekinn 84 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 5.790.000. Rnr.240669.



NISSAN Juke acenta 2wd. Árgerð 2012, ekinn 48 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.790.000. Rnr.991304.



TOYOTA Yaris terra. Árgerð 2013, ekinn 82 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 1.890.000. Rnr.991120.



VOLVO V40 2,0 16 ventla station. Árgerð 2003, ekinn 142 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 990.000. Rnr.141407. TILBOÐ NÚ kr: 750.000,-

**ASKJA notaðir bílar**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 590 2160**
**www.notadir.is**

**CLASSICBILAR.IS Bílasala**



RENAULT Master millilangur L2h2 3.5 . Árgerð 2011, ekinn 75 Þ.KM, dísel, 6 gírar. Verð 2.298þ + VSK (2.850þ) Rnr.100218 Er á staðnum !

Óskum eftir bílum á söluskrá okkar
www.classicbilar.is

**Classicbilar.is**
**Gilsbúð 3, 210 Garðabær**
**Sími: 517 9500**
**http://classicbilar.is**

**STÓRA BÍLASALAN**

**Stóra bílasalan**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**http://www.stora.is**

**SUZUKI**



Suzuki fjórgengis utanborðsmótorar. Nettir, léttir, sparneytnir, hljóðlátir og áreiðanlegir. Eigum til flestar stærðir á lager.

**SUZUKI UMBOÐIÐ ehf**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 565-1725**
**suzuki@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**

**567 2277 NÝJA BÍLAHÖLLIN www.nyja.is**



**BÍLL DAGSINS !!!**

SKODA Octavia combi ambition 1.6 tdi 4x4. Árgerð 2014, ekinn 43 Þ.KM, dísel, 6 gírar.Bíllinn er á staðnum Verð 4.050.000. Rnr.210499.

**Nýja bílahöllin**
**Eirhöfða 11, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2277**
**www.nyja.is**

**bílasala 100 bílar.is**



BMW 325 XI - 7/2007 - ek 104 þkm - Sportsæti - Professional græjur - Ljósapakki - Loftpúðar í sætum með þrengingu - Flottur bíll - Er á staðnum - Góð heilsársdekk - 4x4 - Verð 3.490.000. Raðnr 151729

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið 10-18.00, Lau 11-15**
**www.100bilar.is**

## Bílar óskast



**STAÐGREIÐI BÍLA 0-500 ÞÚS!**

Óska eftir að kaupa bíla á allt að 500 þús. staðgreitt! Þeir mega þarfnast lagfæringa helst ekki eldri en ,01, skoða allt er með pening og pappíra klára og get gengið frá kaupum strax, ef mér lýst vel á. Uppl. s. 691 9374.

**KAUPI BÍLA FYRIR ALLT AÐ MILLJÓN STGR!!**

Óska eftir að kaupa bíla fyrir allt að 1.000.000. staðgreitt. Er með pappíra og pening til að ganga frá því samdægurs ef að samningar nást. Bíllinn má þarfnast lagfæringar og/eða skoðunar. skoða allar tegundir. Hringdu í síma: 659-9696 eða sendu email á 6599696@gmail.com

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

## Sendibílar

**568 5000 NS NÝJA-SENDIBÍLASTÖÐIN**

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Vespur




## Reiðhjól




## Vélsleðar



Skidoo Summit X 154" árg.' 12 Ek. 1530 km. Hlaðinn aukabúnaði. Verð 1.890 þús. S. 898-8773

## Fellihýsi




## Bátar



Til sölu mjög stöðugur vatna og sjóbátur á vagni. 50 Hp.Toshiba. Verðhugmynd 2000.000 Tilb. Óskast S.696-7669




## Bílaþjónusta

**B.S.VERKTAKAR**

Malbiksviðgerðir - málun bílastæða - vélsópun - skilti www.verktak.is S: 5514000

## Varahlutir

**VAKA**



**FELGUR**

Nýjar og notaðar felgur í miklu úrvali. VAKA S:567 6700.

## Viðgerðir

Viðgerðir - Varahlutir í VW Golf, Póló, Yaris, mmc carisma, kangoo. Renni diska og skálar. Sérgrein bremsuviðgerðir. S. 892 7852.

**BÍLAVERKSTÆÐIÐ SMÁPARTAR**
Getum bætt við okkur nokkrum kúnnum

Upplýsingar á Smápartar.is eða í síma 5675040-7785040

# ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð.

Uppl. í s. 663 5315.

**ÁRATUGA REYNSLA**
Tökum að okkur almennt viðhald og breytingar. Pípulagningaþjónustan Ró ehf. s. 780 3939

## Hreingerningar

Hreingerningaþjónustan Þvegillinn 5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 662 4010 www.vy.is

## Garðyrkja




Smávélaviðgerðir, viðgerðir á utanborðsmótorum: Garðsláttuvélar, sláttuorf, sláttutraktorar, jarðvegsþjöppur, dælur, kerrusmíði, Gokart þjónusta, keðjusagir, rafstöðvar, einnig úrval af notuðum sláttuvélum. Vélverk JS S. 554 0661. www. velaverkjs.is

Garðaþjónusta Íslands ehf
www.garda.is
Vönduð vinnubrögð
Róbert S. 866 9767

## Bókhald

Bókhald
- Skattframöl einstaklinga
- Skattframtöl fyrirtækja
- Bókhald einstaklinga og fyrirtækja
- Bókhald húsfélaga
- Laun og skilagreinar
- Stofnun fyrirtækja

Sanngjarnt verð

Bókhaldsþjónustan Viðvík ehf
Síðumúla 1 108 Reykjavík
581-1600 • www.vidvik.is

**SKATTFRAMTAL 2015**
Framtalsþjónusta fyrir einstaklinga og rekstraraðila. Mikil reynsla - hagstætt verð. Uppl. í síma 517-3977 eða 897-1877. FOB Suðurlandsbraut 6. www. fob.is

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningabj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@ flytja.is

## Húsaviðhald

VIÐHALD
fasteignaviðgerðir
Viðhald og viðgerðir fasteigna fyrir fyrirtæki, húsfélög og einstaklinga.
- múrviðgerðir
- þakviðgerðir
- málningarvinnu
- trésmíðavinnu
- gluggaskipti
- glerskipti
- pípulagnir
- flísalagnir
- jarðvinna
- hellulagnir
- álklæðningar

Sími 567 6699
vidhald@vidhald.is
www.vidhald.is

## Nudd

NÝTT NÝTT, ný og glæsileg nuddstofa í 101, opið alla daga S.7877481

## Spádómar

**SPÁSÍMINN 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

**SÍMASPÁ 555 2927**
Draumaráðningar, fyrirbænir. Opið frá 15-21 Hanna s. 847 7596

## Rafvirkjun

Raflagnir Dyrasímar
Set upp ný dyrasímakerfi og geri við eldri. Endurnýja raflagnir í eldra húsnæði ásamt viðgerðum og nýlögnum.
Fljót og góð þjónusta
Sími 893 1733
Jón Jónsson
Löggiltur rafverktaki
www.raflagnir.is

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

GEFÐU HÆNU
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar

## Önnur þjónusta



**VALDÍS ÁRNADÓTTIR DÁLEIÐSLUTÆKNIR (CLINICAL HYPNOTHERAPIST) VEITIR DÁLEIÐSLUMEÐFERÐ.**
Viltu léttast, takast á við kvíða, streytu, sjálfstraust, hætta að reykja o.fl. Dáleiðsla er gott verkfæri til betri heilsu.
**Tímapantanir í síma 864-1273**

ÍSLENSKA GÁMAFÉLAGIÐ

**PARFNAST BÍLAPLANIÐ PRIFA EÐA VIÐHALDS?**
Við bjóðum upp á eftirfarandi:

Götusópun

Gangstéttarsópun

Þvott á götum, bílastæðum og gangstéttum Málun og merkingar á bílastæðum

Malbiks- og kantsteinaviðgerðir

Umhverfishreinsun

**Allar nánari upplýsingar veita ráðgjafar Íslenska Gámafélagsins. www.gamur.is S: 577 5757 eða gamur@gamur.is**

# KEYPT & SELT

## Til sölu



**FLOTT GLERBORÐ Á 5.000.- !**
Til sölu svart háglans kringlótt gler stofuborð, 2 glerplötur (minni glær undir), stálfætur.

Stærð ca. 100 cm x 100 cm, í þvermál. ca,. 70 cm á hæð
**Upplýsingar í síma 699 2778 Eftir hádegi.**

## Óskast keypt

**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is
**Opið mán - lau 11-17, Kringlan - 3. hæð (Hagkaupsmegin)**

**Upplýsingar í síma 661 7000**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.**

## Til bygginga



**HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

# HEILSA

## Nudd

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Rvk. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

Heilnudd. Nuddstofan svæði 112. Uppl. S: 823 5669 eða 693 0348

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2014, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**TIL LEIGU Á AÐEINS 950 KR FM!**
Kistumelar 16, 116 Reykjavík 165 - 280 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsluhurðir, góð malbikuð lóð og greið aðkoma.
**Uppl. veitir Hafsteinn í s. 690-3031**

## Atvinnuhúsnæði

**HAFNARFJÖRÐUR - SKRIFSTOFUR -VINNUSTOFUR**
Nokkur 20 - 46 m2 rými laus eða að losna í snyrtilegu húsnæði. Nánar á www.leiga.webs.com s. 898 7820

**FJÁRFESTINGATÆKIFÆRI**
Ný 50 m2 bil í Steinhellu 14. Mikil lofthæð. Góðar gluggar. Góðar hurðir. 10 m2 milliloft mögul. Fyrir frístundir eða lítinn rekstur. Verð: 9,9 m. S: 661-6800 og 564-6500

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLURTILLEIGU.IS**
Nýjar sérhannað 300 geymslur, stærðir 1,7-7,2 fm. Opnunartilboð: Fyrsti mánuðurinn frír. Aðgangur 24 tíma sólarhrings, upphitað og vaktað. Smiðjuvegur 4 Kópavogi. S: 4143000.

**SUMARTILBOÐ GEYMSLULAUSNIR.IS**
Verð frá 2900kr.mán Sækjum og sendum. S: 615-5005

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers frá 3000 kr mán. Langtímasamningur í boði. S. 567 4046 & 892 0808.

**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Og ódýrt eftir það. Stærðir 1 til 17 m2. Nýtt, upphitað og vaktað. S: 564-6500

## fundir / mannfagnaður

# AÐALFUNDUR

Aðalfundur Eignarhaldsfélags Suðurnesja verður haldinn **fimmtudaginn 7. maí kl. 14:00** á Hótel Keflavík að Vatnsnesvegi 14, Reykjanesbæ.

**Dagskrá**
- Venjuleg aðalfundarstörf
- Önnur mál

Stjórnin

## fasteignir

EIGNABORG FASTEIGNASALA ☎ 564 1500 30 ára
Hamraborg 12, Kópavogi, sími 564 1500, fax 554 2030.



**Hvassaleiti - Reykjavík**
**4ra herbergja**
127,2 fm íbúð á 1. hæð, ásamt bílskúr, í fjölbýlishúsi. Íbúð er skráð 87,6 fm, geymsla 17,8 fm, bílskúr 21,8 fm., alls 127,2 fm.



**Veghús - Reykjavík**
**3ja herbergja**
111,3 fm íbúð á jarðhæð, ásamt bílskúr, í fjölbýlishúsi. Íbúð er skráð 86,4 fm og bílskúr 24,9 fm, alls 111,3 fm.



**Strandvegur - Garðabær.**
**4ra herbergja**
118 fm, íbúð á jarðhæð í fjölbýlishúsi, ásamt stæði í bílageymslu. Íbúð er skráð 108,8 fm og geymsla 9,2 fm, alls 118 fm.



**Lyngbrekka - Kópavogur.**
**2ja herbergja**
73,3 fm íbúð á kjallara í fjórbýlishúsi. Íbúð er skráð 67,1 fm og geymsla 6,2 fm, alls 73,3 fm.



**Klukkuvellir - Hafnarfjörður. 4ra herbergja**
130,6 fm íbúð á 2. hæð í lyftuhúsi. Íbúð er skráð 123,5 fm og geymsla 7,1 fm, alls 130,6 fm.



**Leirubakki - Reykjavík**
**3ja herbergja**
íbúð á 3. hæð, ásamt aukaherbergi í kjallara. Íbúð er skráð 74,7 fm. herb. í kjallara 8,9 fm og geymsla 5,4 fm. alls 89 fm.

Vegna mikillar sölu vantar allar gerðir fasteigna á skrá

## skemmtanir

BOLTINN Í BEINNI

Cafe Catalina

Hamraborg 11 • 200 Kópavogur • Sími 554 2166 • www.catalina.is
"Best geymda leyndarmál Kópavogs"




MIÐVIKUDAGINN 23. APRÍL. KVEÐJUM VETURINN SAMAN. OPIÐ TIL KL. 03:00 GLEÐILEGT SUMAR.

HLJÓMSVEITIN KLETTAR
RÚNAR ÞÓR, RÚNAR VILBERGS, SIGGI ÁRNA OG TRYGGVI HUBNER SPILA Í KVÖLD.

Allir velkomnir

http://www.facebook.com/cafecatalina
Heimilismatur í hádeginu virka daga • Eldhúsið opið alladaga til kl. 21:00 • Boltatilboð • Snyrtilegur klæðnaður áskilin

## atvinna

STÁLSMIÐJAN FRAMTAK EHF

Óskum eftir að ráða vana vélvirkja, málmiðnaðarmenn og trésmiði til fyrirtækis okkar sem fyrst.

**Upplýsingar gefur Guðmundur í síma 660-3533 (trésmiðir) og Óskar í síma 660-3535**



ÁLFASÖLUFÓLK ÓSKAST!

**Frábær fjáröflunarleið fyrir félagasamtök, hópa og einstaklinga**

Við óskum eftir öflugu sölufólki vegna Álfasölu SÁÁ sem stendur yfir frá 6. - 10. maí nk. Góð sölulaun í boði!

Áhugasamir hafið samband við Hilmar í síma 824-7646 eða með tölvupósti í netfangið hilmar@saa.is

SÁÁ SAMTÖK ÁHUGAFÓLKS UM ÁFENGIS- OG VÍMUEFNAVANDANN

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

## ATVINNA

## Atvinna í boði

**BAKARÍ / KAFFIHÚS**
Vaktstjóri óskast í bakarí, með reynslu af smur og súpugerð. Íslensku kunnátta skilyrði og ekki yngri enn 25 ára. Vinnutími frá kl. 6:30 -13:00. Framtíðarstarf.
**Uppl. sendist á : sveinsbakari@sveinsbakari.is**

**K-BAR, ÞJÓNN, AÐSTOÐARKOKKUR**
óskum eftir þjónum í hlutastörf og aðstoðar kokk í eldhúsi kvöld og helgarvinnu.
**Sendið umsókn á: kbar@kbar.is**

VIÐHALD fasteignaviðgerðir
Getum bætt við okkur húsasmiðum, múrurum og byggingaverkamönnum í byggingavinnu.
Eldri umsóknir óskast endurnýjaðar.
Uppl. í síma 8211994, umsóknir sendist á hreidar@vidhald.is
**Sími 567 6699**
**vidhald@vidhald.is**
**www.vidhald.is**

Olíudreifing

**MEIRAPRÓFSBÍLSTJÓRAR**

**OLÍUDREIFING EHF. ÓSKAR EFTIR AÐ RÁÐA Í AFLEYSINGAR.**
Vana bílstjóra með CE meirapróf staðsetta í Reykjavík. Um fjölbreytt starf er að ræða við olíudreifingu beint á vinnuvélar, tanka og skip. Nánari upplýsingar veitir Helgi Marcher Egonsson í síma 550 9937.

Vana bílstjóra með CE meirapróf staðsetta á Akureyri. Um fjölbreytt starf er að ræða við olíudreifingu beint á vinnuvélar, tanka og skip og vinnu í birgðastöð. Nánari upplýsingar veitir Guðjón Páll Jóhannsson í síma 550 9910.

Vana bílstjóra með CE meirapróf staðsetta á Reyðarfirði. Um fjölbreytt starf er að ræða við olíudreifingu beint á vinnuvélar, tanka og skip og vinnu í birgðastöð. Nánari upplýsingar veitir Helgi Marcher Egonsson í síma 550 9937.
**Umsóknir sendist á odr@odr.is .**

**Olíudreifing greiðir ADR námskeið og laun á námskeiðstíma fyrir þá bílstjóra sem ekki hafa ADR réttindi. Störfin standa báðum kynjum jafnt til boða. Nánari upplýsingar um Olíudreifingu ehf. má nálgast á www.oliudreifing.is**

**KRAFTBINDINGAR EHF**
óska eftir að ráða vana smiði í mótauppslátt. Reiprennandi íslenskukunnátta algert skilyrði.
**Áhugasamir hafi samband við Jónas í síma 788-6900**

Garðyrkjufyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir duglegu starfsfólki í sumarvinnu, æskilegt er að viðkomandi sé með bílpróf. Umsókn ásamt ferilskrá sendist á netfangið hreinirgardar@gmail.com

## TILKYNNINGAR

## Einkamál

Rauða Torgið
Sönn tilbreyting • Heit ævintýri
Stefnumót: 905-2000 • 535-9920
Konur, allt frítt í s. 555-4321
Karlar auglýsa frítt, 535-9922
Heitar kynlífssögur
905-2002 • 535-9930
Símadömur o live spjall
908-6000 • 535-9999

Ábendingahnappinn má finna á **www.barnaheill.is**
SAFT

## Byggingarfulltrúinn í Reykjavík

**Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar auglýsir starf byggingarfulltrúa laust til umsóknar.**

Staða byggingarfulltrúa er á umhverfis- og skipulagssviði. Sviðið tók formlega til starfa í janúar 2013 þegar umhverfis-og samgöngusvið, skipulags- og byggingarsvið og framkvæmdahluti framkvæmda- og eignasviðs voru sameinuð. Skrifstofa skipulags, byggingar og borgarhönnunar ber ábyrgð á skipulagi byggðar, landslags og samgangna út frá samþykktri stefnumörkun, sem og eftirliti með framkvæmd skipulags. Innan hennar eru lögbundin verkefni byggingarfulltrúa. Á skrifstofunni starfa 44 starfsmenn þar af 21 hjá embætti byggingarfulltrúa. Umhverfis- og skipulagssvið er með vottað umhverfisstjórnunarkerfi skv. ISO 14001 og stefnt er að því að embætti byggingarfulltrúa verði með vottað gæðastjórnunarkerfi skv. ISO 9001 á þessu ári.

**Starfssvið byggingarfulltrúa:**
- Starf byggingarfulltrúa er lögbundið, sbr. 8. gr. mannvirkjalaga nr. 160/2010
- Veita embættinu faglega forystu og móta framtíðarstefnu innan ramma laga og reglugerða
- Eftirlit og eftirfylgni að lögum um mannvirki nr. 160/2010, reglugerðum og öðrum lögum um byggingarmál sé framfylgt
- Afgreiðsla mála sbr. samþykkt um embættisafgreiðslur byggingarfulltrúans í Reykjavík nr. 161/2005 m.s.br.
- Ábyrgð á daglegum rekstri þ.m.t. starfsmannamálum og fjármálum

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Framhaldsmenntun á háskólastigi í arkitektúr eða verkfræði, eða sambærileg menntun sem nýtist í starfi. Byggingarfulltrúi skal hafa löggildingu sem hönnuður sbr. 25. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010
- Þekking á byggingarreglugerð
- Leiðtogahæfni, frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi
- Teymishugsun, lipurð og hæfni í mannlegum samskiptum
- Þekking á starfsumhverfi opinberrar stjórnsýslu, einkum sveitarfélaga æskileg
- Hæfni til þess að tjá sig í ræðu og riti á íslensku, ensku og einu norrænu tungumáli

Um laun og starfskjör fer samkvæmt reglum um réttindi og skyldur stjórnenda hjá Reykjavíkurborg og ákvörðun kjaranefndar Reykjavíkurborgar. Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.

**Umsóknarfrestur er til og með 6. maí nk.**
**Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent, www.capacent.is.**

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Nánari upplýsingar veita Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Jóna Björk Sigurjónsdóttir (jona.sigurjonsdottir@capacent.is) hjá Capacent ráðningum.

capacent

landið. Erlendir ferðamenn nýti sér frekar rútur og bílaleigubíla í stað þess að nota innanlandsflug. Forstjóri Hertz er sammála því. „Það sem við gerum fyrst og fremst er að dreifa ferðamanninum. Það er þetta jákvæða við þessar bílaleigur,“ segir Sigfús. „Þú sérð mikilvægi þessarar greinar, þetta eru þó nokkuð margir togarar sem eru þarna úti á vegum landsins að afla gjaldeyristekna,“ segir Hjálmar.

### Mikið lagt í forvarnir

Forstjóri Hertz segir að það sé mikil ábyrgð fólgin í því að leigja út bíla og hann hafi áhyggjur af bílaleigum sem leigi út 20 ára gamla bíla. „Menn verða að gera þetta þannig að bílarnir séu í lagi, að þeir séu öruggir og rétt dekkjaðir,“ segir Sigfús. Það sé bannað að hugsa um skammtímaávinning af viðskiptavininum.

„Þetta er fljótt að verða slæm auglýsing þegar viðskiptavinurinn lendir inn á fallegri heimasíðu og það er öllu fögru lofað þar. Og svo kemur hann og það tekur á móti honum þessi líka drusla sem hann á að ferðast um landið á, sem eyðir miklu og er ekki með ABS eða stöðugleikakerfi eða neitt annað,“ segir Sigfús. „Við höfum lært það í gegnum tíðina að vera með mikla forvarnastarfsemi og gefum út stóra bæklinga á örugglega fimmtán mismunandi tungumálum, meira að segja hebresku, um það hvað ber að varast,“ segir Sigfús.

Forstjóri ALP segir að stóru íslensku bílaleigurnar skeri sig úr hvað forvarnir snertir. „Það er stanslaus áróður, lesið yfir

**36%**

**ferðamanna sem koma til Íslands nota bílaleigubíla.**

hausamótunum á fólki og ég veit ekki hvað og hvað. Það eru endalausir bæklingar, það eru skjáir út um allt og það er save-travel,“ segir Hjálmar. Hann segir að bílaleigurnar hafi átt frumkvæði að því að farið var að loka vegum sem Vegagerðinni hefði aldrei dottið í hug að loka. Hann segir að starfsfólkið fari í sérstaka þjálfun um það hvernig það eigi að tala við viðskiptavinina um það hvað má, hvað má ekki og hvað ber að varast. „Það er ekki lesið svona yfir þér þegar þú leigir bíl í Danmörku, Þýskalandi eða Bandaríkjunum. Þar eru þér bara réttir lyklarnir,“ segir Hjálmar. Þetta sé fyrst og fremst eitthvað sem bílaleigurnar hafi fundið upp hjá sjálfum sér, bæði til þess að tryggja öryggi ökumanna og til þess að tryggja að bílarnir komi heilir heim.

Í dag reka tvö bílaumboð bílaleigur. Brimborg rekur leigu undir merkjum Dollar-Thrifty og Bílabúð Benna rekur leigu undir merkjum Sixt. Brimborg hefur rekið bílaleiguna frá árinu 2009. „Við vorum í fyrra á há-season með um 550 bíla og reiknum með að fara í svona 630 bíla í ár. Stækka okkur um svona 10 prósent,“ segir Egill Jóhannsson, forstjóri Brimborgar. Hann segir að fyrirtækið sé með 24 flokka af bílum í útleigu, alveg frá pínulitlum smábílum upp í stóra jeppa og smárútur. Bílaleigan er rekin undir sömu kennitölu og bílaumboðið. „Við erum með alla starfsemi Brimborgar undir einni kennitölu. það hefur reynst okkur ágætlega,“ segir Egill. Hann áætlar að tekjur af bílaleigunni í fyrra hafi verið um 750 milljónir.

Egill segir að stóri kosturinn við það að vera með bílaumboð og bílaleigu saman sé samlegðin, meðal annars í innflutningi. „Þetta er það mikið magn sem við erum með í flotanum að bílaleigudeildin pantar bíla hjá söludeildunum og reynir að plana hvað hún þurfi marga bíla. Svo þegar við förum að nálgast vorið eins og núna og það eru meiri bókanir en við áttum von á þá heyrum við í söludeildunum og spyrjum hvort þeir eigi aukabíla sem hægt væri að bæta við,“ segir Egill.

„Við flytjum inn bílana, við erum með verkstæðisþjónustu fyrir bílana. Við erum með Max1 sem flytur inn Nokian-dekkin, við flytjum inn varahlutina í bílana og svo erum við með endursöluferlið,“ segir Egill. Hann segir að sölumennirnir geti auðveldlega flett bílum upp í bílaleiguflotanum. „Þannig að ef við eigum til dæmis ekki Ford Fiesta í sölu þá geta þeir flett upp í leigunni, fundið til dæmis notaðan Ford Fiesta, spurt kúnnann hvort honum lítist á þann bíl. Þá er bara eitt símtal í leiguna og spurt hvort það sé í lagi að selja hann. Sölumaðurinn getur meira að segja séð hvort hann er í leigu eða ekki og hvenær hann kemur þá inn. Og sagt við kúnnann þá að hann geti keypt bílinn þegar hann kemur úr leigu,“ segir Egill.



**BÍLAVIÐGERÐIR** Stór hluti af kostnaði bílaleiganna er í viðhaldi, kaupum á dekkjum og öðru sem viðkemur rekstri hefðbundinna bíla. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## BÍLASALA TVÖFALDAST Á FÁEINUM ÁRUM

Í heildina tvöfaldaðist bílasala á árunum 2011 til ársins 2014, en í fyrra voru seldir 11.968 bílar. Árið 2011 var hlutfall nýskráðra bílaleigubíla 42 prósent af öllum nýskráðum bílum en árið 2014 var hlutfallið 40 prósent. Það hafa því litlar breytingar orðið á þessu hlutfalli síðustu ár.

Taflan hér að neðan sýnir annars vegar nýskráningar bílaleigubifreiða (fólks-, hóp-, sendi- og vörubifreiða) 2011-2015 (til og með 17.04. 2015) og hins vegar nýskráningar allra bifreiða (fólks-, hóp-, sendi- og vörubifreiða) á sama tímabili. Athugið að tölur fyrir „Allar bifreiðar“ innihalda líka bílaleigubifreiðarnar.

### Nýskráðir bílaleigubílar og nýskráðir bílar

| | 2011 | 2012 | 2013 | 2014 | 2015 |
|---|---|---|---|---|---|
| Bílaleiga | 2.494 | 3.786 | 3.372 | 4.760 | 1.123 |
| Allar bifreiðar | 5.946 | 9.142 | 9.025 | 11.968 | 3.615 |
| **Hlutfall bílaleiga** | **42%** | **41%** | **37%** | **40%** | **31%** |



# Heiðar söðlaði um eftir sautján ár í útvarpi

***Heiðar Austmann tók nýlega við sem rekstrar- og markaðsstjóri hjá Fjörefli. Hann var áður útvarpsmaður í sautján ár. Hann segir störfin snúast um það sama í grunninn, mannleg samskipti.***



HEIÐAR AUSTMANN

Heiðar Austmann tók nýlega við sem rekstrar- og markaðsstjóri hjá Fjörefli sem rekur meðal annars Skemmtigarðinn í Grafarvogi. Hann var áður útvarpsmaður hjá FM957 í sautján ár.

Fyrirtækið er fimmtán ára gamalt en við upphaf rekstursins bauð það Íslendingum upp á Paint Ball. Í dag starfrækir það meðal annars Skemmtigarðinn í Grafarvogi og er jafnframt viðburðafyrirtæki með viðburði nánast daglega, fyrir starfsmannafélög, grunnskóla, félagsmiðstöðvar, menntaskóla og fleiri aðila.

Heiðar hefur að mestu yfirumsjón með daglegum rekstri fyrirtækisins, en ásamt honum vinna tveir aðrir hjá því. Heiðar segir þetta vera töluverða breytingu frá því að hann vann í útvarpinu með tugum annarra starfsmanna í opnu rými. „Það er töluverð breyting og maður þurfti að taka því,“ segir Heiðar. Hann sé mikil félagsvera og hafi mikla þörf fyrir að vera í spjalli við fólk. „Núna er maður allt í einu kominn í rólegra umhverfi og þar af leiðandi meira sem kemst í gagnið. Minna um truflanir,“ segir hann.

Heiðar var 21 árs gamall þegar hann byrjaði að vinna á FM957 í febrúar 1998. „Þetta er í raun alveg ótrúlega mikil breyting. Því ég þekkti lítið annað en fjölmiðlaheiminn, hvernig hann virkaði. Bæði markaðsfræði sem tengist fjölmiðlum, umgjörð og allt sem er í kringum það. Ég er kominn í allt annað umhverfi en samt er það einhvern veginn eins í grunninn. Þegar maður er í fjölmiðlum snýst þetta mikið um mannleg samskipti og sölumennsku. Sem útvarpsmaður ertu alltaf að selja sjálfan þig,“ segir Heiðar. Þetta starf sé eins að því leytinu til að það snúist um mannleg samskipti og upplifun viðskiptavinarins. „Þannig að í grunninn er þetta mannleg samskipti ásamt sölukunnáttu og markaðskunnáttu,“ segir hann.

Heiðar hefur í nógu að snúast utan vinnunnar. Hann er í sambúð og á tvær dætur, en sú yngri er eins árs og lætur nokkuð fyrir sér fara. „Það sem við erum að gera núna er að við erum að undirbúa næstu skref fyrir hana. Hún er að fara til dagmömmu og svo á leikskóla og svo erum við fjölskyldan að plana sumarfrí,“ segir hann. Heiðar segist hafa gaman af fótbolta og golfi, en með nýja vinnu og þetta stóra fjölskyldu sé minni tími fyrir áhugamálin en áður.

Sambýliskona Heiðars heitir Stefanie Esther Egilsdóttir og þau eiga dæturnar Evu Björk Austmann, fimm ára, og Emilíu Þórunni Austmann, eins árs.

jonhakon@frettabladid.is

## HUGMYNDARÍKUR ÚTVARPSMAÐUR



Hann er ljúfur og fyndinn, mjög fyndinn. Og það er þægilegt að vinna með honum. Hann er góður félagi, það er kannski hans helsti kostur. Hann segist vera góður golfari en hann er það ekki, en hann er rosalega góður að tala um golfið. Hann er ágætur í fótbolta, svolítið latur en ágætur. Hann er frábær strákur, mér þykir rosalega vænt um Heiðar. Við unnum sennilegast saman í tólf eða þrettán ár. Hans helsti ókostur er að hann heldur með Liverpool og er alveg ofsalega leiðinlegur Liverpool-aðdáandi. Hann var hörundsár lengi eftir að Torres hætti og var ekki viðræðuhæfur. Þá áttaði ég mig á því að þetta væri sennilegast sjúkdómur.

**Sigvaldi Kaldalóns** útvarpsmaður.



Hann hefur alltaf verið stútfullur af hugmyndum og það voru ótrúlegustu hlutir sem hann gat búið til á stuttum tíma ef það vantaði einhverja útvarpsleiki til dæmis. Margir útvarpsleikir sem eru enn í gangi í dag eru hugmyndir frá honum. Gallar hjá honum eru fáir bæði sem vinur og sem samstarfsmaður. Hann á það til að velta hlutum of mikið fyrir sér og hafa áhyggjur af því hvað öðrum finnst. Hann lætur líka bíða eftir sér, þegar það er korter í mig ef ég er að sækja hann þá segi ég við hann að ég verði kominn eftir 3 mínútur. Þá ætti hann að vera klár þegar maður rennir í hlaðið.

**Ríkharð Óskar Guðnason** útvarpsmaður.

# Segir tvö erfið skref eftir í bataferlinu

***Fyrrverandi forsætisráðherra Svíþjóðar segir að fyrsta skref í efnahagsbata Íslendinga hafi tekist vel, en tvö skref séu eftir. Hann líkir efnahagsbata Íslendinga við megrunarkúr og segir að gera þurfi kerfisbreytingu.***

Göran Persson, fyrrverandi forsætisráðherra Svíþjóðar, segir þörf á kerfisbreytingu til þess að koma í veg fyrir að atburðirnir sem leiddu til efnahagshrunsins á Íslandi endurtaki sig. Persson var staddur hér á landi í liðinni viku í tilefni af Ársfundi atvinnulífsins og Markaðurinn tók hann tali.

„Þið hafið staðið ykkur ákaflega vel á fyrsta stigi bataferilsins, í því að stöðva blæðinguna. Bæði fyrrverandi og núverandi ríkisstjórn hafa staðið sig vel. En núna þarf að ráðast í annan hluta verkefnisins. Það er að koma í veg fyrir að þetta gerist aftur. Við erum að tala um kerfisbreytingar,“ segir Persson. Þetta hafi verið erfiðast eftir kreppuna í Svíþjóð. „Þá erum við að tala um lífeyrissjóðakerfið, launakerfið, samskipti þingsins við markaðinn og skilvirkni í opinbera kerfinu. Öll þessi óvinsælu pólitísku mál sem þarf að fást við,“ segir Persson.

Til að rökstyðja mál sitt tekur hann dæmi úr sínu persónulega lífi. „Ég er meira og minna stöðugt í megrun og ég hef sett mér það markmið að ná undir 100 kíló. Stundum næ ég árangri, verð ég að segja. En alltaf þegar það gerist byrja ég að fagna þeim árangri og ég fer í ísskápinn til þess að fagna,“ segir Persson. Hið sama eigi við um efnahagslífið. „Nú hefur ykkur tekist vel upp með bráðaaðgerðirnar. Ef þið passið ekki upp á að þið náið tökum á ísskápavandamálinu þá munið þið fljótt lenda í vandræðum aftur,“ segir hann.

Persson segir þriðja vandamálið vera fjármagnshöftin. „Þið hafið náð yfir fyrsta stig í bata, en það eru tvö eftir og þau eru ekki auðveld,“ segir hann.

> **Þið hafið staðið ykkur ákaflega vel á fyrsta stigi bataferilsins, í því að stöðva blæðinguna.**

Persson segist lítið geta tjáð sig um ferlið við afnám hafta. Það sé viðkvæmt ferli og hann, sem utanaðkomandi aðili, hafi ekki nægar upplýsingar til að geta myndað sér skoðanir á því. „Eitt sem ég þó veit, er að ef efnahagslífið er ekki í góðu ásigkomulagi er ekki hægt að gera þetta,“ segir Persson. Ef aðstæður eru þannig að fjármál hins opinbera eru erfið, launahækkanir ýti undir verðbólgu og losarabragur við efnahagsstjórn sé ekki hægt að gera þetta. „Ef þið reynið að afnema höft við slíkar aðstæður þá eruð þið í vondum málum. Þið verðið því að vinna heimavinnuna ykkar. Ef þið gerið það þá er þetta möguleiki.“

Persson bendir á að Íslendingar standi vel að vígi með orku, gjöful fiskimið og vaxandi ferðaþjónustu. Hann varar við of miklum launahækkunum, Svíar hafi brennt sig á því. „Við hegðuðum okkur illa, hækkuðum laun in allt of mikið. Versta árið var 14 prósenta launahækkun. Það skapaði verðbólgu og á endanum varð raunlaunahækkunin neikvæð,“ segir Persson. Þetta hafi ekki leitt til góðs því að sænskar vörur urðu dýrari og það dró úr framleiðni. Hann segir að það sé ekki verkefni stjórnvalda að leysa þessi mál.

„Það er verkefni aðila vinnumarkaðarins að leysa þessi mál. Þessir aðilar eiga alveg að geta gert sér grein fyrir hvað gerist ef illa fer í kjaraviðræðum,“ segir Persson. Hann segir að ef ákveðnir lykilhópar hóti verkfalli og látið er undan kröfum þeirra þá komi aðrir hópar á eftir og líti á samningana sem hið nýja norm. „Þeir krefjast hins sama og þá ertu kominn á hálan ís,“ segir Persson.

jonhakon@frettabladid.is



**Á ÍSLANDI** Göran Persson var gestur á Ársfundi atvinnulífsins sem haldinn var í Hörpu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## RÁÐHERRA Á ERFIÐUM TÍMUM

Göran Persson var formaður sænskra sósíaldemókrata á árunum 1996 til ársins 2007. Hann var forsætisráðherra Svíþjóðar á árunum 1996-2006 og hafði verið fjármálaráðherra í rúmt ár áður. Hann var einnig þingmaður á sænska þinginu um árabil. Persson sat í ríkisstjórn á gríðarlega erfiðum tímum, en árið 1994 var 13 prósenta samdráttur í landsframleiðslu. Eftir mikinn niðurskurð og skattahækkanir tókst að bæta stöðuna.


BYLGJAN
989
AUKATÓNLEIKAR
Ásgeir
ELDBORG Í HÖRPU 16. JÚNÍ KL. 23:00
MIÐASALA Á MIÐI.IS
ASGEIRMUSIC.COM

ESB-aðild og upptaka evru gæti tengst eldfimasta viðfangsefninu:

# *Fórnað á altari stöðugleikans*

Aðild að ESB og upptaka evru eru ekki eitt af stóru málunum í íslensku samfélagi augnablikinu en gæta verið nátengdar eldfimasta viðfangsefni þjóðmálanna í dag.

Björgvin Guðmundsson, fyrrverandi borgarfulltrúi Alþýðuflokksins, sagði í grein í Fréttablaðinu sl. fimmtudag að það sem hái Samfylkingunni sé „að launþegar og lífeyrisþegar finna ekki, að Samfylkingin sé að berjast fyrir þessa aðila. Samfylkingin hefur hugsað of mikið um Evrópusambandið en of lítið um fólkið, sem stendur höllum fæti í landinu. Hún hefur hugsað of lítið um launafólkið.“

Síðari ummælin eru athyglisverð því Árni Páll Árnason hefur ekki tekið undir kröfu Starfsgreinasambandsins um hækkun lágmarkslauna með skýrum hætti en það hefur hins vegar Katrín Jakobsdóttir, formaður VG, gert á sama tíma og staðan á vinnumarkaði er sú eldfimasta í manna minnum. Katrín er í raun eini formaður stjórnmálaflokks á Íslandi sem hefur talað með skýrum hætti um þetta.



**Markaðshornið**

**Þorbjörn Þórðarson**
thorbjorn@stod2.is

**Sátt á vinnumarkaði mun aldrei fela í sér 4 prósent almennar launahækkanir.**

Þeim sem fylgjast með átökum á vinnumarkaði líður eins og forystumenn atvinnurekenda og verkalýðshreyfingarinnar séu að tala sitt tungumálið hver. Það er himinn og haf á milli. Sátt á vinnumarkaði mun aldrei fela í sér 4 prósent almennar launahækkanir. Lægst launuðu stéttirnar þola ekki lengur að ná ekki upp í opinber framfærsluviðmið og þess vegna finnst þessum stéttum það beiskur kaleikur að vera fórnað á altari verðstöðugleika.

Gamli borgarfulltrúinn minntist á ESB í sinni grein og að Samfylkingin hafi gengið of langt í að einblína á aðild. Það er ekki eitt af stóru málunum núna á Íslandi. Það eru fáir sem virðast átta sig á því að myntsamstarfið á evrusvæðinu er ein af stærstu mistökunum sem ESB-ríkin réðust í því regluverkið utan um samstarfið var gallað frá byrjun. Venjulegir Grikkir vilja helst taka upp drökmuna á ný. Þeir upplifa evrusamstarfið sem hörmung. Martin Wolf, efnahagsritstjóri Financial Times, sagði í nýlega í pistli að evrusamstarfið væri „næstversta hugmynd ríkjanna sem standa að því. Uppbrot þess væri hins vegar sú versta.“ Margir Grikkir vilja samt síðari kostinn því sá fyrri er það sársaukafullur vegna óbilgirni lánardrottna gríska ríkisins.

Friðartímabilið sem fylgdi stofnun Kola- og stálbandalagsins, forvera ESB, er það lengsta í sögu álfunnar. Þess vegna er ESB gríðarlega mikilvægt alþjóðasamstarf og allir íbúar álfunnar njóta hagsbóta af því. Þessi friður er hins vegar ekki háður því að íbúar álfunnar noti sama gjaldmiðil, og íbúar Grikklands, Spánar, Portúgals og jafnvel Ítalíu skynja það best. Evran er hins vegar að mati Seðlabanka Íslands eini raunhæfi valkostur Íslendinga utan krónu samkvæmt skýrslunni „Valkostir Íslands í gjaldmiðils- og gengismálum“ frá 2011.

Það sem formaður Samfylkingarinnar virðist átta sig á er að staðan á vinnumarkaði væri ekki jafn eldfim og raun ber vitni ef launþegar fengju laun sín greidd í gjaldmiðli sem væri ekki háður sveiflum í vísitölu neysluverðs. Ef launþegar fengju laun sín greidd í „dótapeningum“ eins og íslenska krónan hefur verið þá væri kannski hægt að semja um raunverulegar hagsbætur til þeirra. Þetta er kjarni málsins. Þá er spurningin, fyrst myntsamstarfið um evruna er gallað og aðeins raunhæfur valkostur í fjarlægri framtíð, hvað þá?

Leit að svari við þessari spurningu virðist eilífðarverkefni. Þeir sem vilja standa vörð um krónuna skulda almenningi svör við því hvernig á að verja stöðugleikann án þess að kveikja ófriðarbál á vinnumarkaði.

## Freygátan L'Hermione reiðubúin til siglingar



**L'HERMIONE** Ljósmyndarar náðu þessari mynd af endurgerð frönsku freigátunnar um helgina. Upprunalega freigátan var í lykilhlutverki í sjálfstæðisbaráttu Bandaríkjamanna fyrir um 235 árum. Hugmyndin að smíði eftirlíkingarinnar kom fyrst fram fyrir 20 árum. NORDICPHOTOS/AFP

# Fáum við betri upplýsingar um gengislán?

***Skoðun***



**Ólafur Stephensen**
framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda

Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) hafa dregið í efa tölur í úttekt, sem unnin var fyrir Félag atvinnurekenda (FA) um stöðu gengistryggðra lána bankanna, sem enn eru í ágreiningi. Niðurstaða þeirrar úttektar var sú bankar og lántakendur eru enn að takast á um 547 milljarða króna.

Fyrstu viðbrögð SFF, sem komu fram í Markaðnum 25. marz, voru að varúðarfærslur vegna gengislána væru aðeins 20 milljarðar króna og þannig gefið til kynna af SFF að umfang lána í ágreiningi væri hverfandi. Sú tala segir þó út af fyrir sig ekkert um kröfuvirði þeirra lána sem deilt er um. Í grein, sem Yngvi Örn Kristinsson, hagfræðingur SFF, skrifaði í Markaðinn í síðustu viku, segir hann hins vegar að samkvæmt tölum, sem samtökin hafi kallað eftir frá aðildarfyrirtækjum sínum, séu gengislán í ágreiningi tæplega 100 milljarðar króna, eða sem nemur hátt í einni Kárahnjúkavirkjun.

Hér er ekki ætlunin að fara út í þrætubók um aðferðir við mat á gengislánum í ágreiningi. Forsendur úttektarinnar sem gerð var fyrir FA liggja fyrir. Það mat er eins nákvæmt og mögulegt er á grundvelli fyrirliggjandi gagna, sem birt hafa verið opinberlega.

Það kemur alls ekki á óvart að bankarnir meti það svo að mun lægri upphæðir séu í ágreiningi; um það snýst einmitt að stórum hluta deilan um gengislánin. Bankarnir halda því fram að ágreiningur vegna þeirra hafi að stærstum hluta verið leystur. Fjöldi fyrirtækja með gengislán er ósammála því mati og túlkun bankanna á dómafordæmum. Það gefur augaleið að mat þeirra á umfangi þessa ágreinings er ekki það sama.

Tala SFF um að 96 milljarða gengislán séu í ágreiningi er ekki sundurgreind frekar eða gefnar upp forsendur þessa mats. Það er til dæmis ekki heimfært hvernig þessi tala kemur heim og saman við minnisblað Fjármálaeftirlitsins um gengislán 2012 og þá flokkun lánanna sem þar var sett fram.

Það væri að sjálfsögðu æskilegt að bankarnir veittu frekari upplýsingar um stöðu gengislánanna, sem þeir hafa hingað til verið tregir til að gera. Sama má segja um eftirlitsstofnanir á borð við Fjármálaeftirlitið. Úttektin sem unnin var fyrir FA var tilraun til að meta umfang vandans á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga. Það er jákvætt ef hún stuðlar að því að efla upplýsingagjöf bankanna og FME um gengislánin og auka gegnsæið í þessum efnum.

Hvort sem kröfuvirði gengislána sem ágreiningur er um er 96 milljarðar, 547 milljarðar eða einhver tala þar á milli, er ljóst að um gríðarlegar fjárhæðir er að tefla fyrir íslenzkt viðskiptalíf. Hver talan er nákvæmlega breytir ekki þeirri meginályktun, sem sett var fram af hálfu FA á fundi um gengislánin í síðasta mánuði, að bankarnir hafa að verulegu leyti eftirlátið dómstólum að ráðstafa þeim afslætti sem fylgdi gengislánunum þegar þau voru færð yfir í nýju bankana, í stað þess að gera frjálsa samninga við viðskiptavini sína, byggða á viðskiptalegum forsendum. Að gengnum 70 hæstaréttardómum og hátt í 200 dómum héraðsdómstóla er enn ágreiningur um fjölda lána, sem stendur íslenzku viðskiptalífi fyrir þrifum. Út frá hagsmunum viðskiptalífsins er ekki aðalatriðið hver hin nákvæma tala er, heldur að finna lausn á þessum ágreiningi.

# *Starfsfólk og innleiðing á samfélagsábyrgð fyrirtækja*

***Hin hliðin***

**Lára Jóhannsdóttir**
lektor við viðskiptafræðideild HÍ.



Það er ekki sjálfgefið að vel takist til við innleiðingu breytinga hjá fyrirtækjum. Mótþrói starfsfólks getur gert það að verkum að áætlanir renna út í sandinn, enda er ekki víst að hagsmunir og þarfir starfsfólks fari saman við fyrirætlanir stjórnenda. Aðferðir breytingastjórnunar geta stuðlað að farsælli innleiðingu breytinga, en starfsfólk þarf að skynja þörf fyrir breytingarnar. Framtíðarsýn þarf að vera skýr og stjórnendur bera ábyrgð á því að miðla sýninni. Þjálfa þarf starfsfólk, veita því umboð til athafna, skilgreina áfanga verksins, fagna áfangasigrum, mæla árangur og rétta af kúrsinn ef árangur samræmist ekki áætlunum.

Andstætt mótþróa gagnvart breytingum er móttækileiki starfsfólks fyrir breytingum. Vísbendingar eru um að fyrirtæki sem eru sönn í áherslum sínum á samfélagsábyrgð eigi auðveldara með að fá fólk með sér í breytingar en þau sem ekki sinna slíkum áherslum eða gera það með hangandi hendi. Samfélagsábyrgð felur það í sér að áhersla er á hag samfélags og umhverfis, en ekki eingöngu á hag hluthafa. Áherslur á hag breiðs hóps hagsmunaaðila ættu til lengri tíma litið að koma fyrirtækjum til góða. Ef fyrirtæki eiga að þróast í takt við kröfur samfélagsins þurfa þau á hæfu starfsfólki að halda og viðskiptavinum sem vilja kaupa af þeim vörur eða þjónustu. Þá þurfa aðrir þeir sem verða fyrir áhrifum af rekstrinum einnig að vera sáttir.

Áherslur á samfélagsábyrgð fyrirtækja geta stuðlað að starfsánægju. Starfsfólk skynjar að það vinnur hjá fyrirtæki sem hefur æðri tilgang en þann að græða meira í dag en í gær. Það fyllist stolti sem endurspeglast í störfum þess. Starfsfólkið er tilbúið að leggja aukalega á sig svo að áætlanir nái fram að ganga þar sem störf þess skipta máli fyrir samfélag og umhverfi. Eigi starfsfólk að styðja breytingar og taka þátt í innleiðingunni, skiptir máli hvers eðlis breytingarnar eru og hver nýtur ávinningsins. Samhliða ávinningi fyrirtækisins ættu hagsmunaðilar að hagnast. Starfsfólki gætu verið búnar betri vinnuaðstæður, verkefni gerð innihaldsríkari eða kjör bætt. Minnka mætti álag á umhverfi, eða leita lausna á samfélagslegum vandamálum. Fyrirtæki geta bætt hag sinn á sama hátt og þau bæta hag annarra, því velgengni fyrirtækja helst í hendur við velgengni samfélagsins.


TOM HARDY
GARY OLDMAN
NOOMI RAPACE
JOEL KINNAMAN
PADDY CONSIDINE
WITH JASON CLARKE
AND VINCENT CASSEL
FROM PRODUCER RIDLEY SCOTT
★★★★★
A brave, slow-burn of a thriller
Total Film – James Mottram
CHILD 44
BASED ON THE INTERNATIONAL BEST SELLING NOVEL
WORLDVIEW
SCOTT FREE
CATCH THE KILLER EXPOSE THE TRUTH
KOMIN Í BÍÓ
EGILSHÖLL
SAMbio.is
KEFLAVÍK SAMBÍÓIN
AKUREYRI SAMBÍÓIN
KRINGLAN SAMBÍÓIN
ÁLFABAKKI SAMBÍÓIN

# MARKAÐURINN

Netfang ritstjorn@markadurinn.is Sími 512 5000 Fax 512 5301
Netfang auglýsingadeildar auglysingar@markadurinn.is Veffang visir.is


**Gengi gjaldmiðla**

| | | | |
|---|---|---|---|
| USD 136,21 | DKK 19,65 | NOK 17,37 | CHF 143,11 |
| GBP 203,89 | EUR 146,60 | SEK 15,79 | JPY 1,14 |

**FTSE 100**
7.062,93 +10,80 (0,15%)

**Viðskiptavefur Vísis**
@VisirVidskipti

## 31 MILLJARÐS TEKJUR

### Afkoma Marels betri en vænst var

Marel áætlar að tekjur fyrirtækisins verði 30,6 milljarðar króna á fyrsta fjórðungi. Þetta kom fram í tilkynningu félagsins til Kauphallarinnar á mánudaginn.

Marel birtir uppgjör fyrsta fjórðungs þann 29. apríl næstkomandi. Það er mat stjórnenda Marels að afkoma félagsins sé umfram væntingar. Byggist þetta einkum á auknum tekjum, hagstæðri tekjudreifingu og aukinni skilvirkni í rekstri félagsins.

**16.04.2015** Við þurfum sameiginlega að byggja upp þjóðfélag festu og stöðugleika og slíkar hækkanir hjálpa ekki til við það. Óskir um fjórfalda hækkun bankabónusa eru af sama meiði. Bankakerfi í höftum, varið að mestu fyrir erlendri samkeppni, býr ekki til slík verðmæti að það réttlæti að launakerfi þess séu á skjön við aðra markaði og réttlætiskennd almennings.

*Sigmundur Davíð Gunnlaugsson*
*forsætisráðherra*



## 1.400 HERBERGI

### Kaupa hlut í Íslandshótelum

Framtakssjóðurinn Edda, sem rekinn er af verðbréfafyrirtækinu Virðingu, og Kjölfesta, sem einnig er rekinn af Virðingu í samstarfi við ALM Verðbréf, hafa keypt 15 prósenta hlut í Íslandshótelum. Íslandshótel reka 15 hótel um land allt. Þar á meðal Grand Hótel, Hótel Reykjavík Centrum, Best Western Hótel Reykjavík ásamt Fosshótelunum. Tólfta Fosshótelið verður senn opnað við Höfðatorg. Í sumar verða hótelherbergi Íslandshótela orðin 1.400.

## STJÓRNARMAÐURINN

### Bílstjórar breiði út faðminn

Akstur leigubifreiða á Íslandi er einokunarbransi. Þeir einir sem fengið hafa atvinnuleyfi frá Samgöngustofu og tengdir eru bifreiðastöðvum geta ekið leigubíl á Íslandi.

**BIFREIÐASTÖÐVAR** í landinu eru fimm og fjöldatakmarkanir eru á leyfum.

**GJALDSKRÁ** leigubifreiða er samræmd, þú greiðir eftir sömu gjaldskrá hvar sem þú stígur upp í leigubíl, óháð gæðum bifreiðar, reynslu bílstjórans eða öðrum þáttum sem máli skipta.

**STJÓRNARMAÐURINN** hefur nýtt sér þjónustu Uber á ferðum sínum.

**MARGIR** lesendur þekkja Uber. Bílstjórinn ekur sínum eigin bíl og tengist notandanum gegnum sérstakt app. Notandinn fær nákvæmar praktískar upplýsingar gegnum appið, og getur séð ferðir bílsins í rauntíma á korti.

**NOTENDUR** geta valið um gæði bifreiða. Dugar lítill rafmagnsbíll, þarftu pláss fyrir farangur eða viltu glæsibifreið? Greiðsla er innheimt í samræmi við gæði bílsins, lengd ferðarinnar, tíma dags o.s.frv.

**TIL VIÐBÓTAR** býður Uber upp á einkunnagjöf – fyrir bílstjóra og farþega. Bílstjórar leggja sig því fram um að veita góða þjónustu, og farþeginn við að haga sér skikkanlega.

**UBER** gerir strangar kröfur til bílstjóra sem aka undir merkjum félagsins. Bíllinn má ekki vera eldri en fjögurra ára, og bílstjórinn skal vera með óflekkað mannorð. Svona mætti áfram telja.

**LEIGUBIFREIÐASTÖÐVUM** á Íslandi ber lagaskylda til að skipuleggja starfsemi sína með þeim hætti að veitt sé góð og örugg þjónusta. Nokkuð vantar upp á eins og staðan er í dag. Engin leið er að vita hvaða bíll kemur, þú getur lent á spánýrri Benzbifreið eða gömlu rúgbrauðslíki sem hangir saman á hjörunum. Þjónustan er líka furðulega dýr.

**UBER** getur eins og staðan er í dag ekki hafið starfsemi á Íslandi, enda ekki bifreiðastöð og bílstjórarnir ekki með leyfi.

**Á VEFSÍÐU** Bifreiðastjórafélagsins Frama segir um frjálsan leigubílarekstur: „Leigubílstjórum er kunnugt um að þar sem aðhald hefur verið minnkað með leigubílstjórum hafi menn sem gerst hafi sekir um glæpi reynt að komast í stéttina en það má alls ekki gerast hér á Íslandi.“

**SÁ SEM** þetta ritar getur varla talað fyrir hönd stéttarinnar. Vitaskuld er eðlilegt að stíga varlega til jarðar þegar kemur að breytingum. Hræðsluáróður á þó aldrei rétt á sér.

**DÆMI** Uber sýnir að frjáls leigubílarekstur skilar sér í betri þjónustu, sanngjarnara verði og öruggari bifreiðum. Uber veitir góðum bílstjórum líka tækifæri og vettvang til að skara fram úr.

**FRAMÚRSKARANDI BÍLSTJÓRAR**, og farþegar, ættu því að taka frjálsum leigubílarekstri opnum örmum.

@stjornarmadur




Einar Hannesson Hdl.Löggiltur Fasteignasali og leigumiðlari | Þórarinn Jónsson hdl.Löggiltur Fasteignasali | Óskar Már Sölustjóri gsm 615-8200 | Víðir Framkvæmdarstjóri gsm 854-2226 | Stefán Páll Sölufulltrúi gsm 694-7186 | Agnar Sölufulltrúi gsm 820-1002 | Þórir Sölufulltrúi 865-9774 | Ármann Þór Sölufulltrúi gsm 847-7000 | Kristín Sölufulltrúi gsm 894-3003 | Helgi Sölufulltrúi gsm 895-1999 | Diðrik Sölufulltrúi gsm 647-8052 | Björgvin Þór Sölufulltrúi gsm 855-1544 | Ívar Sölufulltrúi gsm 690-9090 | Haraldur Sölufulltrúi gsm 783-1494 | Vera Sölufulltrúi gsm 866-1110 | Sveinn Sölufulltrúi 899-8546

DOMUSNOVA
Fasteignasala venjulega fólksins... Fasteignasala

**Fataverslun og vefnaðarvörulager** Verð 2.000.000



**Stefán Páll og Domusnova kynna : Verslun og lager til sölu**

Fataverslun staðsett á Nýbýlavegi í hjarta Kópavogs.
Frábært tækifæri fyrir sjálfstæðan rekstur!

**Nánari upplýsingar veitir Stefán Páll í síma 694-7186 eða stefanp@domusnova.is og Einar Hannesson löggiltur fasteignasali einar@domusnova.is**

**Fataverslun og heildverslun** Verð tilboð



**Stefán Páll og Domusnova kynna : Sérverslun í góðum rekstri staðsetta í Kringlunni ásamt heildverslun**

Verslunin hefur verið starfrækt síðan 1998 og flytur verslunin inn sínar vörur sjálf. Frábært fjárfestingatækifæri fyrir þá sem vilja fara í sjálfstæðan rekstur .

**Nánari upplýsingar og gögn veita Stefán Páll í síma 694-7186 eða stefanp@domusnova.is og Einar Hannesson löggiltur fasteignasali einar@domusnova.is**

**Fjárfestar**

**Höfum verið beðnir að útvega kaupanda að áhugaverðri eign á höfuðborgarsvæðinu.**

**Leigusamningur til 12 ára**

**Vönduð eign**

**75% langtímafjármögnun í boði.**

**Frekari upplýsingar veitir Agnar Agnarsson eða Einar Hannesson lögg. fasteignasali, eingöngu á skrifstofu Domusnova nýbýlavegi 8, Kópavogi**

**Fiskverslun Hafnarfjarðar** Verð 24.900.000



**Domusnova kynnir: Fjárfestingartækifæri í verslunarrekstri.**

Um er að ræða rekstur Fiskverslunar Hafnarfjarðar að Helluhrauni 16 í Hafnarfirði. Verslunin er staðsett í leiguhúsnæði mitt á milli verslunar Bónus og Vínbúðarinnar.

**Nánari upplýsingar gefa Víðir Kristjáns S: 854-2226 og vidir@domusnova.is og Einar Hannesson löggiltur fasteignasali á einar@domusnova.is**

**Bílaverkstæði Njarðvík** Verð 49.500.000



**Sveinn, Haraldur og Domusnova kynna: Bílaverkstæði í Njarðvík til sölu eða leigu.**

Vel búið 360 fm. bílaverkstæði að Njarðarbraut 1, 260 Njarðvík.
Með tækjum og verkfærum.
Til afhendingar 1. júlí.

**Nánari upplýsingar veita og Sveinn G. Guðmundsson í síma 899 8546 eða sveinn@domusnova.is/ Haraldur Guðjónsson í síma 783 1494 eða á haraldur@domusnova.is og Einar Hannesson löggiltur fasteignasali á einar@domusnova.is**

**Blíðubakki 2** Reiðhöll-hesthús-íbúð. Verð 79.900.000



**Björgvin Þór Rúnarsson og Domusnova fasteignasala kynna: Reiðhöll-hesthús-íbúð.**

Upplagt tækifæri fyrir samhenta fjölskyldu eða vini að starta sínum eigin rekstri í hestatengdri ferðamennsku. Hestaferðir njóta mikilla vinsælda meðal erlendra ferðamanna og er sá markaður í miklum vexti hér á landi.

**Nánari upplýsingar gefa Björgvin Þór S: 855-1544 eða bjorgvin@domusnova.is og Einar Hannesson löggiltur fasteignasali á einar@domusnova.is**

www.domusnova.is www.domusnova.is

DOMUSNOVA
Fasteignasala venjulega fólksins... Fasteignasala
Nýbýlavegur 8. 2.hæð 200 Kópavogur eignir@domusnova.is S 527 1717

# AÐEINS 1. FLOKKS EFNI Í TIMBURSÖLUNNI







**Kúpt klæðning**
20 x 120 mm. Verð á m.




**Bandsöguð klæðning**
15 x 95 mm. Verð á m.




**Bandsöguð klæðning**
15 x 120 mm. Verð á m.




**Bandsöguð klæðning**
20 x 120 mm. Verð á m.

Auglýst verð gildir frá miðvikudeginum 22. apríl til og með laugardeginum 25. apríl 2015.
Gildir á meðan birgðir endast.

BAUHAUS®

BAUHAUS REYKJAVÍK - Lambhagavegur 2–4 - 113 Reykjavík - 515-0800 - info@bauhaus.is - www.bauhaus.is

## Veðurspá

### Miðvikudagur

**Í dag** er spáð vestan 10-18 m/s og víða rigningu eða slyddu snemma dags, en síðan styttir upp. Heldur hægari vindur síðdegis. Léttskýjað sunnan- og austanlands, annars skýjað með köflum og einhver él við norðurströndina. Hiti 2 til 10 stig, hlýjast suðaustan til. Frystir fyrir norðan og austan.




### Fimmtudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 3° | -3° | -1° |
| ↙4 | ↙6 | ↓4 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| -0° | 3° | -6° |
| ↓8 | ↙9 | ↙8 |

### Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| -1° | -4° | -3° |
| ↙5 | ↙5 | ↓5 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| -2° | -0° | -9° |
| ↓8 | ↙10 | ↓9 |



## KROSSGÁTA

**LÁRÉTT**
**2.** óregla, **6.** í röð, **8.** stúlka, **9.** gums, **11.** slá, **12.** nes, **14.** hestur, **16.** fisk, **17.** arinn, **18.** að, **20.** stöðug hreyfing, **21.** tigna.

**LÓÐRÉTT**
**1.** elds, **3.** kringum, **4.** unnusti, **5.** bar, **7.** afturhluti, **10.** samstæða, **13.** sódi, **15.** subbi, **16.** svif, **19.** tveir eins.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** sukk, **6.** áb, **8.** mær, **9.** lap, **11.** rá, **12.** skaga, **14.** hross, **16.** ál, **17.** stó, **18.** til, **20.** ið, **21.** aðla.
**LÓÐRÉTT: 1.** báls, **3.** um, **4.** kærasti, **5.** krá, **7.** bakhlið, **10.** par, **13.** gos, **15.** sóði, **16.** áta, **19.** ll.

## SKÁK

**Gunnar Björnsson**

**Gylfi Þórhallsson (2.084) er þekktur fyrir leiftrandi sóknarstíl. Hann átti leik gegn Óskari Víkingi Davíðssyni (1.454) í áskorendaflokki Íslandsmótsins í skák.**

**Svartur á leik**



**29.…Bg4! 30. Hxd2 Hh5+ 31. Kg1 Rf3+! 32. gxf3 Bxf3** og hvítur gafst upp enda getur hann ekki varist máti.

**www.skak.is** Carlsen efstur í Shamkir.




## Myndasögur

**PONDUS** — Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** — Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




## SUDOKU

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | | | 2 | | 5 | | 6 | |
| 9 | 1 | | | | | 7 | | |
| | 3 | 6 | | 1 | | 8 | | |
| 1 | 6 | 4 | | | | | | 8 |
| | | | | 2 | | | 9 | 5 |
| | 9 | | | 3 | 4 | | | |
| | 8 | | 7 | | | | 1 | |
| 3 | | | 1 | | | 9 | | |
| 4 | | | 9 | | | | 2 | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | 5 | | | |
| | 8 | | | | 6 | | | |
| | | 6 | 2 | | | | | |
| | 1 | 9 | 7 | | | 3 | 6 | 5 |
| 8 | 6 | | | | | | 9 | 1 |
| 3 | | 5 | 9 | | | | 2 | |
| 9 | | | | | | 6 | 7 | 3 |
| | | | | 7 | | 9 | 4 | |
| | 4 | | 3 | | | | 1 | 8 |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 6 | | | | 1 | |
| 5 | | | | | | | | 7 |
| | | | 9 | 4 | | | | 5 |
| 2 | | | | | 6 | 3 | | |
| | 7 | | 1 | | | | | |
| | | 6 | 8 | | | 7 | | 1 |
| 4 | | 8 | 2 | 9 | 7 | 6 | | |
| | | | | | | | | 8 |
| | | 2 | | 6 | | | | 9 |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 4 | 5 | 2 | 3 | 7 | 9 | 8 | 1 |
| 7 | 8 | 9 | 1 | 4 | 5 | 2 | 3 | 6 |
| 2 | 1 | 3 | 6 | 8 | 9 | 5 | 4 | 7 |
| 3 | 2 | 8 | 7 | 9 | 4 | 6 | 1 | 5 |
| 9 | 5 | 7 | 3 | 6 | 1 | 4 | 2 | 8 |
| 1 | 6 | 4 | 8 | 5 | 2 | 7 | 9 | 3 |
| 8 | 7 | 6 | 9 | 2 | 3 | 1 | 5 | 4 |
| 4 | 9 | 1 | 5 | 7 | 8 | 3 | 6 | 2 |
| 5 | 3 | 2 | 4 | 1 | 6 | 8 | 7 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 6 | 3 | 8 | 1 | 4 | 9 | 2 | 5 |
| 4 | 8 | 2 | 3 | 9 | 5 | 6 | 7 | 1 |
| 1 | 5 | 9 | 6 | 2 | 7 | 8 | 3 | 4 |
| 8 | 9 | 4 | 5 | 3 | 1 | 2 | 6 | 7 |
| 3 | 7 | 5 | 9 | 6 | 2 | 4 | 1 | 8 |
| 6 | 2 | 1 | 7 | 4 | 8 | 3 | 5 | 9 |
| 9 | 3 | 8 | 1 | 5 | 6 | 7 | 4 | 2 |
| 2 | 1 | 6 | 4 | 7 | 9 | 5 | 8 | 3 |
| 5 | 4 | 7 | 2 | 8 | 3 | 1 | 9 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 9 | 6 | 3 | 1 | 7 | 4 | 5 | 2 |
| 2 | 5 | 1 | 4 | 9 | 8 | 3 | 6 | 7 |
| 3 | 4 | 7 | 2 | 6 | 5 | 1 | 8 | 9 |
| 4 | 8 | 9 | 5 | 2 | 1 | 6 | 7 | 3 |
| 5 | 7 | 2 | 6 | 4 | 3 | 8 | 9 | 1 |
| 1 | 6 | 3 | 7 | 8 | 9 | 2 | 4 | 5 |
| 6 | 3 | 5 | 8 | 7 | 2 | 9 | 1 | 4 |
| 7 | 1 | 8 | 9 | 3 | 4 | 5 | 2 | 6 |
| 9 | 2 | 4 | 1 | 5 | 6 | 7 | 3 | 8 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.


20% AFSLÁTTUR AF ÖLLU
22.–26. APRÍL – NÝTT KORTATÍMABIL
A WORLD OF INSPIRATION
the PIER
FOR YOUR HOME
ANTON&BERGUR
HAAG TUNGUSÓFI
Áður: 199.900,- NÚ: 159.920,-
Stærð: 325x143x210 cm.
NID KÖRFUSTÓLL
Stærð: 94x194 cm.
Áður: 59.990,-
NÚ 47.920,-
KENITRA KOLLUR
Stærð: 58x40x45 cm.
Áður: 29.990,- NÚ 23.920,-
ACCENT STÓLL
Stærð: 66x72x78 cm.
Áður: 49.900,-
NÚ 39.920,-
20% AFSLÁTTUR
NAVOJOA SNYRTIBORÐ
Stærð: 110x40x80 cm.
Áður: 35.900,- NÚ 28.720,-
DISKUR Á FÆTI
Áður: 7.990,-
NÚ 6.392,-
LOTUS STJAKI
Áður: 3.990,-
NÚ 3.192,-
SNYRTITASKA
Áður: 2.490,-
NÚ 1.992,-
SNAGI
Áður: 2.590,-
NÚ 2.072,-
20% AFSLÁTTUR
DANCE
LOVE
SING
LIVE
DON'T FORGET
WHERE YOU
LOSE SIGHT
ARE GOING
SKILTI
Áður: 1.990,-
NÚ 1.592,-
SKILTI
Áður: 1.990,-
NÚ 1.592,-
LAMPI
Áður: 5.990,-
NÚ 4.792,-
RÚMTEPPI
Stærð: 240x260 cm.
Áður: 12.990,- NÚ 10.392,-
the PIER
Smáratorgi 522 7860 • Korputorgi 522 7870 • Glerártorgi 522 7880
Erum á Facebook • www.pier.is




# Að bjarga sjálfum sér

**Í kvöld frumsýnir Borgarleikhúsið leikritið Peggy Pickit sér andlit guðs. Maríanna Clara Lúthersdóttir segir verkið bæði skemmtilegt og óþægilegt í senn.**

Í kvöld verður frumsýnt leikritið Peggy Pickit sér andlit guðs eftir þýska leikskáldið Roland Schimmelpfennig en verk hans hafa á liðnum árum verið sýnd víða um heim og notið mikillar velgengni. Peggy Picket sér andlit guðs er hluti þríleiks um Afríku þar sem leikskáldið tekst á við flókið samband álfunnar við hinn vestræna heim. Leikendur eru þau Hjörtur Jóhann Jónsson, Kristín Þóra Haraldsdóttir, Maríanna Clara Lúthersdóttir og Valur Freyr Einarsson en leikstjórn er í höndum Vignis Rafns Valþórssonar.

Í verkinu segir frá endurfundum tvennra læknishjóna sem eftir útskrift völdu sér ólíka vegferð í lífinu. Önnur hjónin fóru þá leið að hefja störf á Vesturlöndum á meðan hin héldu til Afríku til að starfa sem læknar í hjálparstarfi. Þegar þau snúa heim frá Afríku þá koma vinahjónin saman og ólíkir heimar mætast yfir kvöldverði.

Maríanna Clara Lúthersdóttir leikur ungu konuna sem hélt til Afríku ásamt eiginmanni sínum en hún segir persónu sína þó tæpast hafa bjargað heiminum. „Nei, ætli það. Hún fór kannski til Afríku til þess að bjarga heiminum en ætli hún læri ekki helst að það sé nauðsynlegt að bjarga sjálfum sér fyrst. Setja súrefnisgrímuna fyrst á sig og síðan á barnið eins og maður á að gera í flugvélum. Afríka kom henni að minnsta kosti á óvart.

En þetta er mjög skemmtilegt verk þó svo það fjalli um alvarlega hluti. Ég tengi að minnsta kosti mjög auðveldlega við þetta. Bæði óþægilega varðandi þriðja heiminn og svo má maður ekki heldur gera of lítið úr sínum eigin vandamálum.

Höfundurinn ætlaði sér upprunalega að skrifa aðeins um Afríku en það gekk ekki upp. Hann þurfti að tengja heim og hann þurfti þessar fjórar manneskjur til þess að ná utan um þetta. En þetta er bæði fyndið og dramatískt verk og fólk þekkir sig í því.“

Átakapunktur verksins snýst um endurfundi tveggja vinahjóna. Sex ár eru liðin frá aðskilnaði og það getur margt breyst á sex árum. „Það getur verið ákveðið áfall að fatta hvaða manneskjur við erum orðin. Draumar rætast en eru svo kannski eitthvað allt annað en væntingar stóðu til og þetta á við okkur öll. Þannig er þetta líka saga fólksins sem varð eftir heima og þannig saga okkar flestra.“

magnus@frettabladid.is



**FRUMSÝNINGARKVÖLD** Maríanna Clara Lúthersdóttir er komin með smá fiðrildi í magann fyrir frumsýningu kvöldsins. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

> **En þetta er mjög skemmtilegt verk þó svo það fjalli um alvarlega hluti. Ég tengi að minnsta kosti mjög auðveldlega við þetta.**

# Verkin bera með sér andblæ vorsins

**Hanna Dóra Sturludóttir og félagar úr Camerarctica halda tónleika í kvöld.**

„Verkin eru öll tengd vorinu sem við höldum öll í vonina um að sé að koma og þau eru hvert öðru fallegra. Flutningurinn er líka dálítið grand,“ segir Hanna Dóra Sturludóttir söngkona um söng- og kammertónleikana Vor í lofti í Hafnarborg í Hafnarfirði í kvöld klukkan 20. Þar kemur hún fram ásamt félögum úr Camerarctica, þeim Ármanni Helgasyni klarinettuleikara, Hildigunni Halldórsdóttur fiðluleikara, Háварði Tryggvasyni kontrabassaleikara og Ingunni Hildi Hauksdóttur píanóleikara.

Lögin eru eftir tónskáld rómantíska tímabilsins, þá Spohr og Brahms. Einnig hljóma Sumarskuggar eftir Elínu Gunnlaugsdóttur, Tríó eftir Katsjatúrían fyrir klarinettu, fiðlu og píanó og himnasöngurinn Wir geniessen die himmlischen Freuden úr fjórðu sinfóníu Mahlers.

Í lokin flytur hópurinn nokkur af ljóðum Jónasar Hallgrímssonar við tónlist Atla Heimis Sveinssonar, svo sem Dalvísu, Heiðlóarvísu og Vorvísu.

Tónleikarnir eru liður í hátíðinni Björtum dögum sem hefst í dag og stendur fram á sunnudag. - gun



**FLYTJENDUR** Hildigunnur, Ingunn Hildur, Hanna Dóra og Ármann en Hávarð vantar á myndina.


nettó
Kræsingar & kostakjör
Sumarið er á næsta leyti !
Nettó býður upp á fjölbreytt úrval barnaleikfanga fyrir sumarið – á frábæru verði!
FLUGDREKI-2 TEG
698
KR/STK
FRISBÍDISKUR
198
KR/STK
VATNSBYSSA
498
KR/STK
VATNSBYSSA
298
KR/STK
SVIFFLAUG
98
KR/STK
WATER PISTOL
WATER PISTOL
Fairy Tent
Easy & Quick Assemble
For Indoor & Outdoor Use
LEIKTJALD
2 TEGUNDIR
2.998
KR/STK
HLAUPAHJÓL
3 HJÓLA
3.989
KR/STK
SCOOTER
Scooter
FATA & SKÓFLA
698
KR/STK
BEACH Toy
HLAUPAHJÓL
2 HJÓLA
4.998
KR/STK
Tilboðin gilda 23. – 26. mars 2015
Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.


Gott úrval af aukahlutum fyrir hjól
Vnr. 41118027
Reiðhjólalás.
295kr.
Almennt verð: 385 kr.
Vnr. 41118450
Tvöföld hjólataska.
1.495kr.
Almennt verð: 1.895 kr.
Vnr. 41121256
Pumpa með festingu.
365kr.
Vnr. 41120552
Flauta á hjól.
375kr.
Vnr. 41118138
Bjalla á
barnareiðhjól.
345kr.
10”
KENT
Vnr. 49620085-6
Sparkhjól LEARN2RIDE PINK
eða WEERIDE 10”.
12.995kr.
16”
KENT
Vnr. 49620062-3
Reiðhjól 16” PRO
eða CUPCAKE.
24.995kr.
20”
KENT
Vnr. 49620064-5
Reiðhjól 20” FULL TILT
eða LUCKY STAR.
28.995kr.
15 GÍRAR
24”
KENT
Vnr. 49620076-7
Reiðhjól
TRAIL BLASTER 24”.
39.995kr.
SUMARIÐ
Allt fyrir sumardaginn fyrsta
Vnr. 41120482
Sápukúlusverð.
395kr.
Vnr. 41121405
Sky Flyer, 17 cm.
385kr.
Vnr. 41121395
Flugdiskur
með ljósi.
1.175kr.
Vnr. 41121398
Fljúgandi fluga.
Nokkrar gerðir.
685kr.
Vnr. 41121391
Sandkassasett.
1.245kr.
Vnr. 41118091
Veiðistöng og hjól.
1.465kr.
Vnr. 41120483
Teygjutvist, 10 m.
425kr.
Vnr. 41121401
Vatnsbyssa, 50 cm.
1.695kr.
Vnr. 41121393
Risaeðlufætur.
685kr.
Vnr. 41120488
Barnastóll, plast.
Nokkrir litir.
985kr.
Vnr. 41121402
Húlahringur, 60 cm.
795kr.
Vnr. 41120591
Háfur, 267 mm.
495kr.
Vnr. 41121354
Vökvunarkanna
fyrir börn.
625kr.
Vnr. 88011212
BUGGY fjarstýrður bíll,
rauður eða blár.
8.995kr.
Vnr. 88011208
Fjarstýrð þyrla
með myndavél.
10.855kr.



Vnr. 50692302
Reiðhjólastóll,
þolir 22 kg.
9.895 kr.
Vnr. 49620060-1
Reiðhjól 12" STREET
RACER eða TWINKLE.
22.695 kr.
26"
Vnr. 49620230
Reiðhjól 26" grænt.
32.995 kr.
KENT
ER KOMIÐ
Vnr. 49620107-8
STIGA reiðhjól,
rautt eða blátt.
9.995 kr.
MIKIÐ ÚRVAL
AF REIÐHJÓLA-
HJÁLMUM
Reiðhjólahjálmar.
Verð frá:
2.495 kr.
Vnr. 49620081-3
SCOOTER úr áli.
6.995 kr.
Vnr. 41119426
Hlaupahjól, 120 mm.
5.995 kr.
Vnr. 49837896
Körfuboltaspjald 42"
66.895 kr.
Vnr. 49837899
Körfuboltaspjald 32"
33.495 kr.
Vnr. 49837897
Körfuboltaspjald 44"
42.355 kr.
Vnr. 49837889
Körfuboltaspjald 44".
88.995 kr.
BYKO GRANDA 7 ára
Bjóðum upp á ilmandi vöfflur, kaffi
og Svala á sumardaginn fyrsta
frá kl. 13-16.
BYKO
BÚÐU BETUR. BORGAÐU MINNA.

## FRÆGUR Í NÆRMYND: JON HAMM

Leikarinn Jonathan Daniel Hamm, eða Jon Hamm, er fæddur 10. mars 1971 í St. Louis í Missouri í Bandaríkjunum. Hann er hvað þekktastur fyrir að fara með hlutverk auglýsingagúrúsins leyndardómsfulla Dons Draper í þáttunum Mad Men, sem skutu honum upp á stjörnuhimininn árið 2007. Síðasta sería þáttanna var frumsýnd í Bandaríkjunum í mars. Fyrir þættina hafði hann farið með hlutverk í sjónvarpsþáttum eins og Providence, The Division og What About Brian. Árið 2000 fékk hann sitt fyrsta hlutverk í kvikmynd, en það var í Space Cowboys.

Í kjölfarið fékk hann hlutverk í stærri kvikmyndum á borð við The Day the Earth Stood Still, Bridesmaids, Friends With Kids og Sucker Punch. Meðfram því tók hann að sér hlutverk í gamanþáttunum 30 Rock og var kynnir í skemmtiþættinum Saturday Night Life.

Hamm hefur verið í sambandi með leikkonunni Jennifer Westfield síðan 1997, en þau hafa hvorki gengið í hjónaband né eignast börn saman, og segjast þau ekki finna hjá sér þörf fyrir það. Í lok mars tilkynnti Hamm að hann hefði farið í meðferð við alkóhólisma.



**VIRÐULEGUR** Jon Hamm í þekktasta hlutverki sínu, sem Don Draper í Mad Men.



**GLÆSILEGUR** Hamm á frumsýningu lokaþáttar Mad Men. NORDICPHOTOS/GETTY

### → Verðlaun og tilnefningar

- Golden Globe-verðlaun fyrir besta leik í aðalhlutverki í Mad Men 2008.
- Tilnefndur til Golden Globe 2009, 2010, 2011 og 2013.
- Tilnefndur til Emmy-verðlauna fyrir hlutverk sín í Mad Men og 30 Rock þrettán sinnum frá 2008-2014.
- Valinn kynþokkafyllsti maður heims 2007 af salon.com, 2008 af tímaritinu People.
- Valinn skemmtikraftur ársins 2008 af Entertainment Weekly.
- Maður ársins hjá tímaritinu GQ árið 2010.



**KÁT** Hópurinn sæll og glaður með húfurnar sínar. Ragnhildur segist vona að verkefnið taki sig upp víðar.
FRÉTTABLAÐIÐ/GUÐBJÖRG S. HAFÞÓRSDÓTTIR

# Húfur til höfuðs einelti í Bolungarvík

## Móðir nemanda í Grunnskóla Bolungarvíkur tók sig til og prjónaði húfur á allan bekkinn. „Það er ákveðin yfirlýsing fólgin í að bera húfurnar," segir Ragnheiður.

Ragnheiður I. Ragnarsdóttir tók sig til og töfraði fram úr erminni sextán prjónaðar eineltishúfur á heilan fyrsta bekk í Grunnskólanum í Bolungarvík. Ragnheiður á son í bekknum.

„Þetta var nú ekki mikið mál, held það hafi tekið mig einn og hálfan mánuð að prjóna þessar," segir Ragnheiður, sem þó segist engin framleiðsluvél þegar kemur að prjónaskap.

Hún lét til skarar skríða og mundaði prjónana er hún hnaut um svipaðar húfur á norskri prjónasíðu og þar sagði að húfurnar hefðu fengið ágætis meðbyr þar í landi í baráttunni gegn einelti.

„Mér datt í hug að yfirfæra þær á íslensku og sex ára gamall sonur minn elskaði húfuna sem ég gerði fyrst, svo úr varð að ég bar hugmyndina undir umsjónarkennara bekkjarins. Hún tók svona líka vel í hana."

Úr varð að kennarinn, Guðmunda Hreinsdóttir, fór af stað með heljarinnar verkefni tengt húfunum. „Það er ofsalega gaman að foreldrar skuli taka frumkvæðið í sínar hendur," útskýrir Guðmunda.

> **Auðvitað væri það ekki nema frábært að koma kannski af stað trendi í þessu.**
>
> *Ragnheiður I. Ragnarsdóttir, móðir nemanda í 1. bekk.*

Hún segir mikilvægt að byrja strax að innprenta börnunum að einelti líðist ekki og því frábært að fara af stað með þetta verkefni í fyrsta bekk.

Húfurnar eru svipaðar í grunninn en allar ólíkar. „Rétt eins og við öll, við erum einstök og það ber að muna," segir Guðmunda sem vonar að húfurnar verði áminning um ókomin ár, um að hafna einelti. Ragnheiður segist jafnframt hafa orðið vör við áhuga annarra skóla á þessari óvenjulegu leið. „Auðvitað væri það ekki nema frábært að koma kannski af stað trendi í þessu," en húfurnar eru vissulega ákveðin yfirlýsing þess sem ber hana.

gudrun@frettabladid.is






**VETURINN KVADDUR** Flutt verða frumsamin og þekktari lög á tónleikunum á Café Rósenberg í kvöld.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Hlakkar til að takast á við Janis Joplin

## Þær og félagar kveðja veturinn með stæl í kvöld.

Hljómsveitin Þær og félagar, sem skipuð er þeim Þórunni Ernu Clausen, Berglindi Magnúsdóttur, Guðrúnu Árnýju Karlsdóttur, Baldri Kristjánssyni, Gunnari Leó Pálssyni og Helga Reyni Jónssyni, efnir til tónleika á síðasta degi vetrar.

„Þetta er mjög fjölbreytt og skemmtileg efnisskrá. Alveg frá svona tilfinningaríkum lögum og út í mikið stuð," segir Þórunn Erna glöð í bragði.

Efnisskráin stendur saman af frumsömdum lögum auk nokkurra af uppáhaldslögum þeirra. Meðal annars verða slagarar Aliciu Keys, Janis Joplin, Kings of Leon auk nokkurra Eurovision-laga tekin. „Maður er að velja lög sem maður fær mikið út úr því að syngja," segir Þórunn Erna og bætir við að hún hlakki til þess að takast á við Joplin, þó hún eigi erfitt með að nefna sitt uppáhaldslag á efnisskránni. „Ég get ekki valið, mér finnst þetta allt svo ótrúlega skemmtilegt," segir hún hlæjandi og lofar stórgóðri skemmtun á tónleikunum í kvöld.

Gestasöngvari er Jógvan Hansen og hefjast tónleikarnir klukkan 22.00 á Café Rósenberg í kvöld, miðaverð er 1.500 krónur.

- gló


20% afsláttur
af öllum Blue Lagoon húðvörum
Fegurðin kemur að innan.
BLUE LAGOON
ICELAND
Dagana 22.-29. apríl verður 20% afsláttur af öllum
Blue Lagoon húðvörum í verslunum Hagkaups.
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



**MUN MISSA SJÓNINA** Roseanne er þegar farin að sjá verr.

# Roseanne að verða blind

Leikkonan Roseanne Barr, 62 ára, er að missa sjónina, en hún þjáist af kölkun í augnbotnum og gláku. „Til þess að stilla verkina þá fæ ég að reykja maríjúana,“ sagði hún í viðtali við Daily Beas. Hún segir sjónina vera farna að versna mikið. „Ég mun missa sjónina alveg á endanum, en hvenær það verður, það er ekki víst. Ég les mikið, þannig að ég hugsaði að ég þyrfti bara að ráða einhvern til þess að lesa fyrir mig.“ Roseanne sló í gegn í samnefndum þáttum sem voru vinsælir í lok níunda áratugarins og í byrjun þess tíunda.








**SPENNTAR** Þær Hanna og Snærós hlakka til að takast á við nýju embættin. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Stelpur í þriðja sinn í æðstu embættum MR

Hanna María Geirdal og Snærós Axelsdóttir eru Inspector Scholae og forseti Framtíðarinnar. Fleiri stelpur en strákar eru í stjórn nemendafélaga skólans.

Í ellefta sinn á 136 árum tekur stelpa við embætti Inspector Scholae í Menntaskólanum í Reykjavík og á sama tíma gegnir stelpa embætti forseta nemendafélagsins Framtíðar en þetta er í þriðja sinn sem stelpur gegna þessum embættum á sama tíma, jafnframt eru stelpur í meirihluta í stjórn nemendafélaga skólans.

„Þetta sýnir bara hvað MR er kominn langt í jafnréttisbaráttunni. Við erum núna í stjórn sex stelpur á móti fjórum strákum,“ segir Hanna María Geirdal, nýkjörinn Inspector Scholae, en það var í fyrsta sinn árið 1974 sem kona tók við embætti Inspector Scholae og var það Sigrún Pálsdóttir verkfræðingur.

Síðastliðinn föstudag tók Snærós Axelsdóttir við embætti forseta nemendafélagsins Framtíðarinnar en fyrst kvenna til þess að gegna embætti forseta félagsins var Ingibjörg Pálmadóttir kennari sem tók við embættinu árið 1949.

Hanna segir kosninguna sýna kynjahlutfallið í skólanum réttilega. „Stelpur eru í meirihluta í skólanum núna og til dæmis eru tveir heilir stelpubekkir á fyrsta ári,“ segir hún og bætir við að það sé gríðarlega mikilvægt að þær láti til sín taka í stjórn skólans.

> **Ég og hinir frambjóðendurnir fórum í 29 kennslustofur á tveimur dögum. Það tók alveg á, en var mjög gaman.**
>
> *Hanna María Geirdal, nýkjörinn Inspector Scholae*

Kosningabaráttan í ár var óvenju stutt vegna páskafrís og segir Hanna baráttuna hafa tekið aðeins á. „Ég og hinir frambjóðendurnir fórum í 29 kennslustofur á tveimur dögum. Það tók alveg á, en var mjög gaman,“ segir hún og hlær.

Hanna tekur formlega við embættinu í dag en hún og Snærós taka báðar við embættum af strákum, þeim Sigmari Aroni Ómarssyni og Árna Beinteini Árnasyni.

- asi

## Fyrrverandi forsetar skólafélaga Menntaskólans í Reykjavík

Ef rennt er yfir lista yfir fyrrverandi Inspectores Scholae og forseta Framtíðarinnar gefur að líta mörg þekkt nöfn, í flestum tilfellum karlkyns. Á listanum má jafnframt reka augun í forseta Íslands, forsætisráðherra, lögmenn, lækna og útvarpsstjóra.

### INSPECTOR SCHOLAE

1879 Hannes Hafstein, ráðherra
1911 **Ásgeir Ásgeirsson, forseti Íslands**
1918 **Davíð Stefánsson, skáld**
1947 Steingrímur Hermannsson, forsætisráðherra
1964 Markús Örn Antonsson, útvarpsstjóri
1967 Vilmundur Gylfason, alþingismaður
1969 **Davíð Oddsson, forsætisráðherra**
1970 **Geir Haarde, forsætisráðherra**
1982 **Sveinn Andri Sveinsson, hæstaréttarlögmaður**
1984 **Tómas Guðbjartsson, læknir**
1987 Birgir Ármannsson, alþingismaður
1989 Kristrún Heimisdóttir, lögfræðingur
1991 **Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri og læknir**
1992 **Magnús Geir Þórðarson, leikhússtjóri**
1994 Guðrún Tinna Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri



### FORSETAR FRAMTÍÐARINNAR

1883 Valtýr Guðmundsson, prófessor og alþingismaður
1911 Ásgeir Ásgeirsson, forseti Íslands
1921 Thor Thors, sendiherra og alþingismaður
1925 Bjarni Benediktsson, forsætisráðherra
1928 Gunnar Thoroddsen, forsætisráðherra
1931 **Sigurbjörn Einarsson, biskup**
1960 **Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands**
1962 Svavar Gestsson, ráðherra
1972 Mörður Árnason, alþingismaður
1990 **Guðmundur Steingrímsson, alþingismaður**
1996 Ágúst Ólafur Ágústsson, alþingismaður
2003 **Jóhann Alfreð Kristinsson, uppistandari og lögfræðingur**






NÝTT KORTA-TÍMABIL



4.990

**FIREFLY** HJÁLMAR
Barnahjálmar. Stærðir: Small, Medium Large. Litir: Svartur, hvítur.



9.990

**FIREFLY** BARNALÍNUSKAUTAR
Stækkanlegir línuskautar. Stærðir 33-36 og 37-40.



VERÐ FRÁ 4.990

**FIREFLY** HJÓLABRETTI
Margar gerðir. Verð frá 4.990.



FRÁBÆRT VERÐ! 7.990

**FIREFLY** HLAUPAHJÓL
Hlaupahjól fyrir hressa krakka.

## KLÚBBTILBOÐ

1.490
(Fullt verð 2.490)



INTERSPORT KLÚBBURINN

**NIKE** KÖRFUBOLTI
Þú getur nýtt þér klúbbtilboðið með því að skrá þig í klúbbinn í verslunum Intersport.



2.990

HOPPIBOLTAR
Hoppiboltar. Litir: Rauður, blár.



490

SÁPUKÚLUSVERÐ
Búum til risastórar sápukúlur.



1.490

GRIPDISKAR
Tveir diskar og bolti sem gaman er að kasta á milli.



990

HÚLLAHRINGIR
Kannt þú að húlla?

VERÐ FRÁ 590



VATNSBYSSUR
Margar gerðir.

290



SÁPUKÚLUR
Frozen og Spiderman sápukúlur.



KUBBSPIL
3.990
(Fullt verð: 5.990)

**JOS** VIKING KUBB
Skemmtilegt víkingaspil fyrir alla fjölskylduna.



MYNDABOLTAR
Frozen, Cars, Spiderman, Bangsímon, og Mínu boltar.

990

**INTERSPORT AKUREYRI** / SÍMI 460 4891 / OPIÐ: MÁN. - FÖS. 10 - 18. LAU. 10 - 16.
**INTERSPORT BÍLDSHÖFÐA** / SÍMI 585 7220 / OPIÐ: MÁN. - FÖS. 10 - 18. LAU. 11 - 18. SUN. 13 - 17.
**INTERSPORT SELFOSSI** / SÍMI 480 4611 / OPIÐ: MÁN. - FÖS. 10 - 18. LAU. 10 - 16.

SPORT TO THE PEOPLE

INTERSPORT®

# VIKA BÓKARINNAR!




## 2 FYRIR 1!

## AF KILJUSERÍUNNI „KLASSÍK"

*Aðeins brot af úrvalinu sýnt. Yfir 40 frábærir titlar í boði! **EKKI MISSA AF ÞESSU!**

VILDARKLÚBBUR EYMUNDSSON

5% afsláttur af ÖLLUM VÖRUM einnig tilboðum




**Tími undranna**
Vildarverð: 2.689.-
Verð: 3.837.-




**Skuggahliðin**
Vildarverð: 3.299.-
Verð: 3.699.-




**Eleanor og Park**
Vildarverð: 3.299.-
Verð: 3.699.-




**Skrifa í sandinn**
Vildarverð: 2.479.-
Verð: 3.099.-




**Hafnfirðingabrandarinn - kilja**
Vildarverð: 3.299.-
Verð: 3.699.-




**Rauð sem blóð**
Vildarverð: 2.499.-
Verð: 2.799.-




**Nóttin langa**
Vildarverð: 2.799.-
Verð: 3.499.-




**Ormstunga**
Vildarverð: 3.299.-
Verð: 3.699.-




**Dýrin**
Vildarverð: 3.499.-
Verð: 3.999.-




**Undur**
Vildarverð: 3.299.-
Verð: 3.699.-




**Arfleið - kilja**
Vildarverð: 3.299.-
Verð: 3.699.-




**Nikký og baráttan um bergmálstréð**
Vildarverð: 1.799.-
Verð: 3.837.-

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4
Álfabakka 14b, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind
Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1
Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2

Penninn Eymundsson
540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími vildarverða er frá 22. apríl, til og með 27. apríl. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

# Söguleg ummæli á sögulegum tímum

**BAKPANKAR**
Ragnheiðar Tryggvadóttur



Undanfarið hef ég haft það á tilfinningunni að samfélagið hafi sett í bakkgír. Það sé alls ekkert árið 2015 heldur séum við rétt að skríða yfir aldamótin nítjánhundruð. Allavega ekki komin langt fram á tuttugustu öldina. Af hverju er ég að segja svona vitleysu? Hvernig er hægt að tala um afturför á öld snjallsíma og internets, læknavísinda og rafmagnstannbursta?

**ÞETTA** er bara einhver tilfinning. Mér finnst bara eitthvað gamaldags í gangi, að einhver úrelt stemming svífi yfir vötnum.

**ÉG** fæ þetta til dæmis á tilfinninguna þegar Framsóknarflokkurinn er eitthvað að vasast, sendir bréf til útlanda og tilkynnir eitthvað fyrir mína hönd þvert á loforð um annað, skipar rasista í mannréttindaráð eða dregur fram áratugagamlar teikningar Guðjóns Samúelssonar til að byggja eitthvað þjóðernislegt við Austurvöll, eða vill senda alla múslíma til Sádi-Arabíu og sitthvað svona.

**FÆ** þetta líka á tilfinninguna þegar ég horfi á viðtöl í sjónvarpinu við fólk sem hefur í fullri alvöru áhyggjur af útrýmingu hvíta kynstofnsins og vill flokka heiminn niður í lönd eftir lit.

**SVO** er ég einhverra hluta vegna alltaf að sjá myndir á Facebook af veiðimönnum stilla sér upp með nýskotnum gíraffa, svona svolítið eins og safaríveiðimenn árið 1901, en kannski hefur það alltaf verið.

**ÉG** fæ líka þessa tilfinningu um að samfélaginu fari aftur þegar ég sé fólk stofna hópa á samfélagsmiðlum til að mótmæla hinsegin fræðslu í skólum! Já, já, það er til fólk sem sér ástæðu til þess að mótmæla því. Las nokkur ummæli hlustenda útvarps Sögu þeirrar skoðunar, sem tekin höfðu verið saman á Nútíminn.is. Ég gat ekki sett þau í samhengi við árið 2015. Vildi hreinlega að ég hefði ekki lesið þau, varð bara leið og yfir mig helltist tilfinningin um eitthvað úrelt.

**GETUR** það verið að á framfara- og tækniöld fyrirfinnist svona ótrúleg þröngsýni? Það er auðvitað kaldhæðið að þessi viðhorf komist svo rækilega til skila einmitt fyrir tækniundrið internetið og kannski er það gott. Ég vona bara að þessi viðhorf einskorðist við fámennan hóp.

# Ekki fínpólerað melódrama

KVIKMYNDIR ★☆☆☆☆

**Austur**

**HANDRIT OG LEIKSTJÓRN:** Jón Atli Jónasson
**FRAMLEIÐENDUR:** Smári Hrólfsson, Selma Karlsdóttir, Einar Ólafur Speight
**KVIKMYNDATAKA:** Aske Foss
**KLIPPING:** Hákon Már Oddsson
**TÓNLIST:** Urður Hákonardóttir
**AÐALLEIKARAR:** Arnar Dan, Vigfús Þormar Gunnarsson, Hjörtur Jóhann Jónsson, Björn Stefánsson, Ólafur Darri Ólafsson

Austur er frumraun Jóns Atla Jónassonar sem kvikmyndaleikstjóra. Handritið er sömuleiðis úr hans smiðju en leikarar munu víst hafa fengið nokkuð lausan taum í útfærslu á efninu.

Mikið umtal hafði skapast kringum myndina áður en hún var sýnd sökum yfirgengilegs umfjöllunarefnis og var rykið jafnvel dustað af frasanum „Stranglega bönnuð“, sem ég er ekki viss um að hafa heyrt áður í íslensku samhengi.

Austur segir sögu af tilviljanakenndu og tilgangslausu ofbeldi. Segja má að áhorfandi fái innsýn í (ó)menningarkima samfélagsins sem er hinum óbreytta borgara að mestu lokaður. Ungur karlmaður (Björn Stefánsson) sefur hjá stúlku sem reynist vera fyrrverandi maki ofbeldismanns sem kallast Fáfnir (Arnar Dan) og það hefur vægast sagt skelfilegar afleiðingar. Í hönd fer rúmlega klukkutímalöng atburðarás þar sem lítið er sagt, lítið sést og lítið gerist. Áhorfandi verður vitni að hömlulausu ofbeldi og eiturlyfjanotkun en það fæst ekki mikið meira í kaupbæti.

Umfjöllunarefnið er vægast sagt átakanlegt og hugvitssamleg notkun á sviðsmynd styður þá staðreynd. Sagan á sér nær eingöngu stað í þröngum, hrörlegum rýmum sem eru laus við persónulega hlýju og vekja hjá manni ónotatilfinningu. Tónlistin vinnur að sama skapi vel með efninu.

Tökustíllinn er vægast sagt hrár og virðist fremur vera stílaður á einhvers konar pönk-fagurfræði fremur en heimildaútlitið sem maður er vanur að tengja við þess konar meðferð. Haldið er á tökuvélinni og hún er mikið á hreyfingu, senur eru oft teknar upp frá óvenjulegum sjónarhornum og allur gangur á því hvort skerpa sé á ramma eða ekki. Mestöll myndin er skotin í nærmyndaskotum líkt og verið sé að segja sögu hluta fyrir heild (pars pro toto).

Sjónarhornið er ágengt strax frá fyrstu mínútum þar sem fórnarlambið (Björn) er elt og lítið annað sýnilegt en bak og hnakki þess og fyrir vikið vaknar ákveðin vænisýkistilfinning hjá áhorfanda. Þetta hefði verið ágætis stílbragð hefði þessi aðferð takmarkast við fórnarlamb myndarinnar en það missir mátt sinn sökum þess að sömu aðferð er beitt á nær allar persónur myndarinnar. Stofnskot eða víðir rammar voru sjaldséðir yfirhöfuð og þessi ágenga nærtökuaðferð verður heldur einhæf til lengdar. Sama má segja um hryjandi atburðarásar sem tekur ekki miklum sviptingum frá og með þriðju mínútu myndarinnar. Ákveðnu ástandi er komið á koppinn bæði sjónrænt og efnislega og því hreinlega viðhaldið þar til yfir lýkur.

Ég byrjaði snemma að velta fyrir mér af hverju Jón Atli hefði kosið að segja þessa sögu. Var þetta samfélagsgagnrýni, voru persónur táknrænar eða var þetta kannski dæmisaga? Jón Atli sagði í viðtali að þetta væri hugsanlega öðruvísi mynd en fólk væri búið að venjast í íslenskri framleiðslu. Þetta væri ekki fínpólerað melódrama, myndin væri hrá og það væri af vilja gert. Þetta tekst með ágætum. Verra er að það lítur út fyrir að allur þessi hráleiki hafi kostað myndina stefnu og rödd. Hvergi er hægt að miða út til hvers sé verið að segja þessa sögu og á meðan því er ekki komið til skila er vandi að sjá nokkra von í uppbyggingu á því sem á sér stað. Af hverju annars að gera ofbeldismenn að kvikmyndastjörnum?

Myndin er ekki illa gerð. Hún er faglega unnin í alla staði og jafnvel fróðleg því ég minnist þess hreinlega ekki að hafa séð neitt samanburðarhæft. Það má jafnvel vel vera að Austur verði úrvals költmynd þegar fram líða stundir. Hugmyndavinnan á bak við hana er hins vegar tæp og fyrir bragðið er lokaafurðin líkari fljótfærnislegri framsetningu á hugarfóstri sem hefði þolað lengri meðgöngu.

**Kjartan Már Ómarsson**




**FRUMRAUN** Kvikmyndin Austur er fyrsta mynd Jóns Atla Jónassonar.



**FLOTTUR** Stórleikarinn Ólafur Darri fer með hlutverk í Austur.

**NIÐURSTAÐA:** Austur er stefnulaus kvikmynd þar sem ofbeldi úr íslenskum veruleika er teflt fram á hispurslausan máta.








| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| AVENGERS 2 3D | 12 - FORSÝNING | 12 |
| MALL COP 2 | 5:50, 8, 10:10 | L |
| ÁSTRÍKUR 2D | 5:50 | L |
| AUSTUR | 8, 10 | 16 |
| FAST & FURIOUS 7 | 7, 10 | 12 |




| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| AVENGERS 2 3D | KL. 12 | |
| AVENGERS 2 VIP 2D | KL. 12 | |
| CHILD 44 | KL. 5 - 8 - 10:30 | |
| CHILD 44 VIP | KL. 5 - 8 | |
| RUN ALL NIGHT | KL. 5:30 - 8 - 10:40 | |
| TÖFRARÍKIÐ ÍSLTAL | KL. 6 | L |
| FAST AND FURIOUS 7 | KL. 5 - 8 - 10:55 | |
| GET HARD | KL. 8 - 10:20 | |
| INSURGENT | KL. 8 | |
| CINDERELLA | KL. 5:30 | L |
| **SAMBÍÓIN EGILSHÖLL** | | |
| AVENGERS 2 3D | KL. 12 | |
| CHILD 44 | KL. 5:10 - 8 - 10:30 | |
| RUN ALL NIGHT | KL. 5:30 - 8 | |
| FAST AND FURIOUS 7 | KL. 6 - 8 - 10:50 | |
| GET HARD | KL. 5:40 | |
| **SAMBÍÓIN KRINGLUNNI** NÚMERUÐ SÆTI | | |
| AVENGERS 2 2D | KL. 12 | |
| CHILD 44 | KL. 6 - 8 - 9 - 10:20 | |
| BLÓÐBERG | KL. 5:40 - 8 | L |
| TÖFRARÍKIÐ ÍSLTAL | KL. 6 | L |
| **SAMBÍÓIN KEFLAVÍK** | | |
| CHILD 44 | KL. 8 | |
| PAUL BLART: MALL COP 2 | KL. 8 | L |
| FAST AND FURIOUS 7 | KL. 10:10 | |
| **SAMBÍÓIN AKUREYRI** | | |
| AVENGERS 2 3D | KL. 12 | |
| CHILD 44 | KL. 5:30 - 8:30 | |
| RUN ALL NIGHT | KL. 10:20 | |
| GET HARD | KL. 8 | |
| CINDERELLA | KL. 5:30 | L |

SAMbio.is






# SKÓLAHREYSTI



## ÚRSLIT RÁÐAST Í KVÖLD

Úrslit ráðast í Skólahreysti í kvöld þegar tólf bestu grunnskólar landsins í Skólahreysti keppa til sigurs í Laugardalshöll. Úrslitaskólarnir eru Breiðholtsskóli, Brekkubæjarskóli, Dalvíkurskóli, Fellaskóli Fellabæ, Grunnskólinn á Ísafirði, Grunnskólinn í Hveragerði, Heiðarskóli, Holtaskóli, Lindaskóli, Réttarholtsskóli, Síðuskóli og Valhúsaskóli. ÞAÐ ER ÓKEYPIS INN og við hvetjum alla til að mæta og styðja skólann sinn. Keppnin verður SÝND Í BEINNI ÚTSENDINGU Á RÚV KL. 20.


MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

SKÓLAHREYSTI ER Í BOÐI LANDSBANKANS

facebook.com/skolahreysti #skolahreysti

## Spá Fréttablaðsins

PEPSI DEILDIN 2015
Hefst 3. maí

| | |
|---|---|
| 1. SÆTI ? | 7. SÆTI ? |
| 2. SÆTI ? | 8. SÆTI ? |
| 3. SÆTI ? | 9. SÆTI ? |
| 4. SÆTI ? | 10. ÍA |
| 5. SÆTI ? | 11. ÍBV |
| 6. SÆTI ? | 12. Leiknir |

### ÍA HAFNAR Í 10. SÆTI

Skagamenn mæta aftur til leiks í Pepsi-deildinni eftir eins árs dvöl í 1. deildinni, staðráðnir í að gera betur en á skelfilegu tímabili 2013 er liðið varð langneðst. Gunnlaugur Jónsson, Skagamaður í húð og hár, þjálfar liðið sem er að mestu byggt upp á sömu mönnum og kom liðinu upp. ÍA er með sterka framherja og ríka hefð en vörn og markvarsla gæti reynst akkilesarhæll í sumar.

### → Lykilmaðurinn í sumar

Skagamenn þurfa mörk frá sínum sóknarmönnum og **Garðar Gunnlaugsson** minnti rækilega á sig í 1. deildinni í fyrra en hann skoraði nítján mörk í 21 deild. Hann er nú kominn með góða „tíu“ sér við hlið í Litháanum Asenij Buinecki sem gæti þjónustað Garðar duglega í sumar. Garðar er gulur í gegn, uppalinn og af mikilli Skagaætt sem kemur nýliðunum sjálfsagt til mikilla góða.



### → Binni bjartsýni

**Eigum okkar Yorke-Cole**
Fellur eitthvað lið með tvo mögulega tíu marka sóknarmenn? Við eigum íslensk-litháísku útgáfuna af Yorke og Cole í þeim Garðari og Arsenij.

### → Siggi svartsýni

**Ekki nóg að skora mörk**
Þetta gæti farið illa ef við teljum okkur vera betri en við höldum. Það dugir ekki alltaf að eiga markaskorara.

### → Nýju andlitin

**Marko Andelkovic** Viitorul
**Arsenij Buinickij** KA
**Ásgeir Marteinsson** Fram
**Marteinn Örn Halldórsson** Reynir Sandgerði

**Fylgstu með þessum**
**Arsenij Buinickij** kom frá KA þar sem hann skoraði ellefu mörk í 23 leikjum í fyrra. Virðist smellpassa í lið ÍA og sýndi lipra takta er hann skoraði þrennu í Lengjubikarnum á dögunum.

**EINKUNNASPJALDIÐ** VÖRNIN ★★☆☆☆ SÓKNIN ★★★☆☆ ÞJÁLFARINN ★★☆☆☆ BREIDDIN ★☆☆☆☆ LIÐSSTYRKURINN ★☆☆☆☆ HEFÐIN ★★★☆☆

**Gengið síðustu sex tímabil** | **2009** 9. sæti (B-deild) | **2010** 5. sæti (B) | **2011** 1. sæti (B) | **2012** 6. sæti | **2013** 12. sæti | **2014** 2. sæti (B) • **Íslandsmeistarar** 18 (síðast 2001) • **Bikarm.** 9 (síðast 2003)

# Yrði algjört æði að kveðja með titli

Úrslitaeinvígi Snæfells og Keflavíkur í Domino's-deild kvenna í körfubolta hefst á heimavelli ríkjandi meistara í Stykkishólmi í kvöld. Sara Rún Hinriksdóttir ætlar sér að kveðja Keflavík með Íslandsmeistaratitli en hún er á leið út í nám í Canisius-skólanum næsta vetur.

**KÖRFUBOLTI** Hin átján ára gamla Sara Rún Hinriksdóttir er í stóru hlutverki hjá kvennaliði Keflavíkur sem hefur ekki tapað í úrslitakeppninni í ár þegar liðið mætir í fyrsta leik lokaúrslitanna á móti deildarmeisturum Snæfells í kvöld. Leikirnir í lokaúrslitunum verða síðustu leikir Söru með Keflavíkurliðinu því hún er á leiðinni út í háskólanám í Bandaríkjunum næsta vetur.

„Við erum allar orðnar mjög spenntar enda erum við búnar að bíða í heila viku,“ segir Sara Rún en Keflavík vann 3-0 sigur á Haukum í undanúrslitunum. Keflavíkurkonur töpuðu fyrir Grindavík í bikarúrslitaleiknum og þær ætla sér að bæta fyrir það.

**Ætlum ekki að missa af þessum líka**

„Við ætlum ekki að missa að þessum líka. Við vorum mjög svekktar eftir hann en ætlum okkur að vinna þennan,“ segir Sara. Framundan eru síðustu leikir hennar með Keflavíkurliðinu í bili.

„Þetta er löngu ákveðið og ég er búin að stefna að þessu mjög lengi. Ég er mjög glöð með að þetta sé að ganga upp en ég er ekki alveg að átta mig á því að það sé svona stutt í þetta,“ segir Sara.

Keflavíkurliðið virðist vera að koma upp á réttum tíma. „Við spiluðum rosalega vel saman í vörn sem sókn á móti Haukunum. Vonandi heldur það áfram á móti Snæfelli,“ segir Sara sem skoraði 17,0 stig að meðaltali í seríunni og varð stigahæsti íslenski leikmaðurinn í undanúrslitunum. Hún vill ekki gera of mikið úr sínu hlutverki eða pressunni á liðinu.

„Það er mikið af góðum stelpum í Keflavíkurliðinu og það eru því margir lykilleikmenn sem gætu stigið fram í úrslitaleikjunum. Ábyrgðin er því að dreifast hjá okkur. Það er kannski engin sérstök pressa á okkur. Keflavík er samt Keflavík og það búast allir við titli. Ég held að pressan komi aðallega frá okkur sjálfum,“ segir Sara.

**Klárar á þremur árum**

Tvíburasystir Söru, Bríet, er einnig í Keflavíkurliðinu og þær hafa spilað saman með öllum liðum, bæði félagsliðum og landsliðum. Nú spila þær ekki saman næsta vetur.

„Hún er ekki að útskrifast alveg strax en ég er að útskrifast á þremur árum,“ segir Sara. Hún talar samt eins og þríburi því jafnaldri hennar og Bríetar, Sandra Lind Þrastardóttir, hefur einnig spilað við hlið hennar alla tíð. „Við erum þrjár bestu vinkonur og alveg límdar saman. Við vorum að átta okkur á því í fyrradag að þetta yrðu síðustu leikirnir okkar saman,“ segir Sara og viðurkennir að hafa þá sýnt tilfinningar.

Sara ætlar sér líka stóra hluti í náminu. „Ég er ekki búin að ákveða mig en ég ætla að ná mér í gott nám. Ég er að skoða læknisfræði en það er ekki orðið staðfest,“ segir Sara sem valdi Canisius úr góðum hópi skóla sem vildu fá hana. Hún fékk að fara í heimsókn til Buffalo og heillaðist strax.

**Tilbúnar í alvöru seríu**

Keflavík sló Snæfell út úr undanúrslitunum bikarsins og liðin unnu tvo leiki hvort í deildarkeppninni. „Þær eru mjög góðar á heimavelli og við höfum alveg fengið að finna fyrir því. Við unnum þær samt í fyrsta leiknum sem við spiluðum í Hólminum í vetur þannig að við vitum að það er hægt,“ segir Sara en hvað þarf helst að ganga upp?

„Það þarf eiginlega allt að ganga upp hjá okkur því Snæfellsliðið er með mjög góða leikmenn. Við þurfum kannski helst að stoppa þessi hraðaupphlaup hjá þeim. Við höfum bæði breidd og leikmenn í allar stöður. Við erum alveg tilbúnar í alvöru seríu,“ segir Sara Rún og bætir við að lokum: „Það yrði algjört æði að kveðja með Íslandsmeistaratitli.“

ooj@frettabladid.is



**EINBEITT** Sara Rún Hinriksdóttir í leik með Keflavíkurliðinu.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

SJÓÐHEITT Á SVALIRNAR
Kolagrill í garðinn, á pallinn eða í ferðalagið.



KOLAGRILL TILBÚIÐ Á 3 MÍNÚTUM
Verð frá kr. 34.000,-

- Tilbúið til matreiðslu eftir 3-4 mínútur
- Afkastamikið og öflugt
- Innbyggð vifta sem tryggir kolum súrefni
- Tvöfaldur veggur - kemur í veg fyrir að ytra byrði hitni
- Mjög góð hitastýring á kolum
- Má fara í uppþvottavél

FASTUS
Veit á vandaða lausn

Fastus ehf., - Opið mán - fös 8.30 - 17.00
Síðumúli 16 • 108 Reykjavík • Sími 580 3900 • www.fastus.is

## SPÁ FYRIR LOKAÚRSLIT DOMINOS-DEILDAR KVENNA 2015

**ÍVAR ÁSGRÍMSSON**
ÞJÁLFARI HAUKA
Snæfell **2-3** Keflavík
**Best** Sara Rún Hinriksdóttir, Keflavík

**SVERRIR ÞÓR SVERRISSON**
ÞJÁLFARI GRINDAVÍKUR
Snæfell **1-3** Keflavík
**Best** Carmen Tyson-Thomas, Keflavík

**ÁGÚST BJÖRGVINSSON**
ÞJÁLFARI VALS
Snæfell **3-2** Keflavík
**Best** Kristen McCarthy, Snæfelli

**PÁLÍNA GUNNLAUGSDÓTTIR**
LEIKMAÐUR GRINDAVÍKUR
Snæfell **2-3** Keflavík
**Best** Sara Rún Hinriksdóttir, Keflavík

**AUÐUR ÓLAFSDÓTTIR**
LEIKMAÐUR HAUKA
Snæfell **3-2** Keflavík
**Best** Kristen McCarthy, Snæfelli

HVER VERÐUR **ÍSLANDSMEISTARI** Í KVENNAKÖRFUNNI 2015?
**3 ATKVÆÐI** Keflavík
**2 ATKVÆÐI** Snæfell

HVER VERÐUR **BESTI LEIKMAÐUR** LOKAÚRSLITANNA 2015?
**2 ATKVÆÐI**
Sara Rún Hinriksdóttir Keflavík
Kristen McCarthy Snæfelli
**1 ATKVÆÐI**
Carmen Tyson-Thomas Keflavík

# Fleiri veðja á Keflavík

Fréttablaðið setti saman spáhóp fyrir lokaúrslitin.

**KÖRFUBOLTI** Það stefnir í spennandi úrslitaeinvígi milli Snæfells og Keflavíkur í Domino's-deild kvenna miðað við spána hjá fimm þjálfurum og leikmönnum sem þekkja vel til liðanna tveggja.

Snæfellskonur eiga titil að verja og geta orðið fyrsta liðið í átta ár (Haukar 2006-07) til að vinna Íslandsmeistaratitilinn tvö ár í röð. Keflavíkurkonur eru aftur á móti á eftir sextánda Íslandsmeistaratitli kvennaliðs félagsins.

Þrír af fimm úr hópi spáfólks Fréttablaðsins búast við sigri Keflavíkur og allir nema einn sjá úrslitaeinvígið fara alla leið í oddaleik í Stykkishólmi 3. maí næstkomandi.

Það vekur líka athygli að Keflvíkingurinn Sara Rún Hinriksdóttir fær fleiri atkvæði en hin bandaríska Carmen Tyson-Thomas sem mögulegur besti leikmaður úrslitanna hjá þeim sem spá Keflavík sigri en Kristen McCarthy fær bæði atkvæðin hjá þeim sem spá Snæfelli sigri.

Fyrsti leikurinn er í Stykkishólmi klukkan 19.15 í kvöld en leikur tvö er síðan í Keflavík á föstudagskvöldið og sá þriðji verður spilaður í Hólminum á mánudaginn.

- óój


SKORAÐU
HJÁ LANDSLIÐSMARKVERÐI
Á MIÐNÆTUROPNUN Í KRINGLUNNI
BJÖRGVIN PÁLL GÚSTAVSSON VERÐUR Í MARKI FRÁ KL. 21 - 22.
ÞEIR SEM SKORA FARA Í POTT SEM ÚR VERÐUR DREGIN ÁRITUÐ LANDSLIÐSTREYJA.
Sérfræðingar frá:
CW-X, NIKE, UNDER ARMOUR, DIDRIKSONS, ARENA, HUMMEL, CASALL, COMPRESSPORT OG SPIDERTECH
verða á staðnum í kvöld og veita góð ráð.
BJÖRGVIN PÁLL NOTAR spidertech Í LEIK OG STARFI.
20% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM VÖRUM - Í ALLAN DAG
Í ÖLLUM VERSLUNUM ÚTILÍFS
OPIÐ TIL MIÐNÆTTIS Í KRINGLUNNI
spidertech
ÚTILÍF
síðan 1974
GLÆSIBÆ
KRINGLUNNI
SMÁRALIND
utilif.is

# Val sópað í sumarfrí

Haukar í úrslit og ÍR komið yfir gegn Aftureldingu.

**HANDBOLTI** Deildarmeistarar Vals eru komnir í sumarfrí eftir enn eitt tapið gegn Haukum. Haukar unnu einvígið gegn Valsmönnum, 3-0, og eru komnir í úrslitaeinvígið í Olís-deild karla.

Það var frábær fyrri hálfleikur sem vann leikinn fyrir Hauka í gær. Þá lokaði Giedrius Morkunas markinu síðustu 15 mínútur hálfleiksins.

Valsmenn skoruðu ekki mark, hann varði 13 skot og var með 70 prósent markvörslu. Haukar náðu 11-1 kafla og dagskránni var lokið í Vodafone-höllinni.

Laskað lið Aftureldingar stóð sig ágætlega framan af gegn ÍR en Breiðhyltingar tóku svo fram úr og létu forskotið aldrei af hendi.

ÍR-ingar eru komnir í 2-1 í rimmunni og geta pantað sæti í úrslitaeinvígi með sigri í næsta leik á heimavelli sínum.

Björgvin Hólmgeirsson var frábær í sókninni hjá ÍR og Arnór Freyr Stefánsson lokaði markinu og það réð Afturelding ekki við. -hbg



**SÁTTUR** Patrekur Jóhannesson, þjálfari Hauka, var ánægður eftir að hafa sigrað sína gömlu lærisveina. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI






# ÚRSLIT

## OLÍSDEILD KARLA

### UNDANÚRSLIT, ÞRIÐJI LEIKUR

**VALUR - HAUKAR 22-29 (6-14)**

**Valur - Mörk (skot):** Geir Guðmundsson 7 (11), Kári Kristján Kristjánsson 5/1 (5/1), Bjartur Guðmundsson 4 (6), Elvar Friðriksson 4 (10), Alexander Örn Júlíusson 1 (3), Ómar Ingi Magnússon 1/1 (4/1), Orri Freyr Gíslason (1), Vignir Stefánsson (2), Atli Már Báruson (3), Finnur Ingi Stefánsson (4/1), Guðmundur Hólmar Helgason (5).

**Varin skot:** Hlynur Morthens 7 (28/1, 25%), Stephen Nielsen 2 (10, 20%).

**Hraðaupphlaup:** 7 (Geir 3, Kári, Bjartur 2, Elvar )

**Fiskuð víti:** 3 ( Kári Kristján 3).

**Utan vallar:** 10 mínútur.

**Haukar - Mörk (skot):** Árni Steinn Steinþórsson 5 (7), Janus Daði Smárason 5/1 (10/1), Adam Haukur Baumruk 4 (6), Jón Þorbjörn Jóhannsson 3 (3), Elías Már Halldórsson 3 (3), Einar Pétur Pétursson 3 (5), Þröstur Þráinsson 2 (2), Brynjólfur Snær Brynjólfsson 2 (3), Tjörvi Þorgeirsson 2 (6).

**Varin skot:** Giedrius Morkunas 21/1 (40/1, 53%), Grétar Ari Guðjónsson 2 (5/2, 40%).

**Hraðaupphlaup:** 4 (Árni, Janus, Elías Már 2).

**Fiskuð víti:** 1 ( Jón Þorbjörn).

**Utan vallar:** 6 mínútur.

*Haukar unnu einvígið, 3-0.*

**AFTURELDING - ÍR 28-34 (15-17)**

**Afturelding - Mörk (skot):** Pétur Júníusson 6 (8), Örn Ingi Bjarkason 5 (9/1), Árni Bragi Eyjólfsson 5 (10), Gunnar Þórsson 4/3 (4/3), Birkir Benediktsson 3 (5), Elvar Ásgeirsson 2 (5/1), Böðvar Páll Ásgeirsson 2 (6), Gestur Ólafur Ingvarsson 1 (1).

**Varin skot:** Davíð Hlíðdal Svansson 9 (32, 28%), Pálmar Pétursson 4 (14/2, 29%), Örn Ingi Bjarkason 1 (2, 50%).

**Hraðaupphlaup:** 6 (Pétur 2, Árni Bragi 3, Gunnar)

**Fiskuð víti:** 5 ( Örn Ingi 2, Árni, Gunnar, Ágúst )

**Utan vallar:** 6 mínútur.

**ÍR - Mörk (skot):** Björgvin Hólmgeirsson 8 (12), Bjarni Fritzson 6 (7), Sturla Ásgeirsson 6/2 (7/2), Davíð Georgsson 6 (8), Arnar Birkir Hálfdánsson 5 (12), Jón Heiðar Gunnarsson 3 (5), Brynjar Valgeir Steinarsson (1),

**Varin skot:** Arnór Freyr Stefánsson 20 (47/2, 43%), Svavar Már Ólafsson (1/1, 0%),

**Hraðaupphlaup:** 10 ( Bjarni 6, Sturla 2, Arnar, Jón)

**Fiskuð víti:** 2 (Björgvin, Jón Heiðar)

**Utan vallar:** 8 mínútur.

*Staðan í einvíginu er 2-1 fyrir ÍR.*

**NÆST LEIKUR**
**ÍR - Afturelding fim. kl. 16.00**

## MEISTARADEILD EVRÓPU

### 8-LIÐA ÚRSLIT, SÍÐARI LEIKUR

**BARCELONA - PSG 2-0**

1-0 Neymar (14.), 2-0 Neymar (34.)

*Barcelona vann samanlagt, 5-1.*

**BAYERN MÜNCHEN - PORTO 6-1**

1-0 Thiago Alcantara (14), 2-0 Jerome Boateng (22.), 3-0 Robert Lewandowski (27.), 4-0 Thomas Müller (36.), 5-0 Robert Lewandowski (40.), 5-1 Jackson Martinez (74.), 6-1 Xabi Alonso (88.)

*Bayern vann samanlagt, 7-4.*

### LEIKIR KVÖLDSINS

**18.45: Real Madrid - Atletico M. Sport HD**
**18.45: Monaco - Juventus Sport 3**



**FRÁBÆRIR** Bayern sló upp sýningu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

**visir.is**
Meira um leiki gærkvöldsins

# Aníta getur unnið í þriðja sinn í hundraðasta Víðavangshlaupi ÍR-inga á morgun

Sá kemur í mark í 719. sæti mun fá sérstök verðlaun sem hlaupari númer tíu þúsund frá upphafi.

**FRJÁLSAR** ÍR-ingar halda upp á mikil tímamót í miðbænum á morgun, sumardaginn fyrsta, þegar Víðavangshlaup ÍR fer fram í hundraðasta skiptið. Engin önnur íþróttakeppni hefur farið fram samfellt í svo langan tíma hér á landi en fyrsta hlaupið fór fram á sumardaginn fyrsta árið 1916 og síðan hefur ekki fallið úr hlaup.

Þetta tímamótahlaup verður líka algjört methlaup því aldrei hafa jafn margir verið skráðir til leiks í Víðavangshlaup ÍR og enn er tími til þess að skrá sig. Forskráning er á hlaup.is til miðnættis í kvöld en síðan verður skráning í Hörpunni frá kl. 9.30 til 11.00 á morgun, sjálfan hlaupadaginn. Hlaupaleiðin er ný en hún er 5 kílómetra löng og liggur um hjarta borgarinnar. Hlaupið er ræst í Tryggvagötunni og meðal annars er hlaupið upp Hverfisgötuna, niður Laugaveginn og umhverfis Tjörnina áleiðis í mark við Arnarhól.

Alls hefur 9.281 hlaupari tekið þátt í hlaupinu frá upphafi. Það eru allar líkur á því að tíuþúsundasti hlauparinn komi í mark á morgun. Hlaupari sem kemur í mark í 719. sæti mun fá sérstök verðlaun sem hlaupari númer 10.000 frá upphafi.

Hin frábæra hlaupakona Aníta Hinriksdóttir úr ÍR verður meðal keppenda í ár. Aníta sigraði í kvennaflokki árin 2012 og 2013 og á nú möguleik á að sigra í þriðja skipti þrátt fyrir að vera ung að árum. Líklegustu keppinautar Anítu í hlaupinu eru stöllur hennar úr ÍR, María Birkisdóttir og Andrea Kolbeinsdóttir.

Kári Steinn Karlsson úr ÍR, besti langhlaupari landsins, keppir ekki að þessu sinni í víðavangshlaupinu því hann mun keppa í maraþonhlaupi tveimur dögum síðar. Kári Steinn fær hins vegar það heiðurshlutverk í 100. Víðavangshlaupi ÍR að ræsa hlaupið kl. 12.00 á fimmtudag í Tryggvagötu.

Sigurstranglegustu hlaupararnir í karlaflokki eru Arnar Pétursson, ÍR, Sæmundur Ólafsson, ÍR, Þorbergur Ingi Jónsson, UFA, og Ingvar Hjartarson, Fjölni.

- óój




**FIMMTA Á EM** Aníta Hinriksdóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



**BREYTT LIÐ** Ásmundur mætir til leiks með nokkuð breytt lið. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Fylkir samdi við Króata

**FÓTBOLTI** Fylkir hefur gengið frá samningum við króatíska varnarmanninn Tonci Radovnikovic. Hann gerði samning út tímabilið eftir að hafa verið á reynslu hjá félaginu síðustu daga.

„Ég komst í samband við hann í gegn um Stanislav Vidakovic, sem lék hjá mér í Fjölni á sínum tíma og er nú orðinn umboðsmaður. Það var reyndar Marinko Skaricic, sem var einnig í Fjölni í sínum tíma, sem benti mér á Stanislav. Þetta er því orðin skemmtileg króatísk keðja,“ sagði Ásmundur Arnarsson, þjálfari Fylkis.

Hann segir að það hafi þurft að fylla í skarð Agnars Braga Magnússonar, sem neyddist til að leggja skóna á hilluna í vetur vegna meiðsla.

„Honum var ætlað að berjast um miðvarðastöðurnar ásamt Ásgeiri Eyþórssyni og Kristjáni Haukssyni. Við fengum því Tonci. Hann kom með okkur í æfingaferðina og okkur líst vel á það sem við höfum séð.“

Radovnikovic er 26 ára gamall og spilaði síðast með NK Solin sem féll úr króatísku B-deildinni í fyrra. Hann er eini nýi erlendi leikmaðurinn sem Fylkir hefur fengið á undirbúningstímabilinu en allir þrír útlendingarnir sem léku með liðinu í fyrra eru farnir – Andrew Sousa, Sadmir Zekovic og Ryan Maduro.

Fylkismenn voru nokkuð gagnrýndir fyrir þá erlendu leikmenn sem þeir fengu í fyrra en einn þeirra sem gagnrýndi það var Ásgeir Börkur Ásgeirsson, sem er nú kominn aftur heim í Árbæinn eftir dvöl í Svíþjóð.

„Við reynum alltaf að vanda okkur eins og hægt er í þessum efnum. Einn af þremur erlendum leikmönnum okkar nýttist okkur í fyrra og það er okkur víti til varnaðar,“ segir Ásmundur.

„Annars snýst þetta að mínu mati um að búa til gott fótboltalið, hvort sem það er með útlendingum eða íslenskum leikmönnum. Við höfum yfirleitt verið það lið sem er með hvað flesta uppalda leikmenn og lægsta meðalaldurinn. Samt hefur verið þessi umræða um útlendinga hjá okkur sem mér finnst skrýtin.“

- esá



# DAGSKRÁ



**Stöð 2 | 19:40**
**KARLSVAKA**
Stórtónleikar samferðamanna og aðdáenda Karls J. Sighvatssonar sem lést langt um aldur fram. Gunnar Þórðarson og félagar úr hljómsveitinni Trúbrot flytja lag tileinkað Karli, félagar úr Flowers rifja upp gamla takta og fleiri frábærir listamenn koma fram honum til heiðurs.


FJÖLBREYTT
**MIÐVIKUDAGSKVÖLD!**
Fáðu þér áskrift á **365.is**
365


**Stöð 2 | 21:15**
**GREY'S ANATOMY**
Vinsælir dramaþættir sem fjalla um flókið einkalíf læknanna á Grey-Sloan spítalanum í Seattle-borg.



**Stöð 2 | 22:00**
**BONES**
Stórskemmtilegir þættir þar sem fylgst er með störfum Dr. Temperance Brennan, réttarmeinafræðings.



**Stöð 3 | 20:55**
**THE ARROW**
Bráðskemmtilegur þáttur um ungan milljónamæring og glaumgosa sem snýr aftur eftir að hafa verið strandaglópur á eyðieyju í fimm ár.



**Bíóstöðin | 22:00**
**THE HANGOVER 3**
Skemmtileg gamanmynd með Bradley Cooper, Zach Galifianakis og Ed Helms í aðalhlutverkum.



**Gullstöðin | 20:15**
**COLD CASE**
Magnþrunginn myndaflokkur um lögreglukonuna Lilly Rush sem starfar við morðdeildina við að leysa úr gömlum rykföllnum sakamálum.



**Krakkastöðin | 19:00**
**LUKKU LÁKI**
Skemmtileg teiknimynd um kúrekann Lukku Láka sem ferðast um villta vestrið og heldur uppi friði.




**Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 310 kr. á dag.**
Nánari upplýsingar á **365.is**


## STÖÐ 2

**07.00** **Barnatími Stöðvar 2**
**07.45** **Big Time Rush**
**08.05** **The Middle**
**08.30** **Mindy Project**
**08.50** **Don't Trust the B*** in Apt 23**
**09.15** **Bold and the Beautiful**
**09.35** **Doctors**
**11.00** **Spurningabomban**
**11.50** **Grey's Anatomy**
**12.35** **Nágrannar**
**13.00** **Dallas**
**13.50** **The Kennedys**
**14.35** **The Great Escape**
**15.20** **The Lying Game**
**16.05** **The Goldbergs**
**16.30** **Big Time Rush**
**16.55** **A to Z**
**17.20** **Bold and the Beautiful**
**17.40** **Nágrannar**
**18.05** **Simpson-fjölskyldan**
**18.30** **Fréttir Stöðvar 2**
**18.47** **Íþróttir**
**18.55** **Ísland í dag**
**19.35** **Víkingalottó**
**19.40** **Karlsvaka** Stórtónleikar samferðamanna og aðdáenda Karls J. Sighvatssonar sem lést langt um aldur fram 1991.
**21.15** **Grey's Anatomy**
**22.00** **Bones**
**22.45** **Girls**
**23.15** **Real Time with Bill Maher**
**00.15** **The Mentalist**
**01.00** **The Following**
**02.30** **The Fighter**
**04.20** **Grey's Anatomy**
**05.05** **The Middle**
**05.30** **Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**07:00** **Meistaradeildin -** Meistaramörk
**09:30** **Spænski boltinn 14/15** *(Barcelona - Valencia)*
**11:10** **FA Cup 2014/2015** *(Reading - Arsenal)*
**13:40** **Ensku bikarmörkin 2015**
**14:10** **Þýsku mörkin**
**14:40** **UEFA Champions League 2014** *(Bayern München - Porto)*
**16:20** **UEFA Champions League 2014** *(Barcelona - PSG)*
**18:00** **Meistaradeildin -** Meistaramörk
**18:30** **UEFA Champions League 2014** *(Real Madrid - Atletico Madrid)*
**20:45** **Meistaradeildin -** Meistaramörk
**21:15** **UEFA Champions League 2014** *(Mónakó - Juventus)*
**23:05** **Þýski handboltinn 2014/15** *(Kiel - Göppingen)*
**00:25** **UEFA Champions League 2014** *(Real Madrid - Atletico Madrid)*
**02:15** **Meistaradeildin -** Meistaramörk

## SPORT 2 *enski boltinn*

**11.20** **Leicester - Swansea**
**13.00** **Premier League Review**
**13.55** **Football League Show**
**14.25** **Everton - Burnley**
**16.05** **Chelsea - Man. Utd.**
**17.55** **Messan**
**19.05** **Man. City - West Ham**
**20.50** **Premier League World 2014**
**21.20** **Newcastle - Tottenham**
**23.00** **Crystal Palace - WBA**

## Golfstöðin

**08.00** **PGA Tour 2015**
**13.00** **Golfing World 2015**
**13.50** **PGA Tour 2015**
**18.50** **Golfing World 2015**
**19.40** **PGA Tour 2015**

## ÍNN

**20.00** Björn Bjarnason **20.30** Tölvur og tækni **21.00** ABC barnahjálp **21.30** Frá Haga í maga

## STÖÐ 3

**18.15** **Last Man Standing**
**18.40** **Hot in Cleveland**
**19.00** **Hart of Dixie**
**19.45** **Baby Daddy**
**20.10** **Flash**
**20.55** **Arrow**
**21.35** **The 100**
**22.20** **Supernatural**
**23.00** **Hart of Dixie**
**23.45** **Baby Daddy**
**00.05** **Flash**
**00.45** **Arrow**
**01.30** **The 100**
**02.10** **Tónlistarmyndbönd frá Bravó .**

## Krakkastöðin

**07.00** Áfram Diego, áfram! **07.24** Svampur Sveins **07.45** Elías **07.55** UKI **08.00** Kalli á þakinu **08.22** Ljóti andarunginn og ég **08.47** Víkingurinn Vic **09.00** Strumparnir **09.25** Ævintýri Tinna **09.47** Latibær **10.00** Könnuðurinn Dóra **10.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **10.45** Doddi litli og Eyrnastór **10.55** Sumardalsmyllan **11.00** Áfram Diego, áfram! **11.24** Svampur Sveins **11.45** Elías **11.55** UKI **12.00** Kalli á þakinu **12.22** Ljóti andarunginn og ég **12.47** Víkingurinn Vic **13.00** Strumparnir **13.25** Ævintýri Tinna **13.50** Latibær **14.00** Könnuðurinn Dóra **14.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **14.45** Doddi litli og Eyrnastór **14.55** Sumardalsmyllan **15.00** Áfram Diego, áfram! **15.24** Svampur Sveins **15.45** Elías **15.55** UKI **16.00** Kalli á þakinu **16.22** Ljóti andarunginn og ég **16.47** Víkingurinn Vic **17.00** Strumparnir **17.25** Ævintýri Tinna **17.50** Latibær **18.00** Könnuðurinn Dóra **18.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **18.45** Doddi litli og Eyrnastór **18.55** Sumardalsmyllan **19.00** Lukku-Láki

## GULLSTÖÐIN

**17.15** **Friends**
**17.40** **The New Girl**
**18.05** **Modern Family**
**18.25** **The Big Bang Theory**
**18.50** **Heimsókn**
**19.10** **Geggjaðar græjur**
**19.30** **Chuck**
**20.15** **Cold Case**
**21.00** **Broadchurch**
**21.50** **1600 Penn**
**22.15** **Ally McBeal**
**23.00** **Heimsókn**
**23.20** **Geggjaðar græjur**
**23.40** **Chuck**
**00.20** **Cold Case**
**01.00** **Broadchurch**
**01.50** **1600 Penn**
**02.15** **Tónlistarmyndbönd frá Bravó**

## BÍÓSTÖÐIN

**11.20** **Diary of a Wimpy Kid: Dog Days**
**12.55** **Presumed Innocent**
**15.00** **The Year of Getting to Know You**
**16.40** **Diary of a Wimpy Kid: Dog Days**
**18.15** **Presumed Innocent**
**20.20** **The Year of Getting to Know You**
**22.00** **The Hangover 3** Gamanmynd frá 2013 með Bradley Cooper, Zach Galifianakis og Ed Helms í aðalhlutverkum. Þetta er þriðja myndin um hið óborganlega Úlfagengi. Núna þurfa félagarnir að standa saman þegar einum úr hópnum er rænt.
**23.40** **Blue Valentine** Afar óvenjuleg en rómantísk mynd með Ryan Gosling og Michelle Williams um hjónakornin Dean og Cindy, samband þeirra og sögu.
**01.30** **Baby on Board**
**03.05** **The Hangover 3**

## RÚV

**16.30** **Blómabarnið**
**17.20** **Disneystundin**
**17.21** **Gló magnaða**
**17.43** **Sígildar teiknimyndir**
**17.50** **Fínni kostur**
**18.10** **Táknmálsfréttir**
**18.20** **Heilabrot** Heilinn er undarlegt fyrirbæri. Hægt er að hafa áhrif á hann og hegðun fólks með mismunandi hætti. Sjónhverfingarmanninum og dáleiðandanum Jan Hellesøe er fylgt eftir í þessum fróðlegu dönsku þáttum.
**18.54** **Víkingalottó**
**19.00** **Fréttir**
**19.25** **Íþróttir**
**19.30** **Veðurfréttir**
**19.35** **Kastljós**
**20.00** **Skólahreysti 2015** Bein útsending frá úrslitakeppni í Skólahreysti 2015.
**21.35** **Kiljan**
**22.00** **Tíufréttir**
**22.15** **Veðurfréttir**
**22.20** **Ekkert grín** Kanadísk heimildarmynd sem fjallar um tjáningarfrelsið í skugga árása og hótana í garð skopmyndateiknara víða um heim. Rætt er við teiknara frá Ísrael, Palestínu, Þýskalandi, Túnis, Frakklandi og víðar og þeir spurðir álits um stöðu tjáningarfrelsisins í heiminum í dag.
**23.15** **Horfinn**
**00.15** **Lærdómsríkt samband**
**01.50** **Kastljós**
**02.10** **Fréttir**
**02.25** **Dagskrárlok**

## SKJÁREINN

**06.00** **Pepsi MAX tónlist**
**08.00** **Everybody Loves Raymond**
**08.22** **Dr. Phil**
**09.06** **The Talk**
**09.45** **Pepsi MAX tónlist**
**14.35** **Cheers**
**15.00** **Jane the Virgin**
**15.40** **Parenthood**
**16.20** **Minute to Win It**
**17.05** **Royal Pains**
**17.50** **Dr. Phil**
**18.30** **The Tonight Show**
**19.10** **The Talk**
**19.50** **The Millers**
**20.10** **The Odd Couple** Glæný gamanþáttaröð sem slegið hefur í gegn í bandarísku sjónvarpi. Matthew Perry úr Vinum leikur annað aðalhlutverkanna en þættirnir fjalla um tvo fráskilda menn sem verða meðleigjendur þrátt fyrir að vera algerar andstæður.
**20.35** **Benched**
**21.00** **Madam Secretary** Téa Leoni leikur Elizabeth McCord, fyrrverandi starfsmann leyniögreglunnar og háskólaprófessor, sem verður óvænt og fyrirvaralaust skipuð utanríkisráðherra Bandaríkjanna.
**21.45** **Blue Bloods**
**22.30** **Inside Men**
**23.15** **Scandal** Fjórða þáttaröðin af Scandal er byrjuð með Olivia Pope í fararbroddi. Scandal – þáttaröðin er byggðar á starfi hinnar bandarísku Judy Smith, almannatengslaráðgjafa, sem starfaði meðal annars fyrir Monicu Lewinsky en hún leggur allt í sölurnar til að vernda og fegra ímynd hástéttarinnar í Washington. Vandaðir þættir um spillingu og yfirhylmingu á æðstu stöðum.
**00.00** **American Crime**
**00.45** **Madam Secretary**
**01.30** **Blue Bloods**
**02.15** **Inside Men**
**03.05** **Pepsi MAX tónlist**

## HRINGBRAUT

**10.00** Fólk með Sirrý **11.00** Atvinnulífið **11.30** Neytendavaktin **12.00** Fólk með Sirrý **13.00** Atvinnulífið **13.30** Neytendavaktin **16.00** Fólk með Sirrý **17.00** Atvinnulífið **17.30** Neytendavaktin **18.00** Fólk með Sirrý **19.00** Atvinnulífið **19.30** Neytendavaktin **20.00** Mannamál **20.45** Heimsljós **21.15** 433.is **21.45** Eðaltónar **22.00** Mannamál **22.45** Heimsljós **23.15** 433.is **23.45** Eðaltónar

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin




**Höfundur:** Roland Schimmelpfennig

**Leikstjórn:** Vignir Rafn Valþórsson

# FRUMSÝNING Í KVÖLD!

## URRANDI FERSK ÁDEILA FRÁ EINU MERKASTA OG UMTALAÐASTA LEIKSKÁLDI EVRÓPU!

Mið 22/4 kl.20 UPPSELT
Fim 23/4 kl.20 UPPSELT
Sun 26/4 kl.20 UPPSELT
Fim 30/4 kl.20 UPPSELT
Sun 3/5 kl.20 UPPSELT
Fim 7/5 kl.20 UPPSELT
Lau 9/5 kl.20
Sun 10/5 kl.20
Sun 17/5 kl.20
Fim 21/5 kl.20

**MIÐASALA | 568 8000 | BORGARLEIKHUS.IS**

Borgarleikhúsið

## BESTI SKYNDIBITINN



**„Ég verð að segja Núðluskálin á Skólavörðustíg. Þau ná svo góðu bragði af matnum sem aðrir staðir ná ekki og er ágætlega hollt.“**

Anna Tara Andrésdóttir, þáttastjórnandi Kynlegra kvista, meðlimur Reykjavíkurdætra og Hljómsveittrar.

# Allir hafa gott af klappi á bakið annað slagið

### Baltasar Kormákur var valinn kvikmyndagerðarmaður ársins á alþjóðlegri uppskeruhátíð kvikmyndahúsa.

„Það er alltaf gott að fá klapp á bakið, hvort sem það er svona eða þegar mamma klappar,“ segir Baltasar Kormákur, glaðbeittur og nýkrýndur kvikmyndagerðarmaður ársins af CinemaCon, alþjóðlegri uppskeruhátíð kvikmyndahúsa. Tók Baltasar við verðlaununum í gær, í félagsskap Lilju Pálmadóttur, eiginkonu sinnar.

Segist hann hafa orðið verulega hissa þegar í ljós kom að hann var tilnefndur og ekki dró úr því þegar hann svo fékk skilaboð þess efnis að hann hefði sigrað og flogið var með hann út.

„Þetta er fyrst og fremst mikill heiður fyrir mig. Enda um stórt batterí að ræða,“ útskýrir Baltasar.

„Ég hef lítið verið að lenda í að einhverjar dyr standi mér ekki opnar, án þess að ætla að grobba mig. En það er alltaf erfitt að segja til um hvað gerist í kjölfar verðlauna á borð við þessi,“ segir Baltasar þegar hann er inntur eftir vægi verðlaunanna. Tekur dæmi um sigurvegara Óskarsverðlaunanna máli sínu til rökstuðnings. „Stundum verður bara ekkert meira úr því, en ég er samt ekki að bera þetta saman,“ skýtur hann að og skellir upp úr.

Segist hann ekki hafa verið illa haldinn af stressi er kom að þakkarræðunni. „Ég undirbý mig aldrei fyrir ræður. En það kemur vissulega fyrir að ég verði lítill í mér, rétt eins og aðrir.“

- ga



**SAMRÝND** Yfir sig sæl með verðlaunagripinn að lokinni afhendingunni. FRÉTTABLAÐIÐ/NORDICPHOTOS








TIMEOUT

Hægindastóll með skemli
Fáanlegur í mörgum útfærslum og litum.

Svart leður og hnota með skemli.
Fullt verð: 379.980 kr.

Tilboðsverð **299.990** kr.

Betra BAK

betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Faxafeni 5, Reykjavík, Sími 588 8477
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga frá kl. 11-16
Dalsbraut 1, Akureyri, Sími: 558 1100 • Skeiði 1, Ísafirði, Sími 456 4566


# Árni & Kinsky leikstýra myndbandinu

### Mikil leynd og viðhöfn fylgir nýju myndbandi Of Monsters and Men. Starfsmenn fengu ekki að vita hvernig sviðsmyndin átti að birtast í myndbandinu. Kynstrum af möl var mokað inn í myndver Saga Film við Laugaveg.

Mikil viðhöfn var þegar myndbandið við lagið Crystals með hljómsveitinni Of Monsters and Men var tekið upp um helgina hér á landi. Mikil leynd hefur hvílt yfir því hvernig tökum var háttað og sagðist fjöldi fólks sem kom að tökunum ekki geta tjáð sig um málið. Á Instagram-síðu sveitarinnar var birt mynd af orðsendingu til þeirra sem störfuðu við gerð myndbandsins og þeir beðnir að deila ekki myndum af tökustað.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins var stærstur hluti myndbandsins tekinn upp í upptökuveri Saga Film við Laugaveg. Þar var komið upp sviðsmynd sem leit út eins og eins konar gangverk sem hljómsveitin lék innan í. Starfsmenn sem unnu að gerð myndbandsins fengu ekki að vita hvernig sviðsmyndin átti að birtast í myndbandinu sjálfu, né hvert heildarkonsept myndbandsins væri.

Heimildir Fréttablaðsins herma einnig að mikil möl hafi verið notuð við gerð myndbandsins og hafi lítil grafa verið notuð til þess að flytja mölina inn í myndverið.

Tvíeykið Árni & Kinsky sér um leikstjórn myndbandsins. Árni og Kinsky eru þeir Stefán Árni Þorgeirsson og Sigurður Kjartansson, fyrrverandi meðlimir hljómsveitarinnar Gus Gus. Þeir hafa leikstýrt myndböndum ensku sveitanna Placebo, The Editors og Florence and the Machine. Þeir hafa einnig leikstýrt fjölda myndbanda fyrir Sigur Rós og gerðu nýjasta myndband írska söngvarans Damiens Rice. Auk leikstjóranna tveggja hafði fyrirtækið True North aðkomu að gerð myndbandsins. Stílistinn Hrafnhildur Hólmgeirsdóttir vann einnig við gerð þess. Hrafnhildur hefur mikla reynslu af stíliseringu og starfar í tískugeiranum, fyrir fyrirtækið JÖR. Auk þess var nokkur fjöldi bandarískra starfsmanna staddur hér á landi í tengslum við upptökurnar. Þegar mest var mátti telja um fjörutíu manns í myndverinu og ljóst að lítið var til sparað við gerð myndbandsins, enda Of Monsters and Men heimsþekkt hljómsveit sem nýtur mikilla vinsælda víða.

kjartanatli@365.is



**VINSÆL VÍÐS VEGAR UM HEIM** Of Monsters and Men nýtur mikilla vinsælda víða. Hér má sjá sveitina á sviði í Ástralíu.

➜ Tvíeykið Árni & Kinsky sér um leikstjórn myndbandsins. Árni og Kinsky eru þeir Stefán Árni Þorgeirsson og Sigurður Kjartansson, fyrrverandi meðlimir Gus Gus.

# Al Capone-hátíð hjá Dómkirkjunni

### Íslenskir leikarar eru í stórum hlutverkum í nýjum erlendum sjónvarpsþætti.

Tökur á nýjum erlendum sjónvarpsþætti eru í fullum gangi á höfuðborgarsvæðinu. Á mánudagskvöld var Melaskóli lagður undir senu, þar sem fundað var um stóra bæjarhátíð, en hátíðin verður tekin upp á sumardaginn fyrsta.

Í senunni eru þau Katla Þorgeirsdóttir, Þorsteinn Guðmundsson og Sveinn Geirsson, sem fer með hlutverk bæjarstjórans, ásamt aukaleikurum. Þemað á bæjarhátíðinni verður Al Capone og verður atriðið tekið upp hjá Dómkirkjunni á fimmtudaginn. Íslensku leikararnir eru í nokkuð stórum hlutverkum í þáttunum og mun Ísland leika stórt hlutverk í þeim.

„Við reiknum með að taka viku í tökurnar. Þetta er rosalega flott, flottur hópur og þeir Fred Armisen, Bill Hader og Seth Meyers flottir grínistar,“ segir Hannes Þór Arason, framleiðandi hjá ZikZak. Hannes segist ekki óttast að veðrið á sumardaginn fyrsta muni skemma fyrir.

„Við stjórnum ekki veðrinu, því miður, við tökum bara því sem kemur.“

- asi




**MELASKÓLI** Tækjabíll frá Kukli var fyrir utan Melaskóla á mánudagskvöld, þar sem tökur fóru meðal annars fram. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR.

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson svanur@365.is **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason gustaf@365.is, Hjalti Egilsson hjalti@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@365.is, Sigfús Örn Einarsson sigfus@365.is, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir svansi@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Gunnhildur Geira Dan Þorláksdóttir geira@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Jónatan Atli Sveinsson jonatan@365.is, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

*Boltinn er í þínum*

# HÖNDUM

**Nýttu þér frábært tilboð á Domino's í apríl, þú gætir unnið ferð fyrir tvo á Evrópumótið í körfubolta.**

FERÐ FYRIR TVO Á

## EVRÓPUMÓTIÐ Í BERLÍN

Heppinn viðskiptavinur vinnur **ferð fyrir tvo á Evrópumótið í körfubolta** í september þar sem Ísland verður í eldlínunni. Innifalið er flug, gisting og miðar á mótið fyrir tvo.

KKÍ

## KÖRFU TILBOÐ

STÓR PIZZA AF MATSEÐLI, 2 LÍTRA GOS OG GOTT AÐ EIGIN VALI Á AÐEINS

**2.999 KR.**

*Ef þú sækir.*



# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 **VÍSIR**

**RITSTJÓRN** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 800 1177



LÆGRA VERÐ STUNDVÍSI LOFORÐ WOW BREIÐASTA BROSIÐ NÝRRI VÉLAR


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Góðvild á netinu

**Jóhanna Kristjónsdóttir,** hinn ástsæli rithöfundur, einbeitir sér að því að ná fyrri styrk eftir glímu við krabbamein. Hún nýtur alúðar náungans og fær reglulega sendar gjafir frá Facebook-vinum sínum. „En hvað Fb-vinir og krakkarnir mínir eru hugulsamir og hugsunarsamir. Senda mér fallegar húfur og slæður, bók um slæðuhnýtingar, verndargripi, skrautlega sokka, sápur og hollustudrykki að ógleymdri myndabók Emblu og öll fallegu orðin ykkar. Bera í mig mat og keyra mig út og suður. Alúðarþakkir.“ **- kbg**



### President Bongó fjarri góðu gamni

Brotthvarf **Stefáns Stephensen**, eða Presidents Bongó eins og hann kallast iðulega, úr GusGus fær enn frekari byr undir báða vængi á fésbókarsíðu hópsins. Er nafn kappans hvergi sjáanlegt þegar meðlimir bandsins, Daníel Ágúst Haraldsson, Birgir Þórarinsson og Högni Egilsson, eru taldir upp. Ekkert hefur fengist staðfest í þessum efnum, en ætla má að fésbókarsíða hljómsveitarinnar tali sínu máli í þetta skiptið. Hefur Stefán verið meðlimur GusGus frá stofnun sveitarinnar, sem hóf ferilinn árið 1995 og fagnar því tvítugsafmælinu í ár. **- ga**



## Mest lesið VÍSIR

1. Hefur stefnt bardagamanni og Mjölni eftir steggjun
2. Meint handrukkun: Hótuðu að dreifa ósönnum sögum um kynferðisbrot ef hann greiddi ekki milljón
3. Unglingsmæður á Íslandi: „Í meirihluta tilfella tekst ekki vel til“
4. Gott að sjá drenginn heilan á húfi
5. Skipstjórinn handtekinn og sakaður um morð
6. Kurr í heimi óperusöngvara: Ráðning nýs óperustjóra veldur hneykslan








KATRÍNARTÚN 12 | WOWAIR.IS | WOWAIR@WOWAIR.IS

Verð miðast við flug aðra leið með sköttum, 999 kr. bókunar- og töskugjald ekki innifalið.